

LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS
FJÖLRIT NR. 7

**LOKASKÝRSLA UM RANNSÓKNIR Á
ÓSHÓLMASVÆÐI EYJAFJARÐARÁR
1974 OG 1975**

Rannsóknir þessar voru unnar fyrir Vegagerð ríkisins skv. samningum
1974 og 1975

Arnbjörn Garðarsson
Agnar Ingólfsson
Jón Eldon

Reykjavík 1976

Lokaskýrsla um rannsóknir á óshólmavæði Eyjafjarðarár
1974 og 1975.

Arnpór Garðarsson, Agnar Ingólfsson, Jón Eldon.

Líffræðistofnun Háskólans, Reykjavík.

Efni:

1. hluti: Samanteknar niðurstöður og lokaálit um umhverfis-
áhrif svonefnds leiruvegar.
2. hluti: Vistfræðilegar rannsóknir á leirum og óshólmum
Eyjafjarðarár og nærliggjandi svæðum 1974.
3. hluti: Könnun á fuglalífi Eyjafjarðar vorið 1975

1. hluti

Samanteknar niðurstöður og lokaálit um umhverfisáhrif svonefnds leiruvegar.

1. Inngangur

Rannsóknir fóru fram á óshólmavæði Eyjafjarðarár og leirum við botn Eyjafjarðar í apríl-september 1974 og apríl-júní 1975. Sérstaklega var kannað fuglalífi (bæði árin) og smádýralíf í leirum og mýrum (1974). Samanburðarathuganir voru gerðar á óshólmavæðum Hörgár, Svarfaðardalsár og Fnjóskár, og auk þess á fjörum viðs vegar í Eyjafirði.

Rannsóknirnar voru unnar að tilhlutan Náttúruverndarráðs. Voru þær framkvæmdar af Líffræðistofnun Háskólangs samkvæmt samningum við Vegagerð ríkisins sem kostaði rannsóknirnar.

Framkvæmd rannsóknanna annaðist að mestu Jón Eldon undir umsjón Arnþórs Garðarssonar (1974 og 1975) og Agnars Ingólfssonar (1974), en þeir síðarnefndu tóku þó einnig þátt í sjálfum rannsóknunum, einkum í byrjun.

Í þessum hluta verður gerð stuttlega grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknanna og sett fram lokaálit um líkleg umhverfisáhrif.

2. Helstu niðurstöður

Greinargerðir um aðferðir og niðurstöður rannsóknanna er að finna í 2. og 3. hluta. Hér verður aðeins getið um helstu niðurstöður.

2.1. Leirur

Leirur á Eyjafjarðarsvæðinu voru yfirleitt fremur grófkorn-óttar, og voru viðast hvar meir en 50% korna yfir 0.30 mm í þvermál. Ferskvatnsáhrifa gætti nokkuð og sennilega mest á leiru Eyjafjarðarár. Lífrænar leifar á leirum Fnjóskár og Eyjafjarðarár voru aðallega upprunnar af landi (mest mosi). Dýralíf var mjög svipað í könnuðum leirum og jókst það eftir því sem dró úr ferskvatnsáhrifum.

Í leiru Eyjafjarðarár fundust að meðaltali 326 dýr ($2.4 \text{ g} \text{ m}^{-2}$), en 166 þeirra voru smávaxnir ánar (Oligochaeta) sem höfðu bleitt ótta útbreiðslu einkum ofantil í leirunni. Ríkjandi

tegundir voru skerinn Nereis diversicolor (71 m^{-2}) og marflær Pseudalibrotus littoralis (26 m^{-2}) og Gammarus zaddachi (36 m^{-2}). Neðan til í leirunni var auk þess nokkuð af Pygospio elegans. Öll dýr höfðu blettótta útbreiðslu og stórir flákar voru svotil líflausir. Vesturhluti leirunnar var lífmestur, en þessum hluta hefur þegar verið mjög mikið raskað með vegi og flugbraut.

Í Laufásleiru voru að meðaltali 85 dýr m^{-2} (Nereis diversicolor) og Pygospio elegans ríkjandi). Í Siglufjarðarleiru voru 445 dýr m^{-2} þar af 380 Oligochaeta, 30 Pygospio elegans og 15 Gammarus zaddachi. Í Gáseyrarleiru fundust engin dýr.

Miðað við leirur á Suðvesturlandi eru þessar leirur mjög lífsnauðar. Virðist fremur vafasamt að þær geti sér stórum vaðfuglahópum fyrir fæðu nema í stuttan tíma í senn.

2.2. Grýttar fjörur

Mestur hluti strandlengjunnar í Eyjafirði eru brattar og grýttar fjörur. Gróður og dýralíf þeirra er allbreyttilegt (sbr. 2. hluta, töflu 9). Níu staðir voru rannsakaðir. Þangtegundin Fucus distichus (skúfafang) er víðast áberandi og Ascophyllum nodosum (klópfang) er einnig ríkjandi á skjólsælum stöðum, en Fucus vesiculosus (bólupfang) þar sem brimasemi var meiri. Ef Oligochaeta eru frádregnar var meðalfjöldi dýra 167 (62-332) m^{-2} og meðalþyngd 15.7 g (3-33) m^{-2} í grýttum fjörum. Mest var af marflóm (Gammarus spp.), klettadoppu (Littorina saxatilis) og kræklingi (Mytilus edulis).

Í samanburði við leirur í Eyjafirði eru grýttar fjörur yfirleitt auðugri, bæði að tegundum og magni. Hins vegar eru fjörur þessar bæði stuttar og brattar og dýralíf aðallega neðarlega í þeim. Þær virðast því fremur léleg fæðusvæði fyrir vaðfugla. Almennt hæfa grjótfjörur aðeins sérhæfðum vaðfuglategundum (sendlingur) og einstaka öðrum (stelkur).

2.3. Mýrar

Mýrar við Eyjafjarðará eru yfirleitt flæðimýrar og gulstör (Carex lyngbyei) er ríkjandi. Tjarnastör (Carex rostrata) er þó viða í flákum og vetrarkvíðastör (Carex chordorrhiza) á smáblettum í óshólmum Eyjafjarðarár. Í tjörnum og skurðum er viða mikið af nykruum (Potamogeton spp.) og fergin (Equisetum fluviatile). Í sverði og rótarlagi gulstararmýrar við Akur-

eyri voru um 1996 dýr m^{-2} 6. apríl 1974 en 773 á sama stað 23. maí. Munurinn stafaði af fækkun rykmýslirfa (Chironomus sp.) sem sennilega klöktust á tímabilinu. Chironomus lirfur voru ríkjandi á þessum stað í apríl ($1396 m^{-2}$) en í maí voru aðeins $127 m^{-2}$ eftir. Önnur algeng dýr voru aðrar rykmýslirfur, skortítur (Salda sp.) og vatnabobbar (Lymnaea peregra). Dýralíf í vetrarkvíðastör var svipað, 2878 dýr m^{-2} í apríl, þar af 2747 Chironomus. Í tjarnastör fundust 2579 dýr m^{-2} í apríl en af þeim voru 2304 Oligochaeta og aðeins 4 Chironomus. Dýralíf í mýrum reyndist vera fjölbreyttara en í fjörum Eyjafjörði. Einstaklingsfjöldi var viðast hvar mun meiri en í fjörum, enda þótt lífþyngd væri sennilega minni. Sem fæðusvæði ýmissa vaðfugla eru mýrarnar eflaust betri en fjörur, virðist líklegt að lirfur rykmýs og vorflugna svo og vatnabobbar séu þýðingarmikil fæða stelks og jaðrakans á svæðinu á vorin. Gera má ráð fyrir að fullorðin skordýr æyfirborði, sem ekki voru talin, séu hins vegar aðalfæða þessara fugla, einkum unganna, þegar líður á sumarið. Rykmýslirfur og önnur smádýr eru einnig mikilsverð fæða ýmissa andfugla, en þær tegundir andfugla sem mest er af í Eyjafjörði lifa þó að miklu leyti á jurtafæðu.

2.4. Fuglaathuganir

Óshólmarsvæðin við Eyjafjörð eru mikilvægar varpstöðvar andfugla, vaðfugla og smámáfa. Algengar tegundir eru m.a. rauðhöfðaönd, stokkond, grágæs, stelkur, hettumáfur og kria. Nokkuð er um varpfugla sem eru sjaldgæfir hérlendis (stormmáfur) eða neðanlands (tjaldur, jaðrakan). Óshólmarnir hafa enn fremur nokkuð gildi sem viðkomustaðir andfugla og vaðfugla. Þessi svæði, einkum óshólmars Eyjafjarðarár og Friðland Svarfdæla, en einnig Skipalón og óshólmars Fnjóskár teljast öll til votlenda sem æskilegt er að vernda (sbr. Votlendiðsskrá 1975) m.a. vegna þess að þar eru aðalvarpstöðvar stormmáfs hér á landi og þau eru þýðingarmikil fyrir stofn rauðhöfðaandar og fleiri votlendisfugla. Gróðurfar er enn fremur sérkennilegt sums staðar á þessum svæðum. Votlendið í Svarfaðardal hefur þegar verið friðlýst og stefnt er að friðlýsingu annarra svæða í Eyjafjörði. Óshólmarsvæði Eyjafjarðarár hefur auk þess þá sérstöðu að vera í næsta nágrenni þéttbýlis og varðveisla þess er því

æskileg vegna mikils gildis fyrir fræðslu og útivist auk þess sem óshólmarnir og lífríki þeirra eru fegurðaraauki fyrir Akureyri.

2.4.1. Varpfuglar

Í töflu 1 er skrá um tegundir og fjölda varpfugla á rannsóknar-svæðinu við ós Eyjafjarðarár og Friðland Svarfdæla. Tölur eru byggðar á talningum um eða fyrir byrjun varptíma (14.-20.5.) eða á sérstökum talningum í vörpum (máfar, kriað). Tegunda-samsetning var svipuð þessu við ós Hörgár og Fnjóskár, en fjöldinn minni og tölur yfirleitt ekki eins áreiðanlegar eins og á fyrrnefndum stöðum.

Fróðlegt er að bera saman fjölda varpfugla við botn Eyja-fjarðar og í Svarfaðardal. Talningasvæðin eru mjög svipuð að stærð (vötn og land): Eyjafjörður um 8 km^2 og Svarfaðar-dalur um 9 km^2 . Gróðurfar er svipað, gulstararengi ríkjandi. Stöðuvötn eru engin í Eyjafirði en tvær dágóðar tjarnir í Svarfaðardal. Ós Svarfaðardalsár er þróngur og engar leirur við hann en miklar leirur og grunnsævi eru við ós Eyjafjarðarár.

A síðarnefnda staðnum er allvíðáttumikið svæði (flugvöllurinn og umhverfi hans) friðað fyrir umferð manna og búfjár, en hliðstæður eru tæplega fyrir hendi í Svarfaðardal. Auk þess er sennilega verulegur munur á fæðumöguleikum ýmissa fugla-tegunda á þessum stöðum vegna mismunandi staðháttar í nágrenninu (meiri byggð og meira uppland nærri ósum Eyjafjarðarár, Svarf-aðardalur nær opnu hafi). Loks er allverulegur munur á loftslagi, snjóalög meiri og lofthiti lægri í Svarfaðardal.

Af framanskráðu er ljóst að búast má við allsvipuðu fugla-lífi í óshólmum Eyjafjarðarár og í Friðlandi Svarfdæla en þó ættu staðhættir að valda merkjanlegum mismun. Þessi atriði eru nánar greind í töflu 2. Í ljós kemur að fúglar-líf er yfirleitt svipað á þessum stöðum. Þéttleiki gæsar og smámáfarer hinn sami á þessum stöðum. Í Svarfaðardal er meira af vatnafuglum (flórgoða, kafendur) eins og við var að búast, en hins vegar virðist vera meira af gráöndum, ýmsum vaðfuglum og kríu í Eyjafirði. Stærra kriuvarp í Eyjafirði gæti stafað af góðum varpskilýrðum við flugvöllinn, en einnig má vera að mjög stórt kriuvarp í Hrísey dragi úr kriuvarpi á nálægu meginlandi.

Aætlaður þéttleiki bæði gráanda og vaðfugla var allt að tvöfalt meiri í Eyjafirði en í Svarfaðardal. Mismunurinn gæti stafað af nokkrum orsökum þ. á. m. mun á lífsskilyrðum svo og athuganaskekkju sem gæti átt sér ýmsar ástæður.

Lífsskilyrði stokkanda ættu að jafnaði að vera betri við Akureyri en í Svarfaðardal, einkum yfir veturinn vegna þess að meira er um skýldar strendur og auk þess vegna andapollsins. Hins vegar er enginn sjáanlegur munur á lífsskilyrðum annarra gráanda á þessum svæðum. Lífsskilyrði vaðfugla ættu að vera betri í Eyjafirði vegna leirunnar en í Svarfaðardal.

Munur á áætluðum þéttleika var mjög svipaður miði Eyjafjarðar og Svarfaðardals, hvort sem um gráendur eða vaðfugla var að ræða, og bendirþetta fremur í átt til athuganaskekkju en til þess að raunverulegur munur sé á fjölda varpfugla. Skekkjuvaldar eru aðallega þrenns konar og eru allir hliðhollir Eyjafirði: (1) Allmikil umferð gráanda (1. mynd) og vaðfugla (2. mynd) er um botn Eyjafjarðar en ekki um Svarfaðardal. Þess vegna er erfitt að greina sundur varpfugla og umferðarfugla í Eyjafirði og getur þetta auðveldlega valdið of háum áætlunum um varpfugla. (2) Fleiri vegir eru um Eyjafjörðarsvæðið og er því miklu auðveldara að telja það en Svarfaðardal. (3) Auðvelt er að sjá og telja vaðfugla í ætisleit um fjöru á leirum Eyjafjarðar en slikar aðstæður eru ekki fyrir hendi í Svarfaðardal. Vegna þessa eru notaðar talningar um flóð í 2. mynd og benda þær til þess að fjöldi staðbundinna vaðfugla sé miklu líkari á þessum svæðum en töflur 1 og 2 gefa til kynna.

Niðurstaðan verður því sú að fjöldi verpandi gráanda og vaðfugla sé áþekkur í Eyjafirði og Svarfaðardal. Tilvist leirunnar í Eyjafirði hefur því tæplega áhrif á þéttleika vaðfuglastofna í óshólmunum. Í þessu sambandi verður að geta þess, að fæðuskilyrði í leirunni (2.1.) eru sennilega lélegri eða a.m.k. síst betri en í myrunum, auk þess sem fæðuval vaðfugla peirra sem verpa á svæðinu (2. hluti) og 2.4.2.) bendir varla til þess að fæðuskilyrðileirunnar hafi afgerandi áhrif á viðgang þessara stofna.

2.4.2. Umferðarfuglar

I Svarfaðardal er ekki teljandi umferð fugla að öðru leyti en því að dalurinn liggur á austurmörkum farleiðar helsingja á leið til Grænlands. Aðeins strjálar athuganir eru á umferðarfuglum við Fnjóskárós og Hörgárós og verða þær ekki ræddar frekar hér. I Eyjafirði er talsverð umferð fugla og er þar fyrst og fremst um að ræða andfugla og vaðfugla, sem stansa á vorin í óshólmumum, sennilega á vesturleið. Rétt er að geta þess að almennt er mjög lítið vitað um innanlandsferðir farfugla á þessum tíma. Auk þess er talsverð umferð vaðfugla um leirurnar síðari hluta sumars.

Af andfuglum er einkum merkjanleg umferð álfta og rauðhöfða- anda á vorin. Báðar tegundirnar eru fyrst og fremst jurta- ætur á grunnum vötnum og flæðiengjum og nýta því ekki leiruna til fæðuöflunar.

Umferð vaðfugla gengur mjög fljótt fyrir sig bæði haust og vor og er líklegt að við höfum misst af henni að verulegu tóleyti 1974 og síðari hluta sumars bæði árin. Þær tegundir sem hér koma einkum við sögur eru: tjaldur, jaðrakan, stelkur, sendlingur og lóuþræll. Umferð þessara tegunda er nánar lýst í 2. og 3. hluta.

Af þessum tegundum sjást tjaldar og sendlingar einvörðungu og lóuþræll nær einvörðungu á leirum við ósa Eyjafjarðarár. Jaðrakan leitar sér mestmagnis ætis í flæðimýrum og grunnum vötnum. Stelkur virðist geta nýtt mjög margvislegar fjörur, mýrlendi og vatnastrendur til fæðuöflunar og virðist ekki vera sérhæfður í fæðuvali. Dreifing vaðfugla eftir landgerðum er nánar sýnd í 2. hluta, töflu 15. Flestir vaðfuglar sóttu álleiruna um fjöru en nýttu mýrar um flóð vorið 1974.

Verulegur munur var á veðurfari þessi tvö vor (3. hluti, viðbætir). Vorið 1974 var óvenjuhlýtt, meðalhiti í apríl 6.8°C (5.1° yfir meðallagi) og í maí 7.3°C (1.0° yfir meðallagi) og auk þess áfallalaust. Vorið 1975 var í kaldara lagi, meðalhiti 0.3°C í apríl (1.4° undir meðallagi) og 6.2°C (0.1° undir meðallagi) í maí. Dagana 27.4.-30.4. 1975 var hret og komst frostið niður í -9°C . Einnig var kuldkast 10.-12.5. með allt að -6.6°C frosti. Auk þess var kalt fyrri hluta apríl og komst þá frostið í -16.5°C (12.4.) en það kom

litt að sök vegna þess að farfuglar voru lítið byrjaðir að koma.

I hretinu 27.4.-30.4.1975 kom greinilega í ljós að leiran hefur sáralitla þýðingu fyrir fæðuöflun vaðfugla í vorhretum. Fuglar voru þá farnir að hópast í ós Eyjafjarðarár. Leirur og óshólmar Eyjafjarðarár lagði fljótlega og í þessa fjóra daga héldu fuglarnir sig á stöðum sem voru í skjóli fyrir norðanáttinni. Endur, stelkar og jaðrakanar sáust mjög lítið á hreyfingu og sáust ekki leita sér ætis á meðan á hretinu stóð. Stokkendur, lóur, hrossagaukar og skógarþrestir héldu sig við volgru hjá Kristnesi og virtist aðal-fæða þrasta og vaðfugla þar vera ánamaðkar.

Er hretinu lauk opnuðust fljótlega vakir á mýrunum og fylltust þær jafnharðan af gráöndum, jaðrakönum og stelkum í ætisleit. Leirurnar héldust undir ís mun lengur en mýrarnar og gátu fuglarnir því litt leitað þangað til fæðuöflunar fyrst eftir hretið. Þó sáust stelkar o.fl. vaðfuglar í lok hretsins einnig í ætisleit í fjörum þar sem þeir tóku aðallega loðnum-hrogn í flóðfarinu.

3. Alit

3.1. Friðlýsa ber engi og óshólma fyrir botni Eyjafjarðar og taki friðlysingin til landbreytinga með umferðartakmörkunum á vissum svæðum í maí-júlí.

3.2. Niðurstöður þessara rannsókna benda til þess að smádýralif í leirunni sé lítið og tilvist leirunnar hafi tæplega afgerandi þýðingu fyrir stofnna varpfugla í óshólmum Eyjafjarðarár eða fyrir umferðarfugla.

3.3. Enda þótt leiran við Akureyri teljist ekki hafa mikið gildi skv. framansögðu, er hún þó ein af örfáum leirum við norður-strönd landsins. Hún er auk þess alveg við mesta þéttbýli norðanlands og sá hluti hennar sem er yestan flugvallar er einn besti fuglaskoðunarstaður á Norðurlandi og mönnum því mikill yndisauki. Af þessum orsökum fyrst og fremst virðist æskilegt að stefna að verndun leirunnar, ann.k. vesturhluta hennar.

3.4. Verði lagður vegur yfir leirurnar utanverðar er æskilegt að stúka leirusvæðið í tvennt með varnargarði sem lægi frá veginum að flugbrautinni. Tilgangurinn með slikum garði er að bægja ferskvatni Eyjafjarðarár sem mest frá vesturhluta leirunnar. Jafnframt þarf allstóra brú á veginn neðan við pennan hluta leirunnar, þannig að sjávarföll haldist óskert. Rétt er þó að leita álits sérfræðinga um líklegar breytingar á seti er verða kynnu við þessa framkvæmd.

Leirusvæðið austan flugvallar er ekki talið hafa verulegt gildi.

Tafla 1. Fjöldi votlendisfugla við ósa Eyjafjarðarár og í
Friðlandi Svarfdæla um miðjan maí 1974 og 1975.
V = áætlaður meðalfjöldi varpfugla.

	Eyjafjörður			Svarfaðardalur		
	dags: 14.5.74	20.5.75	V	16.5.74	20.5.75	V
Flórgoði (<i>Podiceps auritus</i>)	0	0	0	7	5	6
Alft (<i>Cygnus cygnus</i>)	4	43	4	7	20	2
Grágæs (<i>Anser anser</i>)	98	78	86	116	86	100
Heiðagæs (<i>A. brachyrhynchus</i>)	0	0	0	5	0	0
Helsingi (<i>Branta leucopsis</i>)	0	0	0	1	88	0
Stokkönd (<i>Anas platyrhynchos</i>)	39	66	52	47	22	34
Urtönd (<i>A. crecca</i>)	9	24	16	14	15	144
Rauðhöfðaönd (<i>A. penelope</i>)	164	146	155	96	90	94
Grafönd (<i>A. acuta</i>)	4	2	3	4	4	4
Skúfönd (<i>Aythya fuligula</i>)	31	18	25	87	27	57
Duggönd (<i>Aythya marila</i>)	0	10	5	6	6	6
Hávella (<i>Clangula hyemalis</i>)	11	36	10	0	6	5
Æður (<i>Somateria mollissima</i>)	50	15	32	0	0	0
Toppönd (<i>Mergus serrator</i>)	4	10	7	8	19	14
Tjaldur (<i>Haematopus ostralegus</i>)	9	6	6	0	0	0
Sandlöa (<i>Charadrius hiaticula</i>)	3	0	3	0	0	0
Heiðlöa (<i>Pluvialis apricaria</i>)	6	200	-	37	27	-
Hrossagaukur (<i>Capella gallinago</i>)	10	5	-	26	22	-
Spói (<i>Numenius phaeopus</i>)	11	3	7	20	11	16
Jaðrakan (<i>Limosa limosa</i>)	31	30	30	8	12	10
Stelkur (<i>Tringa totanus</i>)	158	211	200	87	84	86
Sendlingur (<i>Calidris maritima</i>)	113	4	0	0	0	0
Löupræll (<i>C. alpina</i>)	29	75	-	0	0	-
Öðinshani (<i>Phalaropus lobatus</i>)	52*	26**	-	56*	-	-
Kjóði (<i>Stercorarius parasiticus</i>)	-	-	2	-	-	2
Hettumáfur (<i>Larus ridibundus</i>)	-	-	800	-	-	800
Stormmáfur (<i>Larus canus</i>)	-	-	30	-	-	20
Kría (<i>Sterna paradisaea</i>)	-	-	1200	-	-	600

* 11.6.74

** 8.6.74


Tafla 2 Skipting varpfugla í Eyjafirði og Svarfaðardal
eftir lifnaðarháttum. Sbr. töflu 1.

Hópar fugla:	Eyjafjörður (8 km ²)	Svarfaðardalur (9 km ²)
að mestu bundnir við stöðuvötn (flórgoði, kafendur)	47	88
að mestu grasbítir (álft, grágæs)	90	102
gráendur (<i>Anas spp.</i>)	226	146
taldir vaðfuglar	246	112
smámafær	830	820
kria	1200	600


1. og 2. mynd

Fjöldi gráanda (Anas spp.) og talinna vaðfugla (tjaldur, sandlóa, spói, jaðrakan, stelkur) tólfumflóð í óshólmum Eyjafjarðarár og í Friðlandi Svarfdæla. Umferð gráanda í Eyjafirði virðist halda áfram fram í miðjan maí, en umferð vaðfuglategundanna hættir að mestu í maíþyrjun, Enginn teljandi umferð fugla virðist vera um Svarfaðardal.

Gráendur



Vaðfuglar (flóð)



2. hluti. Vistfræðilegar rannsóknir á leirum og óshólmum
Eyjafjarðarár og nærliggjandi svæðum 1974.

EFNISYFIRLIT

	Bls
1. Inngangur	1
2. Aðferðir.....	2
2.1. Sýnataka á leirum.....	2
2.2. Sýnataka í fjörum.....	3
2.3. Sýnataka í mýrum.....	3
2.4. Fuglaathuganir.....	4
3. Niðurstöður.....	5
3.1. Leirur.....	5
3.1.1. Almenn lýsing.....	5
3.1.2. Einstakar leirur	6
3.1.2.1. Leira Eyjafjarðarár.....	6
3.1.2.2. Laufásleira.....	8
3.1.2.3. Gáseyrarleira.....	8
3.1.2.4. Siglufjarðarleira.....	8
3.1.2.5. Yfirlit.....	9
3.2. Grýttar fjörur.....	9
3.2.1. Almenn lýsing.....	9
3.2.2. Einstakar fjörur.....	10
3.2.3. Yfirlit.....	12
3.3. Mýrar.....	13
3.3.1.. Almenn lýsing.....	13
3.3.2. Einstakar mýrar.....	14
3.3.3. Yfirlit.....	16
3.4. Fuglaathuganir.....	16
3.4.1. Yfirlit yfir einstkar tegundir.....	16
3.4.2. Yfirlit yfir eintstök svæði.....	30
4. Alyktanir.....	33
4.1. Leirur.....	33
4.2. Grýttar fjörur.....	33
4.3. Mýrar.....	34
4.4. Fuglalíf.....	34
5. Heimildir.....	36
6. Töflur og myndir	

Inngangur

Umhverfisrannsóknir í Eyjafirði á vegum Líffræðistofnunar Háskólags hófust í apríl 1974. Rannsóknir þessar voru unnar samkvæmt rannsóknarsamningi dags. 27. febrúar 1974 milli Háskóla Íslands og Vegagerðar ríkisins.

Aðalrannsóknarsvæðið var óshólmrar Eyjafjarðarár fram að Kristnesi og leiran utan óshólmanna, alls um 12 km^2 svæði.

Tilgangur rannsóknanna var að kanna gildi leirunnar, bæði sem vistkerfi og sem fæðusvæði fugla þeirra, sem fara um svæðið haust og vor, svo og þeirra, sem aðsetur hafa í lengri tíma á leirunni, óshólmarsvæðinu eða öðrum nærliggjandi svæðum. Ennfremur að reyna að kanna á hvern hátt megi draga úr eða fyrirbyggja áhrif vegaframkvæmda verði þau talin neikvæð.

Til að fá betra mat í gildi leirunnar og óshólmanna, sem fæðu- og varpsvæði voru eftirfarandi svæði könnuð til samanburðar: Svarfaðardalur (Friðland), 9 km^2 , Skipalón og Gáseyri, 4 km^2 og ósasvæði Fnjóskár, 7 km^2 . Þessum svæðum svipar um margt til óshólma Eyjafjarðarár, en hafa ákveðin séreinkenni og henta því vel til samanburðarathugana.

Til frekari könnunar á fæðusvæðum í Eyjafirði voru tekin sýni í fjörum og leirum út með Eyjafirði að austan- og vestanverðu og auk þess á Ólafsfirði og Siglufirði.

Vorið 1974 var með eindæmum milt. Er rannsóknir hófust í apríl voru óshólmrar Eyjafjarðarár snjólausir og leiran var íslaus. Því er sennilegt að vaðfuglar hafi nýtt leiruna minna sem fæðusvæði vorið 1974 en á kaldari vorum. Er því lagt til að gerð verði nánari könnun á fuglalífi óshólma og leiru Eyjafjarðarár vorið 1975.

2. AÐFERÐIR

2.1. Sýnataka á leirum

Sýnataka á Akureyranleiru fór fram í apríl og maí. Á leirunni voru merktar 36 stöðvar með 300 m millibili. Stöðvarnar voru einkenndar með bókstöfunum A-F og tölu-stöfunum 1-6 (mynd 1).

Sýnataka fór fram með ýmsum hætti:

(1) Á hverri stöð voru tekin tvö dýrasýni ásamt einu kornastærðarsýni (2-6 apríl og 1. maí). Notaður var rammi (20x20 cm) við sýnatöku á þeim stöðvum sem hægt var að komast að fótgangandi og var grafið niður á 10 cm dýpi. Hvert sýni náði yfir 400 cm² flöt, en rúmmál sýnis var 4000 cm³. Á dýpri stöðvum var notuð botngreip (12x17 cm) frá bát. Flötur hvers sýnis var því hér 204 cm², en rúmmál breytilegt eftir því hve djúpt greipin tók.

Við töku kornastærðarsýnis var notuð dós 1/300 m² að flatarmáli eða botngreip. Kornastærðarsýnin voru þurrkuð í þurrkskáp við 80°C í 4-5 daga, síðan voru þau vigtuð og sigtuð í gegnum sigti með 0.55 mm, 0.30 mm og 0,16 mm möskvastærð. Vigtað var úr hverju sigti og reiknuð út prósenta af heildarþyngd (töflur 1,5,6 og 7). Dýrasýnin voru sigtuð í gegnum sigti með 1.5 mm möskvastærð og dýrin varðveisitt í 70% ísóprópanóli.

(2) Dagana 6. og 7. maí var gerð leit að leiruskera (Nereis diversicolor) og sandmaðki (Arenicola marina). Tekið var eitt 25x25x20 cm sýni á hverri stöð sem hægt var að komast á um fjöru (mynd 1) og það sigtað í gegnum sigti með 1.5 mm möskvastærð. Leiruskera var safnað úr þessum sýnum en ekki öðrum dýrum. Sýni voru tekin á eftirtöldum stöðvum: A0-A5, B1-B5, C1-C4, D1-D5, E1-E4 og F1-F5. Sandmaðkshraukar voru taldir innan 5 25 m² næita á þessum stöðvum og var útbreiðsla þeirra kortlögð.

(3) Liðormasýni voru tekin þann 13.5. Alls voru tekin 4 snið, sex 1/130 m² sýni á hverju sniði. Þrijú snið voru tekin í krikanum vestan flugvallar og eitt snið nálægt stöð F1 (mynd 1). Ormarnir voru aðskildir frá sandinum með klóróformi og varðveisittir í 70% ísóprópanoli.

(4) Togað var með háfsleða dagana 2.5. og 20.5. Togað var 100 m vegalengd frá hverri stöð á línu 2 frá vestri til austurs þvert á straum við aðfall og útfall (mynd 1). Dýrin voru tind úr háfunum og varðveitt í 70% ísóprópanøli. Háfsleðinn var útbúinn með þrem háfum með 1 mm möskvastærð og var hver háfur 10 cm á hæð og 30 cm breiður. Neðsti háfurinn var útbúinn með keðju sem dróst eftir botninum og rótaði honum upp. Miðháfurinn var festur ofan á neðsta háfinn og var honum ætlað að veiða dýr sem synda rétt ofan við botn. Efsti háfurinn flaut í yfirborðinu.

Aðrar leirur.

Könnun á leiru við Laufás var gerð 20. júlí. Gengið var um leiruna og helstu leirugerðir skráðar og kortlagðar. Síðan voru tekin tíu 20x20x10 cm sýni auk kornastærðarsýna á við og dreif um leiruna og sýnin meðhöndlud eins og áður. Könnun á leirum við Gáseyri og á Siglufirði var gerð dagana 21. og 22. júlí. Könnun fór fram á sama hátt og á Laufásleiru og tekin 10 sýni á hvoru svæði.

2.2. Sýnataka í fjörum.

Dagana 1-8. og 18-22. júlí var gerð gróf könnun á fjörum í Eyjafirði. Fyrst var gerð gróf lýsing á fjörum innan Grenivíkur að Dalvík og síðan voru tekin sýni úr fjörum á eftirtöldum stöðum: Grenivík, Saurbrúargerði, Hallandsnesi, Þórsnesi, Gásum, Víkurbakka, Litla-Årskógs-sandi, Ólafsfirði og Siglufirði. Á hverjum stað var tekið eitt snið niður fjöruna með 3-6 stöðvum og voru stöðvarnar með 10 cm hæðarmismun. Á hverri stöð var metin þekja þörunga og hrúðurkarla innan 0.5x2 m réits, öllum dýrum var safnað innan tveggja 50x50 cm réita, þang var skorið innan þessara réita, ef það var til staðar og hrist í veikri ísoprópanólblöndu og dýrin sem úr því komu varðveitt, auk þess var háfað í flæðarmálínusum háfjöru í 5 mínútur með háf er hafði ca. 2 mm möskvastærð og var 27,5 cm í þvermál.

2.3 Sýnataka í mýrum.

Við sýnatöku í mýrum var notaður 20x20x10 cm járn-

rammi sem rekinn var niður í svörðinn. Starir, mosi og rotnandi jurtaleifar voru reyttar úr sverðinum en síðan var skorinn upp ca. 10 cm þykkur rótarþófi. Sýnin voru sett í plastpoka og síðan geymd í kæliskáp. Dýrin voru þveginn úr sýnum í gegnum sigti með 1.5 mm, 1,1 mm og 0.8 mm möskvastærð. Það sem eftir sat í sigtunum var sett í bakka og dýrin aðgreind frá jurtaleifum með hjálþ flúorlampa og stækkunarglers.

Þegar dýrin eru þegin úr sýnum verða þau helst að vera lifandi til að hægt sé að aðgreina þau frá jurtaleifunum með góðu móti. Að petta einkum við um liðorma sem nær ógerlegt er að aðgreina frá jurtaleifum nema þeir séu lifandi og á hreyfingu. Dýrin haldast lifandi í kæli í allt að 10 daga.

Rétt er að geta þess hér að aðgreiningaraðferð sú, sem hér er lýst og byggist á lifandi sýnum hefur síðar reynst standa að baki formalífixeringu með Bengal rosa litun.

Sýni úr gulstararmýri voru tekin í óshólmum Eyjafjarðarár 6. apríl (7 sýni) og 22. maí (10 sýni).

17. apríl voru tekin sýni úr vetrarkvíðastararflákum (7 sýni) og tjarnastararflákum (6 sýni) í gulstararmýrin í óshólmum Eyjafjarðarár. Sýni voru tekin úr gulstararmýri við Hríshöfða í Svarfaðardal (10 sýni). Störin var tekin ofan af sverði enn rótarþófinn var ekki skorinn upp. Að öðru leyti voru sýnin meðhöndluð á sama hátt og lýst er að ofan. Fyrir neðan Laugaland í Eyjafirði voru tekin sýni úr tjarnastararflákum í gulstararmýri (5 sýni). Sýnataka fór fram á sama hátt og í Svarfaðardal.

2.4. Fuglaathuganir

Fuglar voru taldir í 6s Eyjafjarðarár af landi dagana 4., 5., 14., 16., 18., og 29. apríl, 1., 4., 5., 9., 14. og 19. maí, 10., og 11. júní, 18. júlí, 7. og 8. ágúst og 14. september. Í hverri talningu var talið bæði um flóð og fjöru. Óshólmum og leiru Eyjafjarðarár var skipt í talningasvæði til að auðvelda staðsetningu fuglanna (mynd 4).

Talið var úr lofti í öllum Eyjafirði dagana 2. og 29. apríl, 16. maí og 10. ágúst. Talið var af landi í Svarfaðardal dagana 18. og 30. apríl og 16. og 22. maí, 11. júní, 19. júlí, 9. ágúst og 6. og 14. september. Talið var á Gáseyri og Skipalóni dagana 30. apríl 11. og 22. maí og 9. ágúst.

Við talningar voru notaðir sjónaukar með 8x30 og 20-60x50 stækkun. Talið var úr bíl þar sem því var við komið, annars var gengið um svæðin.

Dagana 13.-14. júní var gerð sérstök hreiðurleit í hólmum Eyjafjarðarár. Leitað var allt svæðið neðan brúa og nænnig smásvæði ofan brúa.

Í apríl, maí og ágúst voru eftirtaldir 47 fuglar veiddir við ós Eyjafjarðarár: Stokkond 2~~7~~, 2~~9~~, rauðhöfða-önd 1~~9~~, tjaldur 1, sandlóða 4, spói 2, stelkur 8, sendlingur 6, löbupræll 19, hettumáfur 1 og rita 1. Fuglarnir voru flestir skotnir er þeir voru í ætisleit.

70% ísóprópanól var sett í vélinda fuglana en síðan voru þeir frystir. Fuglarnir voru krufðir og magainnihald þeirra rannsakað. Fjöldi einstakra fæðutegunda í hverju magasýni var ákvæðað með talningu þar sem því var við komið. Einnig var áætluð rúmmálsprósenta hverrar fæðutegundar með þekjumælingu.

Leitað var til eftirfarandi sérfræðinga með greiningar á einstökum tegundum dýrahópa er fundust við sýnatöku:

Arnbórs Garðarssonar	burstaormar
Agnars Ingólfssonar	krabbadýr
Erlings Ólafssonar	skordýr
Gísla Máss Gíslasonar	vorflugulirfur

3 NIÐURSTÖÐUR

- 3.1. Leirur
- 3.1.1. Almenn lýsing

Þær leirur, sem kannaðar voru, höfðu margt sameiginlegt. Leirurnar voru allar fremur grófar. Viðast urðu yfir 50% korna (skv. vigt) eftir í sigtum með möskvastærð 0,30 mm. Leirurnar voru yfirleitt grófastar næst landi

og einnig næst árkvíslum og álum. Ferskvatnsáhrifa gætir nokkuð á leirunum, mest á leiru Eyjafjarðarár. Talsvert var um landrænar plöntuleifar, einkum mosa, á leirum Fnjóskár og Eyjafjarðarár og söfnuðust þessar leifar víða í bingi sem síðan gráfust niður í leirna. Einnig barst mikið af leir með ánum út á leirurnar einkum er árnar voru í vexti. Dýralífið var mjög svipað að tegundasamsetningu og fjölda í könnuðum leirum. Mest var dýralífið þar sem ferskvatnsáhrifa gætti lítið og þar sem leirurnar komu sjaldan eða aldrei upp úr sjó.

3.1.2. Leira Eyjafjarðarár.

Leiran (flatarmál um 360 ha) afmarkast af óshólmum að sunnanverðu, grjótfjörum að austan og vestanverðu og bröttum marbakka að norðanverðu. Leiran var fremur grófkornótt og víða var sandur gljúpur og laus í sér, einkum næst árkvíslum. Vestan flugvallar og úr frá flugvallarenda var leiran einna gráfust og einnig á smábletti norðaustast á leirunni. Leiran var fíngerðust suðaustan til. Víðast á leirunni var 50% af þyngd kornastærðarsýna yfir 30 mm í þm. (mynd 2, tafla 1).

Yfirlit um dýrategundir og magn þeirra er í töflum 2.-4. Mest var dýralífið neðst á leirunni einkum að vestanverðu. Þar fundust flestar tegundir (4) (mynd 3) og einnig var einstaklingsfjöldinn þar mestur. Við sýnatöku í apríl og maí með ramma og greip fundust dýr á 19 stöðvum (mynd 3), alls 7 tegundir og safnhópar. Þessar stöðvar voru flestar neðst á leirunni og eru því lengst undir sjó, og sennilega gætir einnig ferskvatnsáhrifa þar minnst.

Dagana 2. og 20. apríl var veitt með háfsleða á leirunni. Flest dýrin komu í neðsta háfinn (tafla 4), en færri komu í miðháf. Dýr komu örsjaldan í efsta háf. Hinn 2. apríl komu fleiri dýr í háfana við aðfall en útfall (tafla 4) ($\chi^2_1 = 39.1$, $P < 0.05$) en 20 apríl komu mun fleirri dýr í háfana við útfall en aðfall ($\chi^2_1 = 71.0$, $P < 0.05$). Langmest kom af marflónni Gammarus zaddachi í háfana

eða 70-100% af heildarfjölda dýra. Á aðfalli 20. maí kom eingöngu mafflóin Gammarus zaddachi í háfana, alls 26 marflær en 468 marflær komu í háfana á aðfalli 2. maí. Þessi tegund (Gammarus zaddachi) fannst þó aðeins á 6 ramma- og greiparstöðvum. Útbreiðslan fylgdi nokkuð grófasta hluta leirunnar næst flugvelli að vestan og útfrá flugwallarenda til norðurs. Meðalfjöldi á m^2 (tafla 2) var mjög svipaður og hjá burstaorminum Pygospio elegans en hann fannst á 4 ramma- og greiparstöðvum neðst á leirunni.

Leiruskerinn (Nereis diversicolor) fannst á 11 ramma- og greiparstöðvum og hefur þessi ormur ásamt marflónni Pseudalibrotus littoralis og sandmaðki (Arenicola marina) mestu útbreiðslu af þeim tegundum sem fundust. Þessi dýr hafa einnig mesta lífþyngd á m^2 (tafla 2).

Leit að leiruskera var gerð við 29 stöðvar á leirunni og fannst hann við 9 stöðvar. Þessar 9 stöðvar voru í 1. línu frá efstu stöð í krika vestan flugbrautar niður leiruna og síðan þvert yfir leiruna í austur.

A útbreiðslusvæði leiruskerans er leiran öll fremur gróf og sandurinn stöðugur. Meðalfjöldinn var 53 á m^2 og þyngdin 7.7. g. Ormarnir voru yfirleitt stórir og mjög lítið var af litlum ormum og ungviði.

Liðormasýni (Oligochaeta) voru tekin á leirunni í krika vestan við flugbraut og austast á leirunni við stöð F3. Að meðaltali fundust 3175 ormar á m^2 . Mest fundust 8100 ormar á m^2 . Ormarnir voru flestir vestast á leirunni eða 4133 á m^2 að meðaltali en aðeins 300 á m^2 við stöð F3. Leiðan var heldur fíkkornóttari þar sem sýni voru tekin að austanverðu og einnig gætti ferskvatnsáhrifa mun meira að austanverðu en að vestan. Þessir þættir gætu verið orsök fyrir hinum mikla mun á magni liðorma að austan og vestanverðu.

Liðormar fundust á 4 stöðvum neðst á leirunni, við sýnatöku með ramma og greip. Var fjöldi þeirra þar mikill, en lífþyngd lítil (tafla 2). Liðormar komu í háfa 2. maí en ekki 20. maí. Ormarnir voru yfirleitt í landrænum plöntu-

leifum, svo sem mosa og sinu, sem borist höfðu með ánni út á leiruna.

Sandmaðkur Arenicola marina hefur svipaða útbreiðslu og leiruskeri en þó heldur þrengri. Sandmaðkur kom hvergi fyrir í sýnatöku á hniti en reyndist vera 0.1-1 á m^2 þar sem hann fannst við leit.

3.1.2.2. Láufásleira

Leiran nær frá Lónshöfða og suður fyrir Áshól. Næst Laufáshólmum er leiran gróf og malarborin. Ekkert smádýralíf fannst í þessum hluta leirunnar við sýnatöku. Um 50-60 m utar tekur við fremur grófur sandur á leirunni sem nær út að Lónshöfða og rétt suður fyrir Laufáshólma. Þar fyrir sunnan er leiran heldur fingerðari og leirbornari. Meira en 50% af þyngd kornastærðarsýna á öllum stöðvum var yfir 0.30 mm í þvermál (tafla 3).

Sandmaðkur (Arenicola marina) var dreifður um næri alla leiruna. Fjöldinn var 0.5-1.5 á m^2 . Leiruskerinn Nereis diversicolor fannst í 4 sýnum og hafði mestan fjölda á m^2 af þeim dýrum sem fundust á leirunni (tafla 8). Ef sýnataka færi fram á sama hátt á Laufásleiru og á Akureyrarleiru er ekki ósennilegt að fjöldi dýra á m^2 reyndist mjög svipaður.

3.1.2.3. Gáseyrarleira

Leiran er innan við sandeyri sem afmarka hana að sunnan og austan. Að vestan og norðan liggja grasi grónir bakkar að leirunni. Leiran er allgróf og malarborin (tafla 6). Misþykktleirskán liggur yfir leirunni og myndar á einstaka stað smá leirþytti. Sandflákar eru víða á leirunni einkum næst Hörgárkvíslum. Við sýnatöku fannst ekkert líf í leirunni.

3.1.2.4. Siglufjarðarleira

Leiran nær frá botni Siglurfjarðar og norður að uppfyllingargarði rétt sunnan við höfnina. Leiran er gróf og malarborin, innst. Þar fyrir utan er leiran örlítið leirborin. Meira en 50% af þyngd kornastærðarsýna á öllum

stöðvum var yfir 0.30 mm í þvermál (tafla 7). Sandmaðkur (Arenicola marina) var dreifður um alla leiruna og var fjöldinn 1-2 á m². Liðormar (Oligochaeta) voru algengustu dýrin á leirunni. Þeir fundust í 7 sýnum af 10 og reyndust vera 380 á m² að meðaltali (tafla 8). Marflóin Gammarus zaddachi fannst í einu sýni, 6 dýr, og marflóin Gammarus oceanicus fannst einnig í einu sýni, 2 dýr. Marflóin Pseudalibrotus littoralis fannst í tveimur sýnum 2 dýr, 1 dýr í hvoru sýni. Burstamormurinn Pygospio elegans fannst í 4 sýnum og hafði mestan fjölda á eftir liðormum. Burstaormarnir Capitella capitata og Spiro cf. filicornis fundust í einu eintaki á leirunni. Rykmýslirfur (Chironomidae) fundust í tveimur sýnum (tafla 8). Alls fundust 445 dýr að meðaltali á m², sem er mun meira en fannst í Laufásleiru og Akureyrarleiru með sömu sýnatökuaðferð.

3.1.2.5. Yfirlit

Mesta dýralífið virðist vera á Siglufjarðarleiru af þeim leirum sem kannaðar voru. Áhrif ferskvatnsrennslis gætir þar minna en á Laufásleiru og Akureyrarleiru og einnig er leiran fínkornóttari. Smádýralíf er svipað eða heldur meira við Laufásleiru og Akureyrarleiru. Meirihluti Laufásleiru er alltaf undir sjó jafnvel um stórstraumsfjöru og er því dýralífið nokkuð vel varið. Kornnastærð Laufásleiru og Akureyrarleiru er nokkuð svipuð. Miðað við leirur á Suðvesturlandi eins og t.d. suðurhluta Leiruvogs (Arnbóð Garðarsson o.fl. 1974) þar sem 48 tegundir fundust og meðalfjöldinn var 1933 eintök á m² (en 326 á Akureyrarleiru), meðalþyngd 232 g/m² (en 2.4 g á Akureyrarleiru) eru þessar leirur mjög lífsnauðar. Það virðist því fremur vafasamt að þær geti séð stórum vaðfuglahópum fyrir fæðu nema í stuttan tíma í senn.

3.2. Gryttar fjörur

3.2.1. Almenn lýsing

Fjörur norðan Grenivíkur eru fremur klettóttar og grófgerðar. Þar eru hnnullungafjörur á milli lágra kletta er ganga í sjó fram. Neðarlega á fjörunum eru klettar og hnnullungar vaxnir skúfafangi (Fucus distichus). Við Höfða

eru hnullungafjörur undir snarbröttum klettum er mjög viða ganga í sjó fram. Fjörurnar við Höfðann norðanverðan eru allbrimasamar.

Fyrir sunnan Höfða taka við Laufásleirurnar sem ná suður fyrir Áshóli. Lítið er þar um aðrar fjörugerðir.

Fjörur við strandlengjuna fyrir sunnan Laufás og suður að Akureyrarpollí eru allar mjög svipaðar. Mest er um grjót og malarfjörur, einnig ganga lágir klettar viða í sjó fram. Allar þessar fjörur eru undir mismunandi háum klettum og bökkum. Þær eru fremur brattar og skjólsælar og virðast vera fremur lélegar vaðfuglafjörur. Sömu fjörgerðir er að finna á svæðinu frá Akureyrarpollí að Dalvík og er lýst hér að ofan.

A Ölafsfirði eru hnullungafjörur viða undir háum klettum og þanglausar með öllu.

A Siglufirði eru grjót og malarfjörur út með firðinum á báða vegu.

3.2.2. Einstakar fjörur

Við Grenivík (3 stöðvar) er fjaran grýtt og lágar klettaræmur ganga viða í sjó fram. Fléttur (Verrucaria spp.) vaxa á klettum og grjóti ofarlega í fjörunni og er þekja þeirra 10-50% en bólupang (Fucus vesiculosus) er neðst (um 30% þekja). Hrúðurkarlar (Balanus balanoides) voru einnig neðan til í fjörunni (þekja 5-10%). Ríkjandi dýrategundir (tafla 9) voru: Kræklingur (Mytilus edulis) og klettadoppa (Littorina saxatilis) miðað við þyngd, en klettadoppa og marflætur af ættkvíslinni Gammarus ef miðað er við fjölda. Í háf komu eingöngu marflær (tafla 10).

Við Saurbrúargerði (3 stöðvar) eru grjót og klapparfjörur. Klópang (Ascophyllum nodosum) var neðarlega í fjörunni en skúfafang (Fucus distichus) var neðst í fjörunni. Hrúðurkarlar (Balanus balanoides) voru einnig neðst í fjöru með smá þekju á steinum (tafla 9). Ríkjandi tegundir voru: Klettadoppa og marflær miðað við fjölda en klettadoppa og kræklingur ef miðað er við þyngd. Í háf komu eingöngu marflær (tafla 10).

Við Saurbrúargerði (3 stöðvar) eru grjót- og klapparfjörur. Klóþang (Ascophyllum nodosum) var neðarlega í fjörunni en skúfþang (Fucus disticus) var neðst í fjörunni. Hrúðurkarlar (Balanus balanoides) var einnig neðst í fjöru með smá þekju á steinum (tafla 9). Ríkjandi tegundir voru: Klettadoppa og marflær miðað við fjölda en klettadoppa og kræklingur ef miðað er við þyngd. Í háf komu eingöngu marflær (tafla 10).

Við Hallandsnes (3 stöðvar) var malar og grjótfjara. Grænþörungaslikja var á steinum efst í fjöru en skúfþang (Fucus distichus) og klóþang (Ascophyllum nodosum) myndaði 5-10% þekju neðst í fjörunni. Ríkjandi tegundir voru marflær af ættkvíslinni Gammarus. Í háf komu eingöngu marflær (tafla 10). Engin skeldýr fundust í þessari fjöru.

Við Þórsnes eru malar og grjótfjörur ásamt klettum er ganga víða í sjó fram. Snið var tekið niður malarfjöru (6 stöðvar). Klóþang (Ascophyllum nodosum) var í miðri fjöru (20-30% þekja) en skúfþang (Fucus distichus) var neðst í fjöru (5-40% þekja). Ríkjandi tegundir (tafla 9) voru liðormar (er fundust í malarkambi ofan við þangbeltið) og marflær af ættkvíslinni Gammarus miðað við fjölda en liðormar og kræklingur miðað við þyngd. Í háf komu eingöngu marflær (tafla 10).

Við Gásir eru malarfjörur ásamt smáklettum er ganga víða í sjó fram. Snið var tekið niður malarfjöru (6 stöðvar). Skúfþang (Fucus distichus) var neðst í fjöru (20-30% þekja) ásamt kléþangi (Ascophyllum nodosum) og smábrúskum af bólupangi (Fucus vesiculosus). Hrúðurkarlar (Balanus balanoides) voru í örlitlu magni á steinum neðst í fjöru. Ríkjandi tegundir voru liðormar, klettadoppa og marflær af ættkvíslinni Gammarus miðað við fjölda, en kræklingur ef miðað er við þyngd. Í háf komu marflær og parastrútur (Lacuna divaricata) (tafla 10).

Við Víkurbakka (5 stöðvar) eru afliðandi malarfjörur. Neðst eru nokkuð stærri steinar í fjörunni vaxnir skúfþangi. (Fucus distichus) og klóþangi (Ascophyllum nodosum). Þangið

náði ekki verulegri þekju (tafla 9). Einnig var grænpörunga-sly á steinum og örlítið af hrúðurkörlum (Balanus balanoides). Ríkjandi tegundir (tafla 9) voru liðormar og marflær miðað við fjölda en marflær af ættkvíslinni Gammarus ef miðað er við þyngd. Í háf komu eingöngu marflær (tafla 10).

Við Litla-Arskóggssand eru aflíðandi malarfjörur. Bólupang (Fucus vesiculosus) var á tveimur neðstu stöðvunum (30-90% þekja). Klópang (Ascophyllum nodosum), var einnig á tveim neðstu stöðvunum (10 og 50% þekja). Hrúðurkarlar (Balanus balanoides) höfðu 5% þekju á neðstu stöð og höfðu einnig smáþekju á næstneðstu stöð. Ríkjandi tegundir (tafla 9) voru marflær af ættkvíslinni Gammarus miðað við fjölda en kræklingur ef miðað er við þyngd. Í háf komu eingöngu marflær (tafla 10).

Í Olafsfirði var snið tekið í grófri malar og hnnullungafjöru (4 stöðvar). Efst í fjörunni er $\frac{1}{2}$ -2 m hár malarkambur. Fjaran er algjörlega þanglaus en grænpörungasly var á steinum neðst í fjöru. Í fjörunni fundust eingöngu marflær af ættkvíslinni Gammarus og örlítið magn af liðormum (tafla 9). Í háf komu eingöngu marflær (tafla 10).

A Siglufirði var snið tekið niður aflíðandi grjót og malarfjöru (4 stöðvar). Neðst í fjörunni var skúfafang (Fucus distichus) (10-60% þekja). Ríkjandi tegundir (tafla 9) voru marflær af ættkvíslinni Gammarus miðað við fjölda en kræklingur ef miðað er við þyngd.

Í háf komu eingöngu marflær (tafla 10).

3.2.3. Yfirlit

Við Grenivík og Saurbrúargerði höfðu skeldýr mestan fjölda og mestu þyngd í fjörunni, en heldur minna var um krabbadýr (tafla 9).

Við Hallandsnes og í Olafsfirði fundust nær eingöngu marflær og við Arskóggssand og Siglufjörð höfðu krabbadýrin mestan fjölda en kræklingur (Mytilus edulis) mestu þyndina.

Við Þórsnes og Vikurbakka höfðu liðormar (Oligochaeta) mestan fjölda á m^2 . Mesta magnið var efst í fjörunni ofan

við efstu krabbadýr og skeldýr.

Hrúðurkarlar höfðu mesta þekju við Grenivík og Litla-Árskógsand. Í öðrum fjörum voru þeir dreifðari. Bólubang hafði mesta þekju við Grenivík og Litla-Árskógsand eins og hrúðurkarlar. Bólubang fannst einnig við Gásir og Víkurbakka en þar var það í mun minna magni. Klóþang hafði góða þekju við Saurbrúargerði, Þórsnes, Gásir og Litla-Árskógsand. Klóþang fannst einnig við Hallandsnes og Víkurbakka en var þar í mun minna magni. Skúfafang var algengasta þangtegundin og fannst alls staðar nema við Litla-Árskógsand og í Ólafsfirði. Skúfafang myndaði víðast hvar 5-60% þekju í fjöru og var eina pangið er fannst í Siglufirði.

Ef leirur og grjótfjörur í Eyjafirði eru bornar saman kemur í ljós að grjótfjörurnar eru yfirleitt tegundaauðugri, einnig er þar mun meiri einstaklingsfjöldi og lífþyngd meiri. Grjótfjörurnar eru mjórar og flatarmál þeirra lítið. Bæði dýr og gróður eru aðallega neðarlega í fjörunum og þangið er víðast hvar fremur lágvaxið og lítið. Grjótfjörurnar virðast því ekki mjög hentugar til fæðuöflunnar fyrir flestar tegundir vaðfugla. Almennt eru grjótfjörur aðeins hæfar fyrir sérhæfðar vaðfuglategundir (sendlingur) og einstaka aðrar (stelkur).

3.3. Mýrar

3.3.1. Almenn lýsing

Mýrar við Eyjafjarðará og í Svarfaðardaleinkenast af gulstör (Carex lyngbyei). Tjarnastör (Carex rostrata) vex viða í flákum innan um gulstörina. Við ós Eyjafjarðará má einnig finna vetrarkvíðastör (Carex chordorrhiza) á smáblettum innan um gulstör. Í tjörnum og skurðum vaxa víðast nykrur (Potamogeton spp.) og fergin (Equisetum spp.) í talsverðum mæli. Viða flæðir yfir þessar mýrar, þegar ár eru í vexti, og er þá vatnshæðin víðast 15-20 cm yfir sverði. Mýrarnar ná þó að þorna allverulega þegar lítið er í ánum og þurrkatíð er ríkjandi.

Í sverðinum vex viða mosi, einkum á blautari stöðum, en lag af rotnandi jurtaleifum hylur víðast svörðinn. Undir svarðlaginu er mjög þéttur og þykkur rótarpófi og fingerð

mold. Nokkrir erfiðleikar voru við sýnatöku úr mýrunum þar sem skera varð upp þófann. Einnig voru mörg sýni tekin undir vatni og er því hætta á að eitthvað af dýrum hafi skolast burt við sýnatöku.

3.3.2. Einstakar mýrar

Óshólmur Eyjafjarðarár

I apríl voru mýrar í óshólmum Eyjafjarðarár fremur blautar. Vatnsborð var að meðaltali 5-20 cm yfir sverði. I maí voru mýrarnar mun þurrari og var vatnsborðið yfirleitt hvergi meira en 5 cm yfir sverði, en viðast voru mýrarnar alveg þurrar.

I gulstararmýri var mest af rykmýslirfum af ættkvíslinni Chironomus í sverði og í rótarlagi í apríl (tafla 10). I maí var mest af jarðvegsmaurum (Acarina) í sverði en liðormum (Oligochaeta) í rótarlagi. Vatnabobbar (Lymnaea peregra) fundust í gulstararmýri í apríl bæði í sverði og í rót. Þeir fundust ekki í gulstararmýri í maí. Önnur dýr sem fundust í gulstararmýri í apríl og maí voru: Vatnabobbinn Lymnaea truncatula, rykmýslirfur af öðrum ættkvíslum en Chironomus, vorflugulirfur Agrypnæa picta, og skortíttlur af ættkvíslinni Salda og öðrum ættkvíslum, skordýrapúpur og köngulær (Aranea) (tafla 11). Munurinn á gulstararmýrinni í apríl og maí er einkum sá að rykmýslirfur af ættkvíslinni Chironomus voru ríkjandi í apríl en í maí bar mest á liðormum. Vatnabobbar fundust einnig í dálitlu magni í apríl en engir í maí. Fjöldi dýra var mun meiri í apríl og fjöldi dýra einnig meiri í svarðlagi en rótarlagi í apríl. I maí var fjöldi dýra meiri í rót en í sverði. Sýnin eru þó of fá til þess að af þeim megi draga traustar ályktanir.

Dýralífi í vetrarkvíðastör í apríl svipaði mjög til þess sem er í gulstör. Mest bar á rykmýslirfum af ættkvíslinni Chironomus og voru þær mun fleiri í vetrarkvíðastör en í gulstör bæði í rót og í sverði. Minna var um rykmý af örðum ættkvíslum í vetrarkvíðastör en í gulstör. Vorflugulirfan Agrypnæa picta fannst í dálitlu magni í sverði. Aðrar tegundir og safnhópar

sem fundust í vetrarkvíðastör voru vatnabobbinn Lymnaea peregra, skordýrapúpur, jarðvegsmaurar (Acarina) og liðormar (Oligochaeta). Mun meira var af dýrum sverði en í rót.

I tjarnastör var langmest af liðormum (Oligochaeta) (tafla 10). Vatnasamlokur af ættkvíslinni Pisidium voru einnig mædálitlu magni. Liðormar og vatnasamlokur voru einu dýrin sem fundust í rót. Mun minna var af rykmýslirfum af ættkvíslinni Chironomus en af öðrum ættkvíslum. Vorflugulirfur Agrypnaea picta fundust einnig í tjarnastör.

Laugaland

Mýrarnar fyrir neðan Laugaland voru viðast mjög blautar, að mestu vaxnar tjarnastör með einstaka gulstararflákum innanum. Vatnsborð var viðast 15-20 cm yfir sverði og sumstaðar mun meira. Flestir skurðir og tjarnir voru vaxnir fergin og nykru. Fimm sýni voru tekin í tjarnastör í maí og fundust þar eingöngu liðormar (tafla 11).

Svarfaðardalur.

I Svarfaðardal voru tekin sýni í gulstararmýri norðan við Hríshöfða. Mýrin var mjög þurr og var vatnsborðið hvergi hærra en 5 cm yfir sverði en var yfirleitt lægra. Mest var af liðormum og vatnasamlokum af ættkvíslinni Pisidium. Aðrar tegundir og safnhópar voru: Rykmýslirfur, af öðrum ættkvíslum en Chironomus, brunnkukka (Agabus bipustulatus), jötunuxinn Atheta graminicola, skortítur af ættkvíslinni Salda og öðrum ættkvíslum, köngurlær (Arenea) og maurar (Acari).

Munurinn á þessari gulstararamýri og gulstararamýrum í óshólmum Eyjafjarðarár í maí er einkum sá að liðormar og samlokur eru ríkjandi í Svarfaðardal en rykmýslirfur af ættkvíslinni Chironomus ásamt rykmýslirfum af öðrum ættkvíslum, liðormar og jarðvegsmaurar eru ríkjandi í óshólmum Eyjafjarðár. Á hvorugum staðnum fundust vatnabobbar í maí.

3.3.3. Yfirlit

Talsverður munur var á dýralífi í gulstaramýri og tjarnastaramýri í apríl. Í gulstör voru rykmýslirfur ríkjandi, en í tjarnastör voru það liðormar og vatnasamlokur. Einstaklingsfjöldi var meiri í tjarnastör, en dýrin í gulstör voru aftur á móti heldur stærri. Lítill munur var aftur á móti á dýralífi í gulstör og vetrarkvíðastör.

I mai hafði dýralífið í gulstör breyst nokkuð. Þá bar mun minna á rykmýslirfum en meira á liðormum og jarðvegsmaurum. Astæðan fyrir þessari breytingu geta verið margar. Vera má að mikill hluti rykmýslirfanna hafi klakist og flogið burt. Einnig er líklegt að liðormaegg hafi klakist út á þessum tíma. Maurar voru áberandi í rót í mai.

Gulstaramýrar í Svarfaðardal og í óshólmum Eyjafjarðarár virtust svipaðar hvað varðar magn og samsetningu smádýralífs. Hins vegar er mikill munur á tjarnastaraflóa (Laugaland og óshólmur) og gulstararmýri.

Borið saman við leirur og fjörur er mun fjölbreyttara dýralíf í mýrum. Einstaklingsfjöldinn er viðast hvar mun meiri en lífþyngdin er sennilega minni. Er því hugsanlegt að myrrarnar séu mun þýðingarmeira fæðusvæði fyrir fugla í Eyjafirði en leirur og fjörur.

3.4. Fuglaathuganir

3.4.1. Yfirlit yfir einstakar tegundir

Flórgoði *Podiceps auritus*

I Eyjafirði fannst flórgoði aðeins í Svarfaðardal. Þar voru 6-7 flórgoðar (tafla 18) fram undir miðjan september og héldu sig mest á tjörn við Tjörn, sem er mjög auðug af gróðri og dýralifi. Flórgoðinn hefur líklega verpt í Svarfaðardal. Flórgoði sást þó ekki með unga seinni part sumars.

Alft *Cygnus cygnus*

Umferð álfta um Eyjafjörð var dálítill vorið 1974. Helstu viðkomustaðirnir voru myrrarnar fyrir neðan Laugaland og Öngulstaði, en þar voru að jafnaði 40-70 álfir í apríl

og maí (tafla 12 og 13), og Friðland Svarfdæla, en þar voru 7-10 álfatir allt fram í júní (tafla 18). Kunnugt var um 4 álfahreiður á athugunarsvæðunum við Eyjafjörð. Eitt álfatapar verpti í hólmavæði Fnjóskáróss og kom upp 3 ungum. Eitt par verpti í Friðlandi Svarfdæla og kom upp 3 ungum og 2 pör verptu við Eyjafjarðará á svæði 22 og í mýrinni fyrir neðan Laugaland og komu upp 2 og 3 ungum. Álfatirnar héldu sig mest í flæðimýrum vöxnum gulstör, tjarna- stör, fergin og nykur.

Grágæs Anser anser

Grágæsin kom í Eyjafjörðinn fyrri part aprílmánaðar 1974. Í flugtalningu þann 29.4. sáust 559 grágæsir í Eyjafirði (tafla 17), en flestar sáust þær við flugtalningu 18.8. alls 3639 fuglar. Grágæsin hélt sig aðallega í Svarfaðardal við Gáseyri og Skipalón, Laufás og í óshólmum Eyjafjarðarár (töflur 12,13,17,18 og 19). Í ágúst var mest af grágæs á Laufássvæðinu. Er líklegt að hún safnist þar saman til að fella. Nokkrar sveiflur voru á fjölda grágæsa í apríl og maí og einnig í ágúst og september. Benda þessar sveiflur til að nokkur umferð hafi verið um Eyjafjörð til og frá nálægum varp og fellistöðvum. Grágæsin hélt sig í mýrum og á leirum yfir varp- og fellitímann en sótti í ræktað land er líða tók á sumarið.

Við óshólma Eyjafjarðarár var grágæsin mest á talningasvæðum 2 og 22 (tafla 14). Þessi svæði eru öll myrlend. Helstu varpsvæðin voru svæði 13 og 4. Alls fundust 12 hreiður með 1-8 eggjum (tafla 16). Meðalfjöldi eggja í hreiðri var 4,5 egg. Hreiðrin voru yfirleitt falin í hvannar- og melgresisbrúskum. Samkvæmt fjölda grágæsa í óshólmunum í apríl og maí er ekki ósennilegt að um 40 pör hafi verpt í hólmunum.

Heiðagæs Anser brachyrhynchus

Við talningu úr lofti og af landi 16. maí sáust 5 heiðagæsir í Svarfaðardal, sama dag sáust 9 heiðagæsir í óshólmum Eyjafjarðarár (töflur 17 og 18).

Helsingi Branta leucopsis

Einn helsingi sást í Svarfaðardal 16. maí, og hefur hann sennilega orðið viðskila við hóp sem var þar á ferð skömmu áður (Þorgils Gunnlaugsson bóndi á Sökku). A Skipalóni voru 100 helsingjar 11. maí. 20 helsingjar voru við Laufás 12. maí, þar á meðal var einn "partial albino".

Stokkond Anas platyrhynchos

Samkvæmt talningu um miðjan apríl voru um 115 stokkendur í Eyjafirði. Í fuglatalningu 29. apríl sáust 116 stokkendur í Eyjafirði en aðeins 86 hinn 10. ágúst (tafla 17).

Við talningu af landi og 8. og 9. ágúst sáust hinsvegar 184 stokkendur. Stokköndin var mest í Svarfaðardal við Gáseyri og Skipalón, Laufás og óshólma Eyjafjarðarár (töflur 12, 13, 17, 18 og 19).

Er líða tók á maí fundust færri stokkendur við talningar en fundust í apríl og byrjun maí. Orsókin er sú, að kollurnar voru farnar að liggja á og sáust því aðeins steggir og geldar (?) kollur sem héldu sig í smáhópum í mýrum og á pollum. Seinnipart júní fór að bera minna á steggjum og í júlí fundust aðeins 2 fullorðnir steggir í Eyjafirði, en 60 kollur og ungar. Á þessum tíma eru stokkandarsteggirnir í felli, safnast þeir þá saman á ákveðnar fellistöðvar, t.d. í blautum mýrum og getur verið mjög erfitt að finna þá.

Við óshólma Eyjafjarðarár var stokköndin mest á svæðum 12, 15 og 22 en annars var hún nokkuð jafndreifð. Helstu varpsvæðin við Eyjafjarðará voru 13 og 4 (mynd 5). Alls fundust 6 hreiður með 5-9 eggjum, meðalfjöldi eggja var 7,2 (tafla 16). Hreiðrin voru falin í víðirunnum og mélgresisbrúskum.

Samkvæmt fjölda stokkandar, einkum steggja í apríl og maí, hafa líklega um 50 pör verpt í óshólmum Eyjafjarðarár og um 30 pör í Svarfaðardal.

Stokköndin leitaði sér ætis í flæðimýrum, gróðursælum pollum og skurðum, einnig sást hún á sjó í ætisleit. Einkum um flóð. Í ágúst sáust stokkendur éta fræ af störum og grösum. Kollur með unga voru í flæðimýrum og í skurðum þar til þeir voru orðnir fleygir.

Tveir stokkandasteggir voru skotnir í óshólmum Eyjafjarðarár í apríl og tvær kollur í ágúst. Magainnihald steggjanna var aðallega ógreinanlegar jurtaleifar og sandur en einnig fannst vottur af rykmýslirfum, fiðrildalirfum og öðrum leifum af skordýrum.

Urtönd Anas crecca

Við talningu af landi 1. apríl sáust 3 urtendur í óshólmum Eyjafjarðarár (tafla 12). Urtöndisást ekki aftur í Eyjafirði fyrr en 29. apríl. Í byrjun maí fjölgaði urtönd en uppúr miðjum maí bar minna á þeim þar til um miðjan júní, en þá fór að sjást dálítið af kollum með unga. Urtendurnar sáust flestar 10. ágúst (tafla 13 og 17) mestallt kolur og ungar. 11. júní sáust 34 steggir í hóp í Svarfaðardal.

Urtöndin var mest í Svarfaðardal, Skipalóni, Laufási og í óshólmum Eyjafjarðarár. (töflur 12, 13, 17, 18 og 19).

Við óshólma Eyjafjarðarár var urtöndin mest á svæðum 12. og 22 (töflur 14 og 15). Ekkert hreiður fannst, en ekki virðist fráleitt að ætla að um 20 pör hafi verpt í hólmunum og um 15 pör í Friðlandi Svarfdæla. Urtöndin var í fæðuleit einkum á stararfloðum og pollum. Hún sást aldrei í fæðuleit nema á sundi.

Rauðhöfðaönd Anas penelope

Í aprílbyrjun 1974 voru um 200 rauðhöfðaendur í Eyjafirði, en um 600 í apríllok. Í maí og júní voru 200-500 rauðhöfðaendur í Eyjafirði, en aðeins sáust 11 rauðhöfðaendur um miðjan júlí. Í ágúst fundust um 500 endur og 140 um miðjan september. Í apríl og maí var nokkur umferð af rauðhöfðaönd um Eyjafjörð, sennilega á leið til varpstöðva í nágrenninu, (t.d. Skagafirði). Seinni hluta maí voru kollurnar farnar að liggja á og bar þá mest á steggjum.

Eftir miðjan júní yfirgefa steggirnir varpsvæðin og halda til fellistöðvana, sem eru yfirleitt stórvötn (t.d. Mývatn og vötn í Aðaldal (Arnbórm Garðarsson 1975). Er þá sennilega umferð af rauðhöfðasteggjum um Eyjafjörð frá nærliggjandi varpsvæðum (Skagafjörður). Kollur og ungar yfirgefa varpsvæðin að mestu í september.

Í Eyjafirði var rauðhöfðaöndin mest í Svarfaðardal, Skipalóni, Laufási og í óshólmum Eyjafjarðarár. Við óshólma Eyjafjarðarár var rauðhöfðaöndin langmest á svæði 22. Einnig var dálítið af rauðhöfðaönd á svæðum 4 og 23 (tafla 14). Þessi svæði eru blautar, gróðursælar flæðimýrar, og er svæði 22 einna blautast. Helstu varpsvæðin voru 4 og 13. Alls fundust 10 hreiður með 5-13 eggjum, meðalfjöldi eggja var 8,8 (tafla 16). Hreiðrin voru flest falin í viðibrúskum. Samkvæmt fjölda rauðhöfðaanda í apríl og maí hafa um 100 pör verpt í óshólmum Eyjafjarðarár og um 100 pör í Svarfaðardal.

Ein rauðhöfðaönd var veidd í ágúst við óshólma Eyjafjarðarár. Magainnihald andarinnar var ógreinanlegar plöntuleifar og sandur.

Rauðhöfðaönd sást einkum í fæðuleit á mjög blautum staraflöðum og gróðursælum pollum og tjörnum vöxnum fergin og nykru (tafla 15).

Grafönd Anas acuta

Í byrjun apríl sáust 3 grafendur í Eyjafirði. Í byrjun maí sáust 12 grafendur og 21 grafönd um miðjan maí. Seinast sást grafönd í Eyjafirði 7.8., kolla. Þá hafði grafönd ekki sést í Eyjafirði síðan 11.6., en þá sáust 10 steggir í hóp í Svarfaðardal.

Grafönd sást í Svarfaðardal, við Skipalón og í óshólmum Eyjafjarðarár (töflur 12, 13, 17, 18 og 19).

Í óshólmum Eyjafjarðarár hélt graföndin sig mest á svæðum 20 og 22 (töflur 14 og 15) sem eru blautar mýrar. Samkvæmt fjölda grafandar í apríl og maí hafa sennilega um 3 pör verpt í óshólmum Eyjafjarðarár og 3 pör í Svarfaðardal.

Skeiðönd Anas clypeata

Skeiðönd sást einu sinni við óshólma Eyjafjarðarár, 1 steggur 14. apríl á svæði 22. Við Skipalón sást skeiðandarsteggur 11. maí og 22. maí. Steggurinn hafði sést með kollu 11.5. (Pétur Snorrason, Skipalóni). Líklegt virðist því að eitt par hafi verpt við Skipalón.

Duggönd Aythya marila

Duggönd sást fyrst í Eyjafirði um miðjan apríl. Duggönd sást í Svarfaðardal og í óshólmum Eyjafjarðarár (töflur 12, 13, 17 og 18). Duggöndin hélt sig eingöngu á opnum tjörnum og árkvíslum (tafla 15).

Samkvæmt fjölda dugganda í lok apríl og maí hafa líklega 10 pör verpt í Svarfaðardal. Eitt par verpti í óshólmum Eyjafjarðarár (tafla 16).

Skúfönd Aythya fuligula

Í apríllok voru um 20 skúfendur í Eyjafirði, en um miðjan maí hafði þeim fjölgæð í 90. Í júní og júlí voru að meðaltali um 30 skúfendur í Eyjafirði, en um og innan við 10 í ágúst og september. Lítils háttar umferð af skúfönd hefur verið um Eyjafjörð kringum 15. maí.

Í óshólmum Eyjafjarðarár voru 10-30 skúfendur í maí, en um og innan við 10 endur frá maílokum (töflur 12, 13, 17 og 19). Skúfönd sást í Svarfaðardal, við Skipalón, Laufás og í óshólmum Eyjafjarðarár (töflur 12, 13, 17, 18 og 19). Í óshólmum Eyjafjarðarár var skúföndin mest á svæðum 14, 22 og 23 (tafla 14).

Skúföndin sást einkum í fæðuleit á árkvíslum og á skurðum (tafla 15). Samkvæmt fjölda skúfanda í apríl og maí hafa líklega 10 pör verpt í óshólmum Eyjafjarðarár og um 10 pör í Svarfaðardal.

Hávella Clangula hyemalis

Í lok apríl voru taldar um 700 hávellur í Eyjafirði, þar af voru 2 við Laufás og 20 við óshólma Eyjafjarðarár. Hinar voru dreifðar á sjónum frá norðurodda Hríseyjar til Akureyrar. Um miðjan ágúst voru taldar 250 hávellur í Eyjafirði. Þar af voru 5 við óshólma Eyjafjarðarár en hinar á sjó. Í Svarfaðardal sáust 3 hávellur 22.5. og 7 hávellur 11.6.

Við óshólma Eyjafjarðarár sáust 5-30 hávellur í apríl og maí, 2 í júní, 6 í júlí, 5-10 í ágúst og 3 í september. Hávellan var mest á svæðum 14, 16 og 18. Eitt hávelluhreiður

fannst á svæði 4, var það falið í viðirunna og innihélt 8 egg. Líklega hafa 5 pör verpt í óshólmum Eyjafjarðarár og 5 í Svarfaðardal. Mikið af þeiri Hávellu, sem sést á sjó í Eyjafirði á sumrin, er sennilega geldfugl. Hávellan sást í fæðuleit á sjó og á árkvíslum (tafla 15).

Æðarfugl *Somateria mollissima*

Við talningu úr lofti 29.4. sáust um 2200 æðarfuglar í Eyjafirði. Þar af sáust um 50 við Gáseyri og Skipalón, 40 við Laufás og 50 við óshólma Eyjafjarðarár. Hinar voru dreifðar á sjónum milli Hríseyjar og Akureyrar. Hinn 10.8. sáust 1200 æðarfuglar í Eyjafirði, mestallt kollur og ungar.

Við óshólma og leirur Eyjafjarðarár sáust 200-500 æðarfuglar í apríl, 50-450 í maí, 25-150 í júní og júlí og 5-50 í ágúst-september.

Æðarfuglinn var mest á svæðum 14, 16 og 18. Í hólmunum fundust 27 hreiður á svæðum 4 og 13. Eggjafjöldinn var 2-6 egg, að meðaltali 4,2 egg í hreiðri ($n=10$, tafla 16). Hreiðrin voru yfirleitt falin í viðirunnum og melgresisbrúskum. Líklega hafa alls um 60 pör verpt í hólmunum.

Samkvæmt framtalsskýrslum frá árunum 1940-1963 eru helstu æðarvörpin í Eyjafirði við Höfða, Nes, Skipalón og í Hrísey. Vörp þessi gáfu alls af sér 50-60 kg. af dún á ári á umræddu tímabili. Ef gert er ráð fyrir því að 60 hreiður gefi af sér 1 kg af dún hefur fjöldi nýttra hreiðra í þessum vörpum verið um 3000-4000.

Toppönd *Mergus serrator*

Í Eyjafirði sást toppönd á eftirtöldum stöðum: Skipalóni, 7 í maí, Svarfaðardalur, 10-30 í apríl, 3-10 í maí, 16 í ágúst (kollur, ungar) og 10 í september (kolla og ungar). Óshólmur Eyjafjarðarár, 7-40 í apríl, 1-25 maí, 5 í júní, 1 í júlí, 23 í ágúst (kollur, ungar) og 10 í september (kolla og ungar). Þessar tölur benda til þess að nokkur hreyfing hafi verið á toppönd í apríl og maí um Eyjafjörð. Í ágúst sáust eingöngu kollur og ungar. Meirihluti þeirra var farinn í september.

I óshólmum Eyjafjarðarár var toppöndin mest á opnu vatni (tafla 15) á svæðum 12, 13 og 22. Eitt toppandarhreiður fannst á svæði 13. Það var falið í smáholu í árbakka og innihélt 7 egg. Samkvæmt fjölda toppanda í apríl og maí hafa sennilega 10 pör verpt í hólmunum og um 5 pör í Svarfaðardal.

Gulönd Mergus merganser

Eitt par sást við Laufás 29. apríl, 1 steggur sást við Skipalón 11. maí og annar steggur sást í Friðlandi Svarfdæla 16. maí.

Fálki Falco rusticolus

Fálkapar hélt sig í óshólmum Eyjafjarðarár fyrstu vikuna í apríl. Fyrstu vikuna í september sást svo einn fálki í hólmunum.

Smyrill Falco columbarius

Fyrstu vikuna í september sást smyrill í hólmunum.

Bleshæna Fulica atra

Ein bleshæna sást við Skipalón 11. maí og 22. maí. Bleshænan var á mjög gróðursælum polli innan um endur og gæsir.

Tjaldur Haematopus ostralegus

I Byjafirði sást tjaldur einkum við Gáseyri, á leiru Hörgár og leiru Eyjafjarðarár (töflur 12, 13, 17 og 19).

A leiru Eyjafjarðarár voru nokkrar sveiflur á fjölda tjalda í apríl (4-29). Tjaldurinn kemur við á leirunni á leið til varpstöðva í apríl og einnig á leið frá varpstöðvum í júní og júlí. Tjaldurinn kemur sennilega einnig við á leiru Fnjóskár í apríl, júní og júlí. Enginn tjaldur fannst í Byjafirði í september.

Við óshólma og leiru Eyjafjarðarár var tjaldurinn aðallega á svæðum 14 og 16 (tafla 14). Tjaldurinn fór út á leiruna um fjöru í fæðuleit (tafla 15). Einn tjaldur var skotinn á leiru Eyjafjarðarár. I fóarni fundust leifar af leiruskera (Nereis diversicolor), bjöllum og sandi

og ógreinanlegu mauki. Sennilegt er að leiruskeri og sandmaðkur séu aðalfæðutegundir tjaldsins á leirunni í Eyjafirði, en við át sást tjaldur aðeins á leirum.

I óshólmum Eyjafjarðarár verptu 3 pör á svæði 13 (tafla 16).

Sandlóða Charadrius hiaticula

I Eyjafirði sást sandlóða við Gáseyri, Laufás og ós Eyjafjarðarár (töfl. 12, 13, 17 og 15).

Sndlóða sást fyrst í byrjun maí við ós Eyjafjarðarár, innan við 10 fuglar. Svipaður fjöldi var við ósinn í júní og júlí, en í ágúst fjölgæði sandlóðu mjög á leiru Eyjafjarðarár (töflur 12 og 13). Við óshólma Eyjafjarðarár var sandlóðan mest á svæði 14 (tafla 14). Sandlóðan sást helst um fjöru er hún kom á leiruna í fæðuleit.

Ein sandlóða var skotin í maí og 3 í ágúst. I fóarni fundust hrossaflugulirfur (Tipulidae), langfætlur (Mitopus morio), leifar af bjöllum og öðrum skordýrum ásamt ógreinanlegu mauki og sandi. Sandlóða sást einkum í fæðuleit í fjörum og á leirunni næst landi (tafla 15).

Heiðlóða Pluvalis apricaria

I Eyjafirði sást heiðlóða í Svarfaðardal, við Skipalón og við Eyjafjarðará sunnan við brýr (töflur 12, 13, 18 og 19). Kjörlendi heiðlóðunnar voru þurrir móar og ræktað land (tafla 15).

Heiðlóðan sást aldrei í myrrum né heldur á leirum, þótt alltítt sé að sjá heiðlóður í ætisleit á leirum a.m.k. í öðrum landshlutum.

I september voru heiðlóður í hópum og sóttu mikið í ræktað land. Heiðlóðan var eina vaðfuglategundin sem sást í einhverju magni í Eyjafirði í september.

Tildra Arenaria interpres

I maí sáust nokkrar tildrur í fjörunni á svæði 14 (töflur 12 og 13) en þær höfðu stutta viðvöl

Hrossagaukur Gallinago gallinago

Í Eyjafirði sást hrossagaukur í Svarfaðardal, við Skipalón, Laufás og í óshólmum Eyjafjarðarár (töflur 12, 13, 18 og 19). Kjörlendi hrossagauksins voru mýrar (tafla 15).

Spói Numenius phaeopus

Í Eyjafirði sást spói í Svarfaðardal, Skipalóni, Laufási og í óshólmum Eyjafjarðarár (töflur 12, 13, 17, 18 og 19).

Spói sást fyrst í Eyjafirði fyrripart maí. Er líða tók á maí, fjöldaði spóa, en fækkaði svo aftur í lok maí og byrjun júlí. Það er því líklegt að einhver umferð hafi verið af spóa um Eyjafjörð í maí.

Í óshólmum Eyjafjarðarár var spóinn aðallega á svæðum 3, 4, 12 og 13 (tafla 14). Spói sást aldrei á leirunni. Tvö spóahreiður fundust á svæði 12. Hreiðrin voru á purrum blettum vöxnum gulstör og innihéldu 3 og 4 egg (tafla 16).

Samkvæmt fjölda spóa í maí hafa sennilega 5 pör verpt í óshólmum Eyjafjarðarár og 10 pör í Svarfaðardal. Þetta er þó lítið brot af fjölda spóa í Eyjafjarðarsýslu.

Tveir spóar voru veiddir í óshólmum Eyjafjarðarár, fullorðinn karlfugl í maí og stálpaður ungi í ágúst. Í vélinda og fóarni fullorðna fuglsins voru leifar af bjöllum og plöntum ásamt sandi, en í unganum voru fiðrilda-lirfur og köngulær ásamt ógreinanlegu mauki og sandi.

Spói sást í fæðuleit í mýrum, stararfloðum og einnig á purrari stöðum einkum mólendi.

Jaðrakan Limosa limosa

Í Eyjafirði var jaðrakan mest í Svarfaðardal, við Skipalón, Laufás og í óshólmum Eyjafjarðarár (töflur 12, 13, 17, 18 og 19).

Fyrstu jaðrakanarnir í Eyjafirði vorið 1974 sáust í lok apríl. Um miðjan maí voru þeir flestir (töflur 12 og 13), en úr því fækkaði þeim þar til í lok júlí og byrjun ágúst en þá fjöldaði þeim aftur. Hér er greinilega um að

ræða umferð um Eyjafjörð til og frá varpstöðvum. Samkvæmt fjölda jaðrakana í apríl og maí hafa líklega 10 pör verpt í óshólmum Eyjafjarðarár og 10 pör í Svarfaðardal.

Við ós Eyjafjarðarár var jaðrakaninn mest á svæðum 16 og 22 (tafla 14). Jaðrakan fór yfirleitt á leiruna um fjöru til fæðuöflunar en var annars á mýrum og á stararflóðum (tafla 15). Sennilegt virðist að aðalfæða jaðrakans á leirunni hafi verið leiruskeri og sandmaðkur, en í mýrum hafur hann sennilega nærst mest á skordýralifum og vatnabobbum

Stelkur Tringa totanus

Í Eyjafirði sást stelkur mest í Svarfaðardal, Gáseyri, Laufá og við ós Eyjafjarðarár.

Vorið 1974 sáust fyrstu stelkarnir í Eyjafirði um miðjan apríl (töflur 12, 13 og 18). Stelknum fjölgaði jafnt og þétt fram í maí en þá fór að bera minna á þeim, í ágúst fjölgaði stelk aftur (töflur 12, 13, 17, 18 og 19). Það er því greinilega umferð af stelk um Eyjafjörð til og frá varpstöðvum í Eyjafirði og næsta nágrenni. Samkvæmt fjölda stelka í apríl og maí hafa sennilega 70 pör verpt í óshólmum Eyjafjarðarár og 50 pör í Svarfaðardal.

Við ós Eyjafjarðarár var stelkur mest á svæðum 14 og 16 um fjöru (tafla 14). Um flóð var stelkurinn nokkuð jafn dreifður í mýrum og stararflóðum. Mun fleiri stelkar sáust um fjöru en flóð og virtist stelkurinn safnast á leiruna af stóru svæði í nágrenni leirunnar.

Stelkarnir sem söfnuðust á leiruna virtust vera í fæðuleit. Aðalfæðan hefur sennilega verið leiruskeri og marflær ásamt loðnuhrognum. Sex fullorðnir stelkar voru veiddir á leirunni í apríl og einn ungfugl og einn fullorðinn í ágúst. Í vélinda og fóarni fuglanna, sem veiddir voru í apríl, fundust eingöngu loðnuhrogn og sandur. Í fullorðna fuglinum sem skotinn var í ágúst fundust leifar af skordýrum og marflóm, loðnuhrognum og sandi. Ungfuglinn

var troðfullur af hrossaflugulirfum; en einnig fundust leifar af fiðrildalirfum og fullorðnum fiðrildum, vorflugupúpur, æðvængjur, tvívængjur og langfætlur ásamt loðnuhrognum. Það er því greinilegt að fæða stelksins er fremur fjölbreytt.

Sendlingur Calidris maritima

I Eyjafirði sást sendlingur við Gáseyri og á-leiru Eyjafjarðarár (töflur 12, 13, 17 og 19). Nokkur umferð sendlinga var um Eyjafjörð í maí (sjá ofnagreindar töflur).

Við ósa Eyjafjarðarár var sendlingur mest á svæðum 14, 14 og 18 (tafla 14). Sendlingurinn safnaðist á leiruna um fjöru í fæðuleit. Um flóð fór hann yfirleitt burt af svæðinu. Sex sendlingar voru veiddir á leirunni í maí. Leifar af marflóm fundust í öllum fuglum ásamt sandi. Leifar af leiruskera fundust í einum fugli og leifar af skordýrum í tweim. Samkvæmt þessu virðast marflær og leiruskeri vera aðalfæða sendlingsins á leirunni.

Lóupræll Calidris alpina

I Eyjafirði sást lóupræll í Svarfaðardal, við Gáseyri, Laufás og við ós Eyjafjarðarár (töflur 12, 13, 17, 18 og 19). Lóupræll sást fyrst um miðjan apríl og fór honum jafnt og þétt fjölgandi allt sumarið fram í ágúst en þá voru þeir flestir. Einhverntíma á tímabilinu frá 12. ágúst til 6. september yfirlágu lóuprælarnir Eyjafjörð.

Við ós Eyjafjarðarár var lóupræll mest á svæðum 14 og 15 (tafla 14). Lóuprællinn safnaðist á leiruna um fjöru í ætisleit. I júlí og ágúst, er lítið var í Eyjafjarðará, safnaðist lóuprællinn á sandeyrar í ánni neðst. I þessum sandeyrum voru nær eingöngu liðormar og rykmýslirfur. I ágúst voru veiddir 19 lóuprælar á leirunni. I fóarni fuglanna fundust leifar af skordýrum, langfætlum og marflóm; krækiberjasteinar og sandur. Leitað var að liðormaburstum í magainnihaldi fuglanna en þeir fundust ekki. Þó virtist líklegt að lóuprællinn æti liðorma á sandeyrum í Eyjafjarðará og einnig á leirunni. Á leirunni virðast marflær hafa verið aðalfæða lóuprælsins. Ekki er vitað

hvort lóuþrællinn étur krækiber á haustin eða hvort steinarnir sem fundust í fóarni fuglanna voru tíndir sem sandkorn (grit).

Óðinshani Phalaropus lobatus

Í Eyjafirði sáust óðinshanar í Svarfaðardal og í óshólmum Eyjafjarðarár. Óðinshanar sáust fyrst 19.5. í óshólmunum og voru horfnir úr hólmunum um miðjan ágúst. Viðvöl þeirra er því örstutt. Óðinshanar héldu sig eingöngu í stararflóðum og á pollum í mýrum (tafla 15). Ekkert er hægt að segja um fjölda varppara.

Kjói Stercorarius parasiticus

Líklega hafa 4 pör verpt á talningasvæðunum í Eyjafirði: 1 par í óshólmum Eyjafjarðarár, 2 pör við Skiplón og 1 par í Svarfaðardal. Kjói sást fyrst í óshólmum Eyjafjarðarár í byrjun maí, um sama leyti og fyrstu kríurnar sáust í hólmunum. Kjóinn hvarf úr hólmunum um svipað leyti um haustið og kriðan.

Stormmáfur Larus canus

Tvö stærstu stormmáfsvörp á landinu af þeim, sem þekkt eru, eru í Eyjafirði. Annað er í Svarfaðardal nálægt ós Svarfaðardalsá. Þar verptu síðastliðið vor 10 pör. Hitt varpið er í óshólmum Eyjafjarðarár, nánar tiltekið á svæði 13 (mynd 6 og tafla 16), þar fundust 11 hreiður við hreiðurleit en eitt hreiður fannst á svæði 8. Við fuglatalningar í apríl og maí sáust 15 pör á leirunni og í hólmunum. Líklegt er að þau hafi öll verpt í hólmunum.

Svartbakur og aðrir stórmáfar

Svartbakur Larus marinus, ásamt silfurmáf, Larus argentatus, hvítmáfi Larus hyperboreus og sílamáfi Larus fuscus, var mikið við árósa og meðfram ströndum í Eyjafirði. Stærstu hóparnir voru við Laufás (100 fuglar), ós Eyjafjarðarár (500-1000), Gáseyri (500-1000) og við ós Svarfaðardalsár (1000). Alls munu hafa verið nálægt 4000 stórmáfar í Eyjafirði. Meiri hluti máfana var svartbakur. Við ós Eyjafjarðarár sátu þessir fuglar helst á svæðum 5, 6, 7, 17, og 18.

Rita Rissa tridactyla

Í Eyjafirði var rita mest úti með ströndinni. Í flugtalningu 10.8. sáust 1200 ritur dreifðar meðfram ströndum beggja vegna Eyjafjarðar. Í apríl-máí voru um 400 ritur við ós Eyjafjarðarár, en mun færri er líða tók á sumar.

Ein rita var skotin í apríl á leiru Eyjafjarðarár. Í fóarni fundust loðnubein og kvarnir. Nokkrar loðnutorfur kómu í apríl og fram eftir maí inn á leiruna, og sáust bæði rita og hettumáfur nýta þessar göngur til fæðuöflunnar.

Hettumáfur Larus ridibundus

Helstu hettumáfsvörp í Eyjafirði 1974 voru í Svarfaðardal, við Skipalón, í óshólmum Eyjafjarðarár, í Hrísey og við Laufás. Í Friðlandi Svarfdæla verptu um 400 pör sumarið 1974. Við Skipalón verptu um 300 pör og um 400 pör í óshólmum Eyjafjarðarár. Í óshólmum Eyjafjarðarár voru vörpin í svæðum 3, 8, 12 og 22 (mynd 6). Hreiðrin voru búin til úr stararstráum og öðrum gróðri og voru yfirleitt í blautum stararflóðum. Einn hettumáfur var veiddur á leiru Eyjafjarðarár í apríl. Í fóarni fundust leifar af marflóm og sandur. Aðalfæða hettumáfsins á þessum tíma virtist þó vera loðna sem gekk inn á leiruna.

Kría Sterna paradisaea

Fyrsta krián sást í Eyjafirði 1. maí. Síðari hluta maí var krián farin að verpa.

Í Svarfaðardal verptu 300 pör. Við Skipalón verptu um 300 pör og í óshólmum Eyjafjarðarár verptu um 600 pör, flest á svæði 13 (mynd 6).

A svæði 13 fundust 56 hreiður 12. júní (tafla 13). Í hreiðrunum voru 1-2 egg eða að meðaltali 1,9 egg í hreiðri. Meðalfjöldi unga í hreiðri var 1. Í lok ágúst var megnið af kriunni farið. Krián leitaði einkum til hafs í fæðuleit.

Brandugla Asio flammeus

Brandugla sást á flugi við Skipalón 22. maí.

3.4.2. Yfirlit yfir einstök svæði

Ós Eyjafjarðarár.

Er talning hófst, í byrjun apríl, var slæðingur af öndum, grágæs og álfu í óshólmum Eyjafjarðarár. Þær andategundir sem þá fundust voru: Stokkond, urtönd, rauðhöfðaönd, grafönd, hávella, æðarfugl og toppönd. Sjö tjaldar voru þá á leirunni ásamt hettumáfum, ritum og stærri máfum, aðallega svartbak.

Er líða tók á apríl fór fuglum að fjölda, einkum álfu, grágæs, rauðhöfða, hávelli og æðarfugli. Nýjar tegundir fóru þá að sjást í hólmunum svo sem duggönd, skúfönd, sandlóa, heiðlóa, stelkur og sendlingur.

Í apríllok og byrjun maí komu horssagaúkur, jaðrakan, löuþræll, kria og kjói í hólmana, en spói og óðinshani komu rétt fyrir miðjan maí. Í maí fjöldaði nær öllum tegundum á svæðinu, einkum álfu, urtönd, rauðhöfðaönd, skúfönd, jaðrakan og stelk. Seinast í maí og í júní fækkaði fuglum í hólmunum, einkum álfu og öndum. Kollurnar voru farnar að liggja á og sáust því ekki, en steiggirnir voru í smáhópum í stararflóðum og myrum, einkum stokkandar- og rauðhöfðasteggirnir.

Í júlí bar mjög lítið á fuglum í hólmunum og á leirunni, en í ágúst fór að lifna yfir fuglalífinu. Þá sáust kollur með unga í myrum og á stararflóðum og steiggirnir virtust hafa yfirgefið hólmana um fellitímann, einkum rauðhöfðasteggirnir, sem fóru einhverntíma á tímabilinu frá 11.6.-18.7. Vaðfuglar hópuðust á leiruna um fjöru, einkum sandlóa, jaðrakan, stelkur og löuþræll. Í lok ágúst fóru allir vaðfuglar af svæðinu (að heiðlóu undanskilinni) ásamt óðinshana, kjóla og kriu. Í september eru nokkrar fuglategundir í hólmunum, svo sem stokkond, duggönd, skúfönd, hávella, æður- og toppönd, ásamt álfu og grágæs en heiðlóa var í hópum á ræktuðu landi. Einnig var nokkuð af hettumáf og stærri máfum á leirunni.

Fuglarnir voru langmest á svæðum 12, 14 og 22. Einnig voru þeir mikil í svæðum 1, 4, 13, 15, 16, 18 og 23.

Helstu vörpin voru á svæðum 4, 8 og 13. Talningarsvæðin voru alls 1188 ha. og skiptust í: Sjó (Sv. 5, 11, 17 og 18) 159 ha, leira (Sv. 6, 7, 9, 10, 14, 16) 202 ha. engi (Sv. 2, 3, 4, 12, 13, 15, 19, 20, 21, 22 og 23) 808 ha. ár (Sv. 1) 10 ha og þurrlendi (Sv. 8) 9 ha.

Svarfaðardalur.

Er talningar hófust í Svarfaðardal 18.4. var sláðingur af stokkond, rauðhöfðaönd, skúfönd og toppönd í friðlandinu, ásamt grágæs, álft, flórgoða, heiðlóu, hrossagauk, stelk, hettumáf og öðrum stærri mafum, einkum svartbak.

30.4.. hafði þessum tegundum fjölgæð, og auk þess höfðu urtönd, grafönd, duggönd og jarakan bæst í hópinn. Í maí fjölgæði þessum tegundum aðeins og spói bættist í hópinn ásamt ódinshana, kríu og kjóa. Í júní sáust hópar af urtandasteggjum, rauðhöfðasteggjum og grafandarsteggjum í Friðlandinu.

Í ágúst sáust örfáir fullorðnir andasteggir í friðlandinu, en talsvert var af kvenfuglum og ungfuglum svo og heiðlóu og löupræl. Öðrum vaðfuglum hafði fækkað. Í september höfðu allir vaðfuglar nema heiðlóa, yfirgefið friðlandið, en mun meira var af grágæs. stokkond, rauðhöfðaönd og heiðlóu en í ágúst. Er líklegt að þessar tegundir komi við í Svarfaðardal er þær yfirgefa varp og fellistöðvar. Við ós Svarfaðardalsár sáust örfáar kríur ásamt 7-800 hettumáfsungum og um 100 svartbökum í flugtalningu 16. maí. Langmesta fuglalífið í Svarfaðardal var í friðlandinu. Andfuglar héldu sig mest við Saurbæjartjörn nálægt Sökku, á tjörn við Tjörn, og á Svarfaðardalsá næst þjóðvegi. Vaðfuglar voru nokkuð dreifðir um Friðlandið.

Gáseyri og Skipalón.

Hinn 30. apríl sáust 2 grágæsir, 1 tjaldur, 40 stelkar og 3 löuprælar við Gáseyri. Pennan dag var ekki talið á

Skipalóni. Í maí sáust 150 grágæsri, 3 heiðagæsri og 100 helsingjar ásamt nokkrum pörum af stokkond, rauðhöfða-önd, grafönd, toppönd, skúfönd og einkum skeiðandarstegg. Einnig sáust nokkrir tjaldar, sandlóur, heiðlóur, hrossa-gaukar, spórar, jaðrakanar, stelkar og lóuþrælar. Kjósi hettumáfur og kria voru upp með ós Hörgár ásamt svartbakí og öðrum stórum mafum. Í ágúst hafði grágæs, jaðran-kan, lóuþræl, hettumáf og svartbak fjölgað á svæðinu, en öðrum tegundum hafði fækkað. Endur og gæsir voru flestar við Skipalón í myrum, tjörnum og á árkvislum. Vaðfuglarnir voru flestir í myrum og móum nema stelkur og lóuþræll sem voru mikið á leirunni við Gáseyri.

Laufás

Hinn 29. apríl sáust 2 álfir, 145 grágæsir, 20 stokkendur, 100 rauðhöfðaendur og 2 grafendur ásamt 12 heiðlóum og 50 stelkum. 12. maí sást minna af þessum tegundum, en auk þess sáust 2 urtendur, 2 grafendur og 10 skífendur ásamt 3 spóum og 1 jaðrakan.

Hinn 20. júlí sáust 40 tjaldar, 80 stelkar og um 200 svartbakar á leirunni við ós Fnjóskár. 10 ágúst sáust 2340 grágæsir, 30 stokkendur, 111 urtendur, 14 rauðhöfðaendur, 30 tjaldar, 220 stelkar, 150 lóuþrælar, 600 hettumáf, 400 kriur og um 1000 stórmáf.

Athyglisverður er fjöldi vaðfugla á leirunni í júlí og ágúst og fjöldi grágæsa, urtanda og rauðhöfðaanada í ágúst.

Ströndin beggja vegna Eyjafjarðar frá Hrísey til Akureyrar

Athuganir á þessu svæði voru gerðar úr lofti. Í byrjun apríl var nokkurt magn af hávellum og æðarfuglinn á sjónum út með Eyjafirði (tafla 17). Kynjahlutfallið var nokkuð jafnt og hafa þetta því líklega verið varpfuglar, einkum þó æðarfuglinn. Nokkrar toppendur og stokkendur voru einnig á við og dreif meðfram ströndum.

Af mafum var mest af ritu, einkum utarlega í Eyjafirði. Mun minna var af stærri mafum, svo sem svartbak og silfur-máf.

Um miðjan maí var hávella svo til horfin og mjög lítið sást af æðarfugli. Sömu sögu er að segja um ritu og stærri máfa. Kría var dreifð um fjörðinn í ætisleit. Grágæsir sáust nokkuð dreifðar á þurrlendi meðfram ströndinni, en stokkendur, rauðhöfðaendur og duggendur voru í lygnum víkum og pollum inn í landi.

I ágúst hafði æðarfugli (kollum meðlunga) og hávelli fjölgað verulega. Ritu hafði einnig fjölgað og stærri máfum, en kríu hafði aðeins fækkað frá því í maí. Slæðingur af stelk var á grjótfjörum.

4. ALYKTANIR

4.1. Leirur

Leirur í Eyjafirði og á Siglufirði eru maðkaleirur, þar sem sandmaðkur og leiruskeri eru ríkjandi. Tegundafjöldi eykst eftir því sem utar dregur á leirurnar og þær eru lengur undir sjó. Tegundafjöldi og þéttleiki dýra er þó fremur lítill, einkum borið saman við þekktar fjörur á suðvesturlandi.

Astæða er til að kanna lífþyngd og útbreiðslu leiruskeri á leiru Eyjafjarðarár aðeins nánar, þar sem nær eingöngu fundust stórir ormar við sýnatöku en ekkert ungviði. Þetta bendir e.t.v. til þess að áraskipti geti verið á magni þessarar tegundar. Virðist hugsanlegt að fjöldi og lífþyngd leiruskeri sé að jafnaði heldur meiri en kom fram við sýnatöku sumarið 1974.

A leiru Eyjafjarðarár var dýralífið mest og fjölbreyttast neðst á leirunni að vestanverðu. Þetta svæði hefur þegar orðið fyrir röskun vegna végarlagnningar. Tæplega getur vafi leikið á því að með lagningu þessa végar hefur verið raskað þýðingamesta fæðusvæði leirunnar.

4.2. Grýttar fjörur

Ríkjandi dýr í grýttum fjörum í Eyjafirði, Siglufirði og Ólafsfirði eru marflær ásamt klettadoppu, krækling og

líðormum, en ríkjandi þangtegundir voru skúfapang, bólupang og klóþang. Tegundafjöldi í þessum fjörum er fremur lítill, einkum borið saman við grýttar fjörur á suðvesturlandi.

3.4. Mýrar

Mýrar í Eyjafirði eru einkum gulstararflæði, en tjarna-stör og vetrarkvíðastör vaxa víða í flákum innan um gul-störina. Ríkjandi dýralíf í þessum mýrum er rykmý, lið-ormar, vatnabobbar og vatnasamlokur ásamt vorflugulirfum og brunnkluukkum.

Um fjölbreytni dýrasamfélaga í mýrum í Eyjafirði borið saman við aðra landshluta er ekkert hægt að segja þar sem hliðstæð könnun á dýralífi í mýrum hefur ekki farið fram annars staðar á landinu.

4.4. Fuglalíf

Þeir fuglar sem settu svip sinn á fuglalífið í Eyja-firði voru einkum máfar, andfuglar og vaðfuglar.

Eyjafjörður virðist vera á farleið andfugla og vað-fugla vor og haust er þeir leita til og frá varpstöðvum. Helstu viðkomustaðir þessara fugla eru leirur og óshólmur Eyjafjarðarár og neðanverður Svarfaðardalur. Sennilega koma þessir fuglar einnig við í Fnjóskárós og Skipalóni. Þessi svæði eru því ekki aðeins mikilvæg fyrir fuglalífið í sjáflum Eyjafirði heldur einnig fyrir fuglalíf næsta nágrennis og jafnvel víðar.

Fuglalífið í Svarfaðardal og við ós Eyjafjarðarár virtist vera mjög svipað. Nær sömu tegundir fundust á báðum stöðum og fjöldi fugla á km² er mjög svipaður, þrátt fyrir það að engin leira er við ós Svarfaðardalsár. Þó ber þess að gæta að Laufásleira er rétt hinum megin við fjörðinn og er því hugsanlegt að vaðfuglar úr Svarfaðar-dal safnist þangað um fjöru í ætisleit. Óshólmur Eyja-fjarðarár virðast vera mjög heppilegir sem varp- og fæðu-öflunarsvæði. Smádýralif í mýrum er mikið og hólmarnir eru víða vaxnir birki, víði og hvönn, einkum þar sem átroðningur er lítill af mönnum og búfénaði, og eru þar af leiðandi heppileg varpsvæði. Helstu varpfuglar í hólmunum

eru æðarfugl, grágæs, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd og toppönd, ásamt hrossagauk, stelk, spóa, jaðrakan, stormáf, hettumáf og kriú. Sennilega má auka til muna fuglalífið í hólmunum með friðun þeirra.

Lítið er hægt að fullyrða um fæðu fugla í Eyjafirði. Máfarnir ásamt æðarfugli og hávellu sóttu fæðu sína til sjávar, vaðfuglarnir sóttu fæðu sína á leirur um fjörum en í mýrar um fljóð og andfuglar (aðrirí en æður og hávella) sóttu fæðu sína einkum í stararfljóð, tjarnir og árkvíslar. Helstu fæðutegundir máfa hafa sennilega verið loðna og annar fiskur ásamt fiskúrgangi frá bátum og fiskvinnslustöðvum.

A leirum hefur aðalfæða vaðfugla líklega verið leiruskerti og sandmaðkur ásamt marflóm og loðnuhrognum en í mýrum hefur aðalfæðan verið skordýralirfur, vatnabobbar o.s. frv.

Astæða hefði verið til að kanna nánar fæðuval vaðfugla við ós Eyjafjarðarár sumarið 1974. Tvær ástæður lágu fyrir því að það var ekki gert. Önnur er sú að mjög erfitt var að veiða fuglana, og einnig var hvimleitt að skjóta fugla á leirunni, þar sem byggð var svo nærri. Hin ástæðan er sú að ýmsir vaðfuglastofnar við ós Eyjafjarðarár vorið og sumarið 1974 voru svo litlir að þeir boldu ekki nema mjög takmarkaða veiði.

Að loknum rannsóknum vorið 1975 verður væntanlega hægt að meta betur gildi leirunnar fyrir fuglalífið í Eyjafirði.

5. Heimildir:

Agnar Ingólfsson, Arnþór Garðarsson, Sveinn Ingvarsson.
1972. Botndýralif á Akureyrarpollí. Könnun í marz 1972.
64 bls. Reykjavík.

Arnþór Garðarsson, Jónbjörn Pálsson, Agnar Ingólfsson. 1974.
Könnun og kortlagning lífríkis á suðurhluta Leiruvogs,
nærri Reykjavík. 37 bls. Reykjavík.

Arnþór Garðarsson. 1975. Íslenskir votlendisfuglar.
Votlendi. Rit Landverndar 4:100-134.

Akureyrarleira í apríl 1974. Kornastærðargreining.

Stöð Nr.	Þurrvigt (g)	% af þyngd sýnis			
		Kornastærð		Kornastærð	Kornastærð
		>0.55mm	0.55mm- 0.30mm	0.30mm- 0.16mm	<0.16mm
A0	275	47	49	2	2
A1	289	38	52	4	4
A2	312	72	21	4	3
A3	199	72	25	2	1
A4	227	36	22	23	18
A5	271	26	28	23	23
A6	302	31	30	24	15
B1	319	30	60	8	2
B2	218	20	66	7	7
B3	276	59	32	4	5
B4	320	85	13	1	1
B5	301	55	40	4	1
B6	291	48	33	12	7
C1	227	2	77	6	15
C2	205	10	55	16	19
C3	239	36	50	11	3
C4	265	26	17	47	10
C5	230	15	63	15	7
C6	310	24	53	15	8
D1	286	7	85	4	4
D2	273	26	50	9	15
D3	302	36	53	6	5
D4	200	47	39	11	3
D5	224	25	55	15	5
D6	298	32	50	13	5
E1	270	41	29	16	13
E2	301	67	32	1	0
E3	283	25	68	4	3
E4	291	11	67	17	5
E5	270	28	55	14	3
E6	211	57	33	7	3
F1	200	26	21	44	29
F2	226	4	24	42	30
F3	291	3	44	42	11
F4	234	21	46	24	9
F5	276	36	45	13	6
F6	253	83	15	2	0

Tafla 2

Leira Eyjafjarðar ár apríl 1974.
 (Rammað og greiparsýni)

Meðalfjöldi og meðalþyngd dýra á m², % af heildarfjölda og heildarþyngd og % af tíðni.

Tegund	Meðalfjöldi á m ²	Meðalþyngd á m ² (g)	% af heildar- fjölda	% af heildar- þyngd	% af tíðni
<i>Gammarus zaddachi</i>	25,8	0,6	7,9	24,2	17
<i>Pseudalibrotus littoralis</i>	35,8	1,0	11,0	39,9	32
<i>Nereis diversicolor</i>	70,8	0,7	21,7	29,0	30
<i>Pygospio elegans</i>	24,6	—	7,5	1,1	11
<i>Oligochaeta G. sp.</i>	166,2	0,1	51,0	5,8	11
<i>Chiromomidae G. sp.</i>	2,8	—	0,9	—	5
Alls	326	2,4	100		

Tafla 4

Akureyrarleira maí 1974

Tog með háfsleða.		Heildarfjöldi dýra Fj (á um 180 m ²)	
Aðfall	2. maí	Aðfall	20. maí
Fj.	Fj.	Fj.	Fj.
<i>Gammarus zaddachi</i>	3	3 ²	4
Alls	3	3 ²	4
<i>Gammarus zaddachi</i>	64	16	5
<i>Pseudalibrotus littoralis</i>	1	1	5
<i>Mysis oculata</i>	26	1	1
<i>Oligochaeta</i>	143	11	11
Alls	64	4	4
<i>Gammarus zaddachi</i>	402	71	113
<i>Pseudalibrotus littoralis</i>	2	8	8
<i>Decapoda lirfur</i>	6	52	50
<i>Oligochaeta</i>	7	1	1
<i>Chironomidae lirfur</i>	1	470	121
<i>Insecta lirfur</i>	1		121
Alls	470		18
<i>Gammarus zaddachi</i>	469	182	118
<i>Pseudalibrotus littoralis</i>	2	1	13
<i>Decapoda lirfur</i>	6		1
<i>Mysis oculata</i>	52	76	76
<i>Oligochaeta</i>	7	1	1
<i>Chironomidae lirfur</i>	537	259	132
Alls	537		26

Akureyrarleira maí 1974.

Leiruskerasýni (25x25x20 cm) tekin á 29 stöðvum.
Fjöldi, þyngd, fjöldi á m² og þyngd á m² (g).

Stöð Nr.	Fjöldi	Þyngd (g)	Fjöldi á m ²	Þyngd á m ²
A-0	28	5,2	448	83.2
A-1	10	0.9	160	14.4
A-2	12	2.0	192	32.0
A-3	9	1.5	144	24.0
A-4	13	0.6	208	9.6
A-5	17	1.7	272	27.2
B-5	1	-	16	-
C-5	4	2.0	64	32.0
F-5	2	0.1	32	1.6
<hr/>				
Alls	96	14.0	1536	224.0
\bar{x}	3	0.5	53	7.7

% tíðni 31

\bar{x} = Meðalfjöldi og meðalþyngd

Laufásleira, júlí 1974.
Kornastærðargreining

Sýni Nr.	Þurrvigt (g)	% af þyngd sýnis.			
		Kornastærð >0.55mm	Kornastærð 0.55mm- 0.30mm	Kornastærð 0.30mm- 0.16mm	Kornastærð < 0.16mm
1	249	67	13	15	5
2	235	14	68	15	3
3	271	22	69	9	1
4	269	53	25	8	14
5	310	29	59	10	2
6	291	26	52	16	6
7	305	15	69	13	3
8	277	16	67	14	3
9	267	8	44	38	10
10	250	16	50	28	6

Gáseyrarleira, júlí 1974.
Kornastærðargreining

Sýni nr.	Purrvigt (g)	% af þyngd sýnis			
		Kornastærð $> 0.55\text{mm}$	Kornastærð 0.55mm- 0.30mm	Kornastærð 0.30mm- 0.16mm	Kornastærð $< 0.16\text{mm}$
1	301	78	7	7	9
2	311	72	14	5	9
3	298	40	16	34	10
4	295	25	10	55	11
5	279	46	1	25	15
6	263	19	15	5	9
7	259	54	29	10	7
8	284	77	22	1	0
9	297	93	10	0	0
10	300	81	17	1	0

Siglufjarðarleira í júlí 1974

Kornastærðargreining

Sýni nr.	Furrvigt (g)	% af þyngd sýnis			
		Kornastærð $> 0.55\text{mm}$	Kornastærð 0.55mm- 0.30mm	Kornastærð 0.30mm- 0.16mm	Kornastærð $< 0.16\text{mm}$
1	311	22	57	14	7
2	297	56	26	13	5
3	249	57	30	10	3
4	301	13	44	39	3
5	281	30	48	16	6
6	263	14	73	12	2
7	293	42	42	12	5
8	303	22	59	14	5
9	276	16	70	13	2
10	269	32	52	11	5

Laufásleira og siglufjarðarleira.

Heildarfjöldi dýra. % af heildarfjölda

Meðalfjöldi á m² og % tíðni.

Í 0 sýni á hvorrum stað, hvert 20x20x10 cm.

Tegundir:	Laufásleira			Siglufjarðarleira		
	Fjöldi alls	% af heildar fjölda á m ²	% tíðni	Fjöldi alls	% af heildar fjölda á m ²	% tíðni
Krabbadýr:						
<i>Gammaeus zaddachi</i>				6	3	15
<i>Gammarus oceanicus</i>				2	1	10
<i>Pseudalibrotus littoralis</i>	1	3	2,5	2	1	10
Burstaormar:						
<i>Nereis diversicolor</i>	18	53	45	40	7	30
<i>Pygospio elegans</i>	13	38	32,5	30	12	40
<i>Capitella capitata</i>					1	2,5
<i>Spioph. filicornis</i>					1	10
<i>Arenicola marina</i>	1	3	2,5	10	1	2,5
Liðormar:						
<i>Oligochaeta G. sp.</i>	1	3	2,5	10	152	70
Skordýr:						
<i>Chironomidae lirfur</i>				2	1	5
Alls	34	100	85			2
				178	100	445

Tafla 9

Fjörur í Eyjafirði, Glafsfirði og Siglufirði. Júlí 1974

(50x100 cm sýni)
Meðalfjöldi (f) og meðalþyngd (g) dýra á m²

		Grenivík	Saurbrúar-	Hallands-	Fórsnes	Gásir	Víkurþakki	Litli-Arskógs
f	g	f	g	f	g	f	g	sandur
Mollusca								
Gastropoda								
Littorina saxatilis	56	4	97	14	x	35	3	1
Littorina obtusata	14	1				1		16
Lacuna divaricata								3
Bivalvia								
Mytilus edulis	16	5	8	11	4	2	23	14
Crustacea								25
Gammarus spp.	51	2	42	2	250	6	44	
Jaera spp.	14	11		x	4	1	79	290
Idotea spp.						14	2	8
Polychaeta								
Nereis diversicolor	x		2		3	x		
Nemertina G. sp.								
Turbellaria G. sp.								
Oligochaeta G. sp.								
Chironomidae G. sp.								
Tipulidae G. sp.								
Alls	159	12	184	27	255	6	3523	9
Pekja þörunga (%)	10-50	5	5-10	5-40	20-30		+	
Verrucaria spp.								
Fucus disticus								
Fucus vesiculosus								
Aseophyllum nodosum								
Balanus balanoides								

+ = 5% eða minna.
x = til staðan í sýni

	Ólafsfjörður		Siglufjörður	
	f.	g.	f.	g.
Mollusca				
Gastropoda				
Littorina saxatilis			1	
Littorina obtusata				
Lacuna divaricata				
Bivalvia				
Mytilus edulis	12	24		
Crustacea				
Gammarus spp.	120	7	111	9
Jaera spp.			2	
Idotea spp.				
Polychaeta				
Nereis diversicolor				
Nemertini G. sp.				
Turbellaria G. sp.				
Oligochaeta G. sp.	11			
Chironomidae G. sp.	26			
Tipulidae G. sp.	1			
Alls	120	7	164	33
<hr/>				
Pelja pörunga (%)				
Verrucaria spp.				
Fucus disticus			10-60	
Fucus vesiculosus				
Ascophyllum nodosum				
Balanus balanoides		+		

Fjöldi og þyngd dýra sem komu í háf um háfjöru.

	Marflær		Lacuna divaricata		Alls	
	Fj.	þ. (g)	Fj.	þ. (g)	Fj.	þ. (g)
Grenivík	40	0.9			40	0.9
Saurbrúargerði	10	0.2			10	0.2
Hallandsnes	13	0.2			13	0.2
Pórsnes	5	0.2			5	0.2
Gásir	31	0.3	20	0.5	51	0.8
Víkurbakki	93	0.1			93	0.1
Litli Arskógssandur	50	0.4			50	0.4
Ólafsfjörður	20	0.1			20	0.1
Siglufjörður	31	0.3			31	0.3
	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	293	2.7	20	0.5	313	3.2

Mýrar í Eyjafirði og Svarfaðardal.

April og maí 1974
(20x20 cm sýni).

Tafla 11

Meðalfjöldi dýra á m². Skýringar: L=lirfur, P=púpur, N=nymfur, (n), dags.

Akureyri:

Gulstör	Gulstör	Vetrarkvíðast.	Tjarnastör	Laugaland	Svarfaðardalur
(7) 6.4.	(10) 23.5.	(7) 17.4.	(6) 17.4.	Tjarnastör	Gulstör
Svörður	Svörður	Svörður	Svörður	(5) 21.5.	(5) 22.5.
Rót	Rót	Rót	Rót	Svörður	Svörður
Mollusca					
Gastropoda					
Lymnaea peregra	71	14	7	21	
Lymnaea truncatula		4			
Bivalvia					
Pisidium spp.					
Insecta					
Chironomidae					
Chironomus spp. L.	1096	300	12	115	2036
Ærir Chironomidae L	143	4	18	28	7
Trichoptera					
Agrypnæa picta L.		11			
Limnephilus sp. L				46	4
Dytiscidae					
Hydroporus nigrita					
Agabus bipustulatus					
Staphilinidae					
Atheta graminicola					
Hemiptera					
Salda sp. N		146			
Aðrar Hemiptera			X*	X	
Insecta G. sp. P		64	5	23	4
Aranea G. sp.		21	3		
Acarai G. sp.		100	108	48	
Oligochaeta G. sp.		8	4	27	365
Alls	1675	321	193	580	2146
Heildarfjöldi á m ²	1996	773		2878	2579

Gulstör	Gulstör	Vetrarkvíðast.	Tjarnastör	Laugaland	Svarfaðardalur
(7) 6.4.	(10) 23.5.	(7) 17.4.	(6) 17.4.	Tjarnastör	Gulstör
Svörður	Svörður	Svörður	Svörður	(5) 21.5.	(5) 22.5.
Rót	Rót	Rót	Rót	Svörður	Svörður
Mollusca					
Gastropoda					
Lymnaea peregra	71	14	7	21	
Lymnaea truncatula		4			
Bivalvia					
Pisidium spp.					
Insecta					
Chironomidae					
Chironomus spp. L.	1096	300	12	115	2036
Ærir Chironomidae L	143	4	18	28	7
Trichoptera					
Agrypnæa picta L.		11			
Limnephilus sp. L				46	4
Dytiscidae					
Hydroporus nigrita					
Agabus bipustulatus					
Staphilinidae					
Atheta graminicola					
Hemiptera					
Salda sp. N		146			
Aðrar Hemiptera			X*	X	
Insecta G. sp. P		64	5	23	4
Aranea G. sp.		21	3		
Acarai G. sp.		100	108	48	
Oligochaeta G. sp.		8	4	27	365
Alls	1675	321	193	580	2146
Heildarfjöldi á m ²	1996	773		2878	2579

*X Fannst í sýni.

Fjöldi andfugla og vaðfugla við ós Eyjafjarðarár

um fjöru í apríl-sept. 1974.

Tegund	1.4.	16.4.	18.4.	1.5.	4.5.	9.5.	14.5.	19.5.	11.6.	18.7.	8..8.	12..8.	6..9.	14..9.	Heildarfjöldi
Alft	24	5	43	77	44	43	4	2	105	63	133	9	5	9	287
Grágæs	-	19	35	49	60	52	98	61	59	41	142	170	74	186	1105
Stokkörnd	30	93	62	61	94	35	39	56	7	4	5	75	28	21	836
Urtönd	3	-	4	37	16	16	9	156	7	57	19	20	-	-	193
Rauðhöfðaörnd	26	58	100	204	188	198	164	94	9	-	-	19	32	-	1303
Grafönd	3	-	7	8	9	4	-	-	-	-	-	-	-	-	44
Skeiðönd	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Duggönd	-	-	1	1	1	2	-	-	-	2	2	2	-	-	15
Skúfönd	-	-	-	-	11	13	12	31	29	10	4	10	9	5	2
Háveilla	5	28	26	8	11	11	23	9	4	2	6	10	5	3	136
Æðarfugl	100	2	5	427	50	85	46	59	149	25	4	6	3	3	143
Toppönd	40	7	21	17	14	3	4	1	5	1	17	-	2	6	999
Tjaldur	7	28	16	4	6	9	3	12	22	33	9	4	-	-	134
Sandlára	-	-	-	-	8	6	-	7	1	6	59	44	-	-	154
Heiðlára	-	-	1.3	12	6	-	6	-	-	60	-	-	-	-	137
Tildra	-	-	-	-	-	-	-	36	-	-	-	-	-	-	268
Hrossaagukur	-	-	-	9	5	5	5	2	15	1	16	-	-	-	36
Spóri	-	-	-	-	-	-	11	24	11	9	-	3	-	-	58
Jaðrakan	-	-	-	-	4	23	17	31	16	8	26	9	17	-	58
Stelkur	-	-	50	123	267	269	211	158	146	72	171	54	340	1	151
Sendlingur	-	-	-	156	270	68	113	-	-	-	-	-	2	-	1862
Lóupræll	-	-	-	3	10	58	29	58	23	154	265	471	-	-	609
Øðinshani	-	-	-	-	-	-	-	4	52	20	20	-	-	-	1071
Samtals	238	291	452	1321	1117	845	773	628	700	583	964	1196	287	300	9695

Fjöldi andfugla og vaðfugla við ós Eyjafjarðarár
um f16ð 1 apríl-sept. 1974.

Tegund	4.4.	5.4.	14.4.	29.4.	5.5.	9.5.	14.5.	10.6.	18.7.	7.8.	12.8.	5.9.	14.9.	Heildarfjöldi
Alft	27	17	43	77	27	49	4	4	9	9	9	-	-	275
Grágæs	2	-	56	175	56	58	126	100	70	136	178	87	112	1156
Stokkkönd	105	106	60	52	93	56	36	85	53	87	83	26	15	857
Urtönd	-	-	4	4	39	17	4	2	29	68	26	-	-	189
Rauðhöfðaönd	23	24	86	200	272	310	163	162	7	57	30	10	30	1374
Grafönd	3	-	6	4	2	-	4	-	-	1	-	-	-	26
Skeiðönd	-	-	1	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1
Duggönd	-	-	-	-	12	18	12	30	9	2	4	2	2	12
Skúfönd	-	-	9	22	14	16	11	2	6	4	7	4	-	111
Hávella	5	11	4	550	97	102	50	59	22	16	11	55	2	3
Æðarfugl	6	6	10	4	21	25	10	6	2	2	5	4	-	112
Toppönd	31	10	14	29	4	6	-	-	1	4	2	23	6	987
Tjaldur	6	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	136
Sandlba	-	-	-	15	-	16	26	6	-	-	-	-	-	84
Heiðlba	-	-	-	-	-	1	-	-	-	-	-	-	-	60
Tildra	-	-	-	-	-	1	-	-	-	-	-	-	-	152
Hrossagaukur	-	-	-	-	8	8	10	10	15	2	-	-	-	1
Spói	-	-	-	-	-	-	3	6	11	10	-	-	-	57
Jaðrakan	-	-	-	-	4	11	10	12	8	11	5	3	-	33
Stelkur	-	-	-	-	43	78	80	53	47	179	29	350	-	77
Sendlingur	-	-	75	-	-	55	-	-	1	-	-	-	2	1078
Lóupræll	-	-	-	-	-	-	-	-	1	124	221	260	-	131
Öðinshani	-	-	-	-	-	-	-	40	19	7	-	-	-	606
Samtals	208	188	605	1176	817	772	521	553	553	719	1015	245	209	7581

Tafla 14

Ós Eyjafjarðarár, apríl-september 1974.
% af heildarfjölda fugla á talningasvæði.

Tegund	Svæði Nr.1	2	3	4	12	13	14	15	16	18	19	20	21	22	23	Önnur svæði	Heildarfjöldi
Alft	-	-	-	1	-	1	-	-	1	-	-	1	-	1	-	27	69
Grágæs	1	12	7	24	6	1	1	0*	2	-	0	-	7	19	3	17	562
Stokkörn	13	3	2	1	27	3	9	10	0	4	5	2	4	14	3	0	2261
Urtörn	21	2	2	3	24	1	2	5	1	-	3	7	4	16	4	5	1693
Rauðhöfðaönd	3	1	1	9	6	1	1	1	0	-	1	1	1	65	9	0	382
Skúffönd	7	1	-	-	1	5	26	3	0	-	1	3	2	38	13	-	2677
Toppönd	5	3	3	1	16	26	5	9	1	1	-	-	1	16	4	9	247
Tjaldur	-	-	-	1	7	41	-	38	0	-	-	-	-	3	5	5	270
Sandláa	4	-	-	4	2	66	6	4	-	-	-	-	-	1	17	5	238
Jaðrakan	9	8	1	-	6	25	25	-	29	3	3	3	8	19	4	2	197
Stelkur	1	2	0	0	2	4	44	6	20	6	2	2	2	3	4	2	228
Sendlingur	-	-	0	-	-	-	23	-	28	35	-	-	-	-	-	14	740
Lóupræll	4	4	0	-	1	6	59	11	5	5	0	-	-	-	-	9	1677*
Alls	68	32	16	39	92	55	282	51	129	54	15	19	29	220	119	80	14112

* Ath. 0 tálknar minna en 0.5%

Ós Eyjafjarðarár, apríl-september 1974.
Dreifing fugla eftir landsgerðum, % af heildarfjölda.

Tegund	Sjó	Leira	A	Engi	Annað	Heildar-
	159 ha	202 ha	10 ha	808 ha	9 ha	fjöldi
Alft	1			99		562
Grágæs		16		84		2261
Stokkönd	14			86		1693
Urtönd	7			93		382
Rauðhöfðaönd	1			99		2677
Grafönd	6			94		70
Duggönd	59		41			27
Skúfönd	30		70			218
Hávella	73		27			255
Æðarfugl	94				6	1986
Toppönd	6		94			270
Tjaldur		84			16	238
Sandlöa	88				12	197
Heiðlöa					100	420
Hrossagaukur				100		115
Spói				100		91
Jaðrakan		38		62		228
Stelkur		67		33		2940
Sendlingur		100				740
Lóuþræll		78			22	1677
Öðinshani				100		162
Alls	379	383	232	950	156	17209

Fjöldi hreiðra, eggja og unga sem fundust við
hreiðurleit í óshólmum Eyjafjarðarár 12.-13. júní.

Tegund	Fjöldi hreiðra	Fjöldi eggja	Fjöldi unga:	Heildarfj. eggja:
Alft	1	1	1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13,	?
Grágæs	12	1 1 2 2 1 2 1	1, 2, 3,	55
Stokkónd	6	1 1 2 1 2 1	1, 2,	43
Rauðhöfðaönd	10	1 1 1 1 5 1	1, 2,	88
Duggönd	1	1	1	2
Hávella	1	1	1	8
Aður	27	17 2 3 4 1	1, 2,	42
Toppönd	1	1	1	7
Tjaldur	3	3	1	9
Sandlóá	1	1	1	4
Hrossagaukur	1	1	1	4
Spói	2	1 1	1	7
Stormáfur	13	10 2	1	14
Hettumáfur	38	10 4 16	1	66
Kría	56	14 42	7	98

Flugtalningar í Eyjafirði 1974.

Skýringar:	Sk.= Skipalón,	Sv.= Svarfaðardalur,	La.= Laufás,	Ak.= Akureyri,	St.= Ströndin	2.4		29.4.		29.4.	
						Sv.	La.	Ak.	St.	Alls	Sk.
Dílaskarfur	-	-	-	-	-	8	8	-	-	-	-
Flörgoði	-	-	-	-	-	17	17	-	-	2	-
Alft	-	-	-	-	-	1	1	-	-	13	-
Grágæs	-	-	-	-	-	-	-	-	-	80	145
Heiðagæs	-	-	-	-	-	-	-	-	-	212	22
Stokkörn	2	46	98	28	13	187	6	-	-	46	8
Urtönd	-	-	1	-	1	1	-	-	-	116	-
Rauðhöfðaönd	-	20	8	-	-	28	40	-	-	100	10
Grafönd	-	-	-	-	-	-	-	-	-	206	570
Anas spp.	3	-	-	-	-	3	-	-	-	4	4
Duggönd	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Skútfönd	-	20	167	3	1314	1504	-	2	-	20	660
Hávella	20	210	35	2593	2858	50	40	50	50	2024	682
Æður	-	2	5	26	35	4	-	10	10	18	2164
Toppönd	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2
Gulönd	-	-	7	9	2	18	-	-	-	4	4
Tjaldur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Sandlóa	-	-	-	-	-	-	-	-	-	10	33
Heiðlóa	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Hrossagaðukur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Spóli	-	-	-	-	-	-	-	-	-	4	14
Jáðrakan	-	-	-	-	-	-	-	-	-	41	86
Stelkur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	150
Sendlingur	-	60	-	70	130	30	-	-	-	-	339
Lögupræll	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	180
Stórir mafar	11	101	70	933	1115	X*	X	X	X	-	X
Rita	-	-	-	-	-	20	102	90	90	-	-
Hettumáffur	260	325	687	4637	4637	-	X	-	-	-	-
Krifia	-	-	-	-	-	30	1302	-	-	-	-
Kjófi	-	1	-	-	-	11	18	30	1	-	3
Hrafn	-	318	69	977	866	9644	11874	262	463	414	676
Samtals											2970
											4785

* X = Viðkomandi fuglar ekki taldar

Flugtalaningarár í Eyjafirði 1974

skýringar: Sk.= Skípalón, Sv.= Svarfaðardalur, La.= Laufás, Ak.= Akureyri, St. Ströndin

	Sk.	Sv.	La.	Ak.	St.	Alls	Sk.	Sv.	La.	Ak.	St.	Alls
Díllaskarfur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	22
Flórgoði	-	2	-	-	-	2	-	-	-	-	-	1
Alft	-	7	5	-	-	12	-	-	5	-	-	14
Grágæs	38	34	96	51	9	219	388	300	2340	56	555	3639
Heiðagæs	-	6	12	5	13	3	35	-	4	28	-	55
Stokkkönd	2	8	3	2	-	24	-	7	111	-	-	87
Urtönd	11	11	45	31	7	3	86	-	330	14	-	118
Rauðhöfðaönd	-	-	4	4	1	-	-	-	-	-	-	344
Grafönd	-	4	-	5	3	18	-	-	-	-	-	222
Anas spp.	10	-	-	2	-	24	32	-	-	-	-	-
Duggönd	-	6	5	9	10	64	-	-	-	-	-	-
Skúffönd	-	40	4	1	-	7	-	-	-	-	-	-
Hávella	-	2	450	76	211	760	-	-	-	-	-	-
Æður	23	-	2	5	5	6	19	-	22	-	22	240
Toppönd	1	2	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1142
Gullönd	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	24
Tjaldur	13	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Sandlóða	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Heiðlóða	-	-	-	8	-	-	8	-	-	-	-	-
Hrossagaðkur	-	-	18	2	16	2	-	-	-	-	-	-
Spóli	5	-	-	-	-	-	43	1	-	1	-	50
Jáðrakan	-	9	59	16	11	2	10	30	4	-	21	52
Stelkur	14	-	-	-	-	-	102	30	120	220	200	50
Sendlingur	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	55
Lóupræll	20	-	-	3	-	-	23	460	-	151	100	620
Stórir máfar	50	1017	200	100	10	1377	-	1000	1000	-	-	711
Rita	1	-	X	-	-	-	30	31	-	150	100	2550
Hettumáfur	1080	962	523	1388	15	3968	-	-	-	-	-	1200
Krifla	470	X	100	14	500	1084	400	300	400	500	-	1900
Kjófi	-	-	-	1	-	-	-	-	-	-	-	900
Hrafn	-	-	-	-	23	24	-	-	-	-	-	10
Samtals	1738	2233	1463	1711	842	7987	2609	2788	3402	1302	3832	13933


X= viðkomandi fuglar ekki taldir.

FUGLATAALNINGAR.

Teigund	Svarfaðardalur						apríl-sept.			1974			1974			Samtals
	18.4.	30.4.	16.5.	22.5.	11.6.	19.7.	9.8.	6.9.	14.9.							
Flórgoði	1	2	7	6	3	3	4	4	4	29						
Álf	2	10	7	8	1	5	5	7	7	52						
Grágæs	28	29	116	92	131	11	157	160	43	767						
Heiðagæs			5							5						
Helsingi			1							1						
Stokkönnd	48	45	47	30	36	6	38	9	9	268						
Urtönd		10	14	18	37	10	1				103					
Rauðhöfðaörnd	90	206	96	44	114	4	125	204	110	993						
Grafönd		4	4	5	10	19	21	4	6	23						
Duggjönd		20	6	8	19	21	33	21	4	74						
Skúfönd	4	12	87	21	33	7				189						
Hávella											10					
Toppiönd	12	29	8	3	1					85						
Guðjönd																
Heiðóra	17	62	37	66	26					1120						
Hrossagaukur	2	2	26	12						42						
Spóli			20	17	4					49						
Jáðrakan		20	8	9	13					66						
Steikur	1	55	87	60	49	12	6	1		271						
Löubræll					10	60				70						
Öðinshani				2	56	16	7			81						
Kjói				2	2	2				4						
Stórir mafar										1520						
Stormáfar										40						
Hettumáfar										1900						
Krif										720						
Hrafn										38						
Samtals	205	506	776	1126	676	717	1216	2875	424	8521						

Gáseyri og Skipalón, apríl-september 1974 .
Fuglatalningar.


Tegund	30.4.	11.5.	22.5.	9.8.	Samtals
Grágæs	2	152	71	383	608
Heiðagæs		3			3
Helsingi		100			100
Stokkönd		8	7	4	19
Urtönd				1	1
Rauðhöfðaönd		24	9	4	37
Grafönd		8			8
Skeiðönd		1	1		2
Skúfönd			2		2
Toppönd		7			7
Gulönd		1			1
Bleshæna		1	1		2
Tjaldur	1		4		5
Sandlóa			2	1	3
Heiðlóa		20	10	21	51
Hrossagaukur		9	6		15
Spói		4	7	2	13
Jàðrakan		4	1	28	33
Stelkur	40	40	20	10	110
Lóuþræll	3	53	50	80	186
Kjói		4	4	3	11
Stórir máfar			60	500	560
Hettumáfar			300	400	700
Kría			300	300	600
<u>Brandugla</u>			1		1
Samtals	46	439	855	1737	3077



AKUREYRARLEIRA

STÖÐVAR

- RAMMA OG GREIPARSÝNI
- * SKERASÝNI
- LIÐORMASÝNI
- ← HÁFSÝNI




>50%
>0,55 mm


>0,30 mm

<0,30 mm


AKUREYRARLEIRA KORNASTÆRD



AKUREYRARLEIRA
FJÖLDI TEGUNDA Á STÖÐ




ÓS EYJAFJARÐARÁR
TALNINGASVÆÐI




ÓSHÓLMAR
EYJAFJARÐARÁR

HELSTU. VARPSVÆÐI
ANDFUGLA



ÓSHÓLMAR
EYJAFJARDARÁR

HELSTU
VARPSVÆÐI
HETTUMÁFS
STORMMÁFS
KRÍU



3. hluti. Könnun á fuglalífi Eyjafjarðar vorið 1975.

EFNISYFIRLIT

	bls.
1. Inngangur.....	1
2. Aðferðir.....	1
3. Niðurstöður.....	1
3.1. Tíðarfari.....	1
3.2. Yfirlit yfir fuglalífið í Eyjafirði vorið 1975 ..	2
3.2.1. Einstök svæði.....	2
3.2.2. Einstakar tegundir.....	4
4. Alyktanir.....	18
Töflur	
Viðbætir	

1. Inngangur

Vorið 1974 hófust vistfræðirannsóknir á leirum og óshólmum Eyjafjarðarár ásamt öðrum svipuðum svæðum í Eyjafirði (2.hluti). Rannsóknirnar voru framkvæmdar samkvæmt samningi dags. 4.4. 1974 milli Háskóla Íslands og Vegagerðar ríkisins. Þar sem vorið 1974 var óvenju milt, var talið nauðsynlegt að endurtaka vorið 1975 rannsóknir á nýtingu fugla á leirum í Eyjafirði, til þess að fá traustari upplýsingar um gildi leiru Eyjafjarðarár fyrir fuglalífið í Eyjafirði. Rannsóknirnar vorið 1975 voru framkvæmdar samkvæmt samningi milli Vegagerðar ríkisins og Líffræðistofnunar Háskólans dags. í mars 1975.

2. Aðferðir

Talningar fóru fram á sama hátt og vorið 1974. Leirum og óshólmum Eyjafjarðarár var skipt í talningasvæði til þess að auðvelda staðsetningu fuglana (1. hluti). Við skiptingu svæða var stuðst við landfræðileg mörk sem auðgreindu hvert talningasvæði og urðu því talningasvæðin mjög misstór. Við ós Eyjafjarðarár var talið um flöð og fjöru. Talið var úr bíl þar sem því var við komið en annars var gengið um svæðin. Við talningar voru notaðir sjónaukar með 10x og 20x stækkun.

Talningar fóru fram sem hér segir: Ós Eyjafjarðarár dagana 2., 7., 8., 15., 19., 22., 23., 24., 26., 28., 29., og 30 apríl, 1., 3., 5., 6., 10., 20., 21., og 26. maí og 8. júní. Svarfaðardalur dagana 16., 21. og 29. apríl og 2., 9., 20. og 26. maí. Hörgárós dagana 21. og 29. apríl og 2., 9., 21. og 26. maí. Fnjóskárós dagana 23. apríl og 6. og 21. maí.

3. Niðurstöðür

3.1. Tíðarfari

Vorið 1975 var fremur kalt (viðbætir). Meðalhiti á Akureyri í apríl var 0.3°C (1.4° undir meðallagi). Í maí var meðalhitinn 6.2°C (0.1° undir meðallagi). Vorið 1974 var hins vegar óvenju hlýtt. Meðalhiti í apríl var 6.8°C (5.1° yfir meðallagi) og meðalhiti í maí 7.3°C (1.0° yfir meðallagi).

I byrjun apríl 1975 voru óshólmrar og leirur Eyjafjarðarár undir ís og Eyjafjarðará var að mestu ísilögð. Pollurinn var lagður að hluta og íshröngl rak út Eyjafjörð. Um 15. apríl var heldur farið að hlýna og 19. apríl var allur ís farinn af leirum og óshólmum Eyjafjarðarár. Hinn 27. apríl skall á hret með frosti og snjókomu og stóð það í 4 daga. 29. apríl voru leirur og óshólmrar Eyjafjarðarár ísilaðir ásamt hluta af pollinum. Eyjafjarðará lagði einnig að mestu. 2. maí fór að hlýna á ný og mynduðust þá strax vakir og auð svæði í mýrunum og voru mýrarnar orðnar íslausrar að mestu 3. maí. Leiran var þakin ís allt fram til 4. maí, þá fór ísinn að losna og reka burt, og var leiran orðin íslausr 6. maí. Dagana 10. maí og 1. júní komu smá kuldaköst er stóðu í nokkra daga. Lítill sem engin ísmyndun varð í óshólmum eða á leirum Eyjafjarðarár í þessum kuldaköstum og virtust þau hafa lítil áhrif á fuglalífið.

I Svarfaðardal var snjór og ís á mýrum og Svarfaðardalsá allt fram í byrjun maí, en þá fór ísa að leysa af mýrunum og ánni.

Við Hörgárós var ís á mýrum allt fram í maíbyrjun og sömu sögu er að segja um Fnjóskárós.

- 3.2. Yfirlit yfir fuglalífið í Eyjafirði vorið 1975
3.2.1. Einstök svæði.

Ós Eyjafjarðarár.

Fyrri hluta apríl voru álfir, stokkendur, hávellur, æðarfuglar, gulendur, tjaldar, stelkar, sendlingar og máfar í ós Eyjafjarðarár (töflur 1 og 2).

Álfir og stokkendur voru í ætisleit á lænum og vöku á leirunni en hávellur og æðarfuglar voru í ætisleit á pollinum. Atta gulendur sáust 8. apríl á vöku á Eyjafjarðará. Vaðfuglar voru í fjörum á Oddeyri en máfar sátu inni á leirunni á sandrifjum eða á ís.

Hinn 19. apríl voru leirur og óshólmrar Eyjafjarðará orðin íslausr að mestu og kom þá mikið af fugli á ósasvæðið. Fjöldi álfta, stokkanda, æðarfugla og stelka hafði

aukist nokkυð og nýjar tegundir fóru að sjást, svo sem grágæs, urtönd, rauðhöfðaönd, grafönd, toppönd, heiðlöa, hrossagaukur og jaðrakan.

Þessum fuglategundum hélt áfram að fjölga fram til 27.apríl, en þá skall á hret með hvassri norðanátt, frosti og snjókomu og lagði bæði leirurnar og óshólmanna. Hretið stóð í 4 daga og hélt fuglinn sig á stöðum sem voru í skjóli fyrir norðanáttinni. Endurnar héldu sig við vakirn á mýrum og voru í skjóli við gamla áveitugárða og skurð-uppgrefti en vaðfuglarnir voru nær allir í skjóli við grjótgard er gengur út á leiruna rétt sunnan við Höfners-bryggju. Máfum fjölgaði mjög mikið, einkum hettumáf og ritu, og sátu þessir fuglar á ís innarlega á leirunni. Fuglarnir sáust mjög lítið á hreyfingu meðan á hretinu stóð og sáust ekki leita sér ætis.

Er hretinu lauk opnuðust fljótlega vakir í mýrum sem samstundis fylltust af öndum, jaðrakan og stelk í ætisleit. Leirurnar héldust lokaðar vegna ísa mun lengur en mýrarnar og gátu því fuglarnir ekki leitað þangað til fæðuöflunar.

Við Kristnes er volgur lækur sem rennur úr gróður-húsum rétt utan við þjóðveginn. Lækurinn hélt opinni mýrarspildu neðan við veginn, meðan á hretinu stóð. Í þessa mýrarspildu söfnuðust stokkendur ásamt heiðlöum, hrossagaukum og skógarþróstum. Aðalfæða þessara fugla virtist vera ánamaðkar.

Meðan á hretinu stóð fjölgaði duggönd og skúfönd í ós Eyjafjarðarár. Þær héldu sig mest á pollinum. Er hretinu lauk fækkaði stokkond, urtönd, duggönd, skúfönd, jaðrakan og stelki en lóuþræl fjölgaði. Það sem eftir var af maí var fjöldi fugla nokkuð stöðugur nema hvað rauðhöfðaönd fjölgaði nokkuð 20. maí en fækkaði svo aftur. Í júní var fjöldi fugla svipaður og seinni hluta maí.

Svarfaðardalur.

Fyrri hluta aprílmánaðar 1975 var Svarfaðardalur smævi þakinn og Svarfaðardalsá var ísilögð. Einu fuglarnir

sem þar sáust voru snjótittlingar, skógarþrestir og rjúpur (Þorgils Gunnlaugsson, bóndi á Sökku í Svarfaðardal, munnl. uppl.). Um miðjan apríl hafði snjó tekið nokkuð upp og sáust þá nokkrar grágæsir, stokkendur og rauðhöfðaendur í friðlandinu (tafla 4).

Seint í apríl fjölgaði grágæs, stokkond og rauðhöfðaönd en álf, urtönd og stelkur bættust í hópinn. Fyrri hluta maí fækkaði urtönd og rauðhöfðaönd en stelk fjölgaði. Fjöldi álfta, grágæsa og stokkanda var svipaður. Nýjar tegundir höfðu bæst við, svo sem flórgoði, helsingi, grafönd, skúfönd, hávella, toppönd, gulönd, heiðlöða, hrossagaukur, spóri og jaðrakan. Seinni hluta maí var fjöldi þessara fugla mjög svipaður, en óðinshani hafði bæst í hópinn og helsinginn var farinn.

Hörgárós.

Snjór og ís var á mýrum og leirum Hörgáróss allt fram í byrjun maí 1975. 21. apríl var dálitið af fugli við ósinn (tafla 5). 29. apríl fundust þar aðeins tvær tegundir, grágæs og stelkur. Í lok maí hafði fuglum fjölgað nokkuð á ósasvæðinu en fjöldinn var þó ekki eins mikill og 21. apríl.

Fnjóskárós:

Við Fnjóskárós var dálitið af grágæs og stokkond, rauðhöfðaönd, toppönd og stelk 23. apríl 1975. Grágæs fækkaði nokkuð í maí en öðrum tegundum fjölgaði (tafla 6).

3.2.2. Einstakar tegundir

Flórgoði *Podiceps auritus*

Í Eyjafirði sást flórgoði aðeins í Svarfaðardal (tafla 4). Vorið 1975 sást fyrsti fuglinn 2. maí og flestir sáust þeir 9. maí (9 fuglar). Vorið 1974 sást fyrsti flórgoðinn 18. apríl og flestir 16. maí (7).

Gráhegri *Ardea cinerea*

2. apríl 1975 sást einn gráhegri við Kristnes í Eyjafirði. 15. apríl sást gráhegri á svipuðum slóðum, en sama dag fannst annar gráhegri dauður á 16. Menntaskólans á Akureyri.

Álf Cygnus cygnus

Vorið 1975 var nokkur umferð álfta um Eyjafjörð. Helstu viðkomustaðirnir voru ós Eyjafjarðarár og Svarfaðardalur (töflur 1,2, og 4). Í óshólmum Eyjafjarðarár voru álfirnar flestar um 19. apríl (alls 19) og 20. maí (43) 1975 en 1974 voru þær flestar um mánaðamótin apríl-máí (77).

Í Svarfaðardal voru álfirnar flestar um mánaðamótin apríl-máí 1975 (35) og 1974 (10).

Í óshólmum Eyjafjarðarár hélt álfitin sig á flæðimýrum við Kristnes og í Svarfaðardal var álfitin mest á tjörn við bæinn Tjörn.

Grágæs Anser anser

Í óshólmum Eyjafjarðarár sást grágæs fyrst um miðjan apríl vorið 1975 (töflur 1 og 2). Fjöldi grágæsa var nokkuð jafn milli talninga (40-70) en þó var nokkur aukning um 28. apríl (140). Vorið 1974 var fjöldi grágæsa mjög svipaður og vorið 1975 (50-100). Nokkur aukning varð um 29. apríl (170). Grágæsin var því á ferð um hólmana á sama tíma bæði vorin. Grágæsin hélt sig mest í mýrum og túnum í ætisleit.

Í Svarfaðardal var fjöldi grágæsa mjög svipaður og í óshólmum Eyjafjarðarár vorið 1975. Breytingar á fjölda milli talninga voru fremur litlar og því hefur sennilega ekki verið mikil umferð grágæsa um Svarfaðardal vorið 1975. Vorið 1974 var meira af grágæs í Svarfaðardal, og breytingar á fjölda voru einnig nokkru meiri (30-130 fuglar).

Við Hörgárós og Fnjóskárós voru niðurstöður talninga breytilegar og gæti það bent til þess að nokkur umferð grágæsa hafi verið um þessi svæði vorið 1975 (töflur 5 og 6).

Heiðagæs Anser brachyrhynchus

Í Svarfaðardal sást ein heiðagæs 2. maí og 12 heiðagæsir 9. maí. Við Fnjóskárós sáust 3 heiðagæsir 6. maí.

Helsingi Branta leucopsis

Í Svarfaðardal var slæðingur af helsingja um miðjan maí 1975 (90-170 fuglar) (tafla 4). Helsingjar sáust einnig í

óshólmum Eyjafjarðarár (10) og á ósasvæðum Hörgár (allt að 70) og Fnjóskár (30) á sama tíma (töflur 1, 5 og 6).

Vorið 1974 sást minna af helsingja á talningasvæðunum í Eyjafirði (allt að 100 fuglar).

Stokkond Anas platyrhynchos

Fyrri hluta apríl 1975 voru 40-50 stokkandapör á ósasvæði Eyjafjarðarár (töflur 1 og 2). Endurnar voru á pollinum og á vökkum á leirunni á daginn en náttuðu sig á andapollinum á Akureyri.

Um 19. apríl fjölgaði stokkond á ósasvæðinu. Mest var af stokkond á ósasvæðinu 22. apríl, um 100 pör. Stokkondinni fækkaði nokkuð aftur og í byrjun hrétsins 27. apríl voru um 60 pör í hólmunum.

Meðan hretið gekk yfir hélt stokkondin sig við vakir á leirunni og á árkvíslum einkum þar sem skjól var að fá. Lítill hreyfing sást á stokkondinni meðan á hretinu stóð.

Eftir 6. maí bar minna á stokkandarkollum, en steggir sáust í smáhópum í mýrum og á pollum. 21. maí sáust 54 steggir í hólmunum, en aðeins 19 kollur, og 8. júní sáust 60 steggir og 16 kollur.

Vorið 1974 var fjöldi stokkanda á ósasvæði Eyjafjarðarár svipaður og vorið 1975. Um 40 pör voru í hólmunum fyrri hluta apríl og 4. og 5. maí sáust flestar stokkendur í hólmunum, 50 steggir og 40 kollur. Eftir 5. maí sást minna af kollum en steggjum. 19. maí sáust 42 steggir og 14 kollur en 11. júní sáust 22 steggir og 9 kollur. Á tímabilinu frá 18.-29. apríl 1974 voru fuglar ekki taldir á ósasvæði Eyjafjarðarár. Vorið 1975 sáust hins vegar flestar stokkendur á þessum tíma.

Stokkendur sáust í ætisleit á pollum í flæðimýrum, á leirum og einnig á árkvíslum. Stokkendurnar héldu sig í svipuðum slóðum á ósasvæðinu bæði vorin. Í Svarfaðardal sáust um 30 stokkendur vorið 1975 en um 50 vorið 1974. Við Hörgárós og Fnjóskárós var fjöldinn svipaður bæði vorin

(töflur 5 og 6). Stokkendur voru seinna á ferðinni á þessum stöðum vorið 1975 en vorið 1974.

Urtönd Anas crecca

Vorið 1975 sáust fyrstu urtendurnar í óshólmum Eyjafjarðarár 19. apríl. 26. apríl voru urtendurnar flestar, en þá sáust 40 pör í hólmunum. Þessi fjöldi hélst nokkuð stöðugur meðan á hretinu stóð, en eftir hretið sást minna af urtönd. 6. maí sáust 16 pör af urtönd í hólmunum en eftir 6. maí bar minna á kollum en steggjum. 26. maí sáust 23 steggir en aðeins 3 kollur og 8. júní sáust 16 steggir og 4 kollur.

Vorið 1974 sáust fyrstu urtendurnar á hólmunum 29. apríl. Mest var af urtönd 5. maí en þá sáust 25 steggir og 15 kollur. 9. maí sáust 10 steggir og 2 kollur en 11. júní sáust 3 steggir og 1 kolla.

Urtöndin hélt sig einkum í flæðimýrum og á engjum í hólmunum bæði vorin. Meðan á hretinu stóð 27. apríl til 1. maí 1975, hélt urtöndin sig í skjóli, við vakir á árkvíslum.

Í Svarfaðardal var urtöndin á ferðinni á svipuðum tíma og í óshólmum Eyjafjarðarár vorin 1974 og 1975. Vorið 1975 sáust 20-30 urtendur í Svarfaðardal en vorið 1974 10-20.

Engin urtönd fannst við Hörgárós vorið 1975 (tafla 5) en fáeinir urtendur fundust við Fnjóskárós (tafla 6). 8. júní 1975 fannst amerískur urtandarsteggur (Anas crecca carolinensis) í óshólmum Eyjafjarðarár. Steggurinn var með urtarkolu og urtarstegg, og virtist paraður kollunni.

Gargönd Anas strepera

Einn gargandarsteggur sást innan um stokkendur í óshólmum Eyjafjarðarár síðari hluta apríl og í júní vorið 1975 (töflur 1 og 2).

Rauðhöfðaönd Anas penelope

Rauðhöfðaendur sáust fyrst í óshólmum Eyjafjarðarár 19. apríl vorið 1975 (20 pör, töflur 1 og 2). Í hretinu

28. apríl var mest af rauðhöfðaönd, en þá sáust 100 pör í hólmunum. Í lok hretsins 1. maí hafði rauðhöfðaönd fækkað í 50 pör, 20. maí hafði rauðhöfðaönd fjölgað í 70 pör, en eftir 20. maí fór að bera minna á kollunum. 26. maí sáust 38 steggir og 16 kollur og 8. júní sáust 60 steggir og 15 kollur. Steggirnir voru saman í hópum í flæðimýrum.

Vorið 1974 sáust 13 pör af rauðhöfðaönd í hólmunum 1. apríl, 18. apríl hafði rauðhöfðaönd fjölgað í 50 pör. Mest var af rauðhöfðaönd 9. maí, 155 pör. 14. maí hafði rauðhöfðaönd fækkað, þá sáust 80 pör og 19. maí sáust 40 pör. Í júní bar mun minna á kollum en steggjum. 10. júní sáust 130 steggir en aðeins 31 kolla.

Rauðhöfðaöndin hélt sig mest á blautum flæðimýrum og engjum. Í hretinu var rauðhöfðaöndin í hópum þar sem skjól var að fá, einkum við vakir á árkvíslum.

Í Svarfaðardal var heldur minna af rauðhöfðaönd vorið 1975 (50-130) en vorið áður (100-200). Mest var af rauðhöfðaönd í Svarfaðardal um mánaðamótin apríl-mai bæði vorin.

Við Hörgárós og Fnjóskárós var heldur minna af rauðhöfðaönd vorið 1975 en vorið 1974.

Ljóshöfðaönd Anas americana

Einn ljóshöfðasteggur sást í óshólmum Eyjafjarðarár 8. júní 1975 (tafla 2). Steggurinn var stakur og svaf á tjarnarbakka í flæðimýri.

Grafönd Anas acuta

Graföndin sást fyrst í óshólmum Eyjafjarðarár 19. apríl vorið 1975 (töflur 1 og 2), en 1. apríl vorið 1974. Fjöldi grafanda var mjög svipaður bæði vorin, innan við 10 alls.

Í Svarfaðardal var graföndin nokkru seinni á ferðinni vorið 1975 en vorið áður, en fjöldinn var svipaður bæði vorin (um 4).

Skeiðönd Anas clypeata

Einn skeiðandarsteggur sást í óshólmum Eyjafjarðarár dagana 5.-26. maí. Í Svarfaðardal sást skeiðandarpar 26. maí

og við Skipalón sáust 2 steggir 21. maí.

Duggönd Aythya marila

Vorið 1975 sást duggönd fyrst í ós Eyjafjarðarár 28. apríl (töflur 1 og 2). Fjöldinn var nokkuð breyti-legur (2-10) milli talninga og bendir það e.t.v. til þess að nokkur hreyfing hafi verið á duggöndinni. Fleiri duggendur sáust yfirleitt á ósasvæðinu um fjöru en um flóð. Hafa þær sennilega fært sig út á pollinn á flóði en komið á ósasvæðið um fjöru. Duggöndin sást mest á pollinum og á árkvíslum. Vorið 1974 var aðeins eitt duggaðar-párr í ós Eyjafjarðarár. Þetta par verpti í hólmunum.

Í Svarfaðardal sáust 6 duggendur 20. maí 1975. Vorið 1974 sáust 6-20 duggendur í Svarfaðardal á tímabilinu 30. september til 11. júní.

Skúfönd Aythya fuligula

Skúfönd sást fyrst á ósasvæði Eyjafjarðarár 23. apríl vorið 1975 (töflur 1 og 2). Mest var af skúfönd á tíma-bilinu 1.-10. maí, en þá voru 25 steggir og 10-15 kollur á ósasvæðinu. Eftir 20. maí sáust þar um 10 steggir og 5-10 kollur.

Vorið 1974 sáust fyrstu skúfendurnar 29. apríl (6 pör). Mest var af skúfönd 19. maí en þá sáust 19 steggir og 10 kollur á svæðinu. 10. júní sáust 7 steggir og 2 kollur.

Skúföndin hélt sig mest á opnu vatni, einkum þó á pollinum. Skúföndin sást fyrst í Svarfaðardal 9. maí vorið 1975, en 18. apríl vorið 1974. Mest var af skúfönd í Svarfaðardal í lok maí vorið 1975 (45), en um miðjan maí vorið 1974 (90).

Mjög lítið var af skúfönd við Hörgárós og Fnjóskárós bæði vorin.

Hávella Clangula hyemalis

Vorið 1975 sáust 10-70 hávellur á ósasvæði Eyjafjarðar-ár. Vorið 1974 sáust 10-30 hávellur á svæðinu. Mest var af hávellu um mánaðamótin apríl-máí bæði vorin.

Hávella hélt sig mest á pollinum, en nokkur pör sáust á árkvíslum.

Hávellur sáust einnig við Hörgárós, Fnjóskárós og í Svarfaðardal (töflur 4,5.og 6).

Æðarfugl Somateria mollissima

I ós Eyjafjarðarár var mest af æðarfugli dagana 19.-24. apríl vorið 1975 (allt að 600) (töflur 1 og 2). Vorið 1974 var að jafnaði heldur minna af æðarfugli á ósasvæðinu, en það vor var fjöldinn mestur um mánaðamótin apríl-máí (550). Æðarfuglinn hélt sig mest á pollinum og virtist nærast mikið á loðnu og loðnuhrognum í apríl og maí.

Enginn æðarfugl sást í Svarfaðardal. Æðarfugl var ekki talinn úti fyrir ósum Hörgár og Fnjóskár.

Æðarkóngur Somateria spectabilis

Einn æðarkóngur (fullorðinn bliki) sást á pollinum við Akureyri í æðarhóp dagana 19. apríl og 8. júní.

Toppönd Mergus serrator

Fyrstu toppendurnar sáust 15. apríl á ósasvæði Eyjafjarðarár vorið 1975 (12). Flestar urðu þær 22. apríl en þá sáust 26 toppendur á ósasvæðinu. I maí sáust að jafnaði 5-10 á svæðinu.

Vorið 1974 var fjöldi toppanda heldur meiri (5-20). Flestar voru toppendurnar 1. apríl, en þá sáust 40 á ósasvæðinu. Toppöndin hélt sig á pollinum og á árkvíslum.

I Svarfaðardal var toppöndin heldur seinni á ferðinni vorið 1975 en vorið 1974, en fjöldinn var mjög svipaður bæði vorin (10-30). Toppöndi sást einnig við Hörgárós og Fnjóskárós (töflur 5 og 6).

Gulönd Mergus merganser

2-8 gulendur sáust á vökum á Eyjafjarðará í apríl 1975 (töflur 1 og 2).

I Svarfaðardal sáust 8 gulendur á Svarfaðardalsá 9. maí.

Fálki Falco rusticolus

Einn fálki sást á flugi í óshólmum Eyjafjarðarár 30. apríl.

Smyrill Falco columbarius

Einn smyrill sást á flugi í óshólmum Eyjafjarðarár dagana 26. og 30. apríl.

í Svarfaðardal sást smyrill 26. maí.

Tjaldur Haematopus ostralegus

Vorið 1975 voru að jafnaði 5-10 tjaldar á ósasvæði Eyjafjarðarár. Flestir voru tjaldarnir 29. apríl, en þá sáust 15 á svæðinu.

Vorið 1974 var svipaður fjöldi af tjaldi á ósasvæðinu og vorið 1975. Mest var af tjaldi 16. og 18. apríl, en þá sáust 30 tjaldar.

Tjaldurinn sást mest á leirunni í ætisleit, Hann hélt sig á sömu svæðum á leirunni bæði vorin. Meðan á hretinu stóð sat tjaldurinn í skjóli fyrir norðanáttinni undir grjótgarði er gengur út á leiruna rétt framan við gamla leirugarðinn. Fveir tjaldar sáust í ætisleit í flagi við Kristnes í hretinu og virtust éta ánamaðka.

Fáeinir tjaldar sáust við Hörgá (allt að 5) og í Svarfaðardal (1-2) vorið 1975 (töflur 4 og 5).

Sandlóa Charadrius hiaticula

Sandlóan kom í ós Eyjafjarðarár um mánaðamótin apríl-máí bæði vorin 1974 og 1975. Heldur minna sást af sandlóu vorið 1975 (2-20) en vorið 1974 (10) einkum í lok máí og í júní. Sandlóan hélt sig mest á leirunni.

Heiðlóa Pluvialis apricaria

Heiðlóan kom í ós Eyjafjarðarár 19. apríl vorið 1975 (töflur 1 og 2). Í apríl og maí voru að jafnaði 100-200 heiðlóur í óshólmunum. Í júní sáust aðeins um 30 heiðlóur í hólmunum.

Vorið 1974 kom heiðlóa í óshólma Eyjafjarðarár um 14. apríl. Í apríl og maí sáust að jafnaði 10-30 heiðlóur í hólmunum en í júní sást þar engin heiðlóa. Heið-

lóan hélt sig mest á þurrum móum og á túnum. Í hretinu voru um 100 heiðlóur í flagi við Kristnes í ætisleit.

Í Svarfaðardal sáust fyrstu hériðlóurnar 2. maí vorið 1975 (5). 9. maí sáust þar um 200 heiðlóur en um 50 heiðlóur 26. maí. Vorið 1974 sáust fyrstu heiðlóurnar í Svarfaðardal 18. apríl (17). Í apríl og maí sáust að jafnaði 60 heiðlóur.

Við Hörgárós og Fnjóskárós sáust 10-30 heiðlóur bæði vorin 1974 og 1975.

Tildra *Arenaria interpres*

Tildra sást við og við í ós Eyjafjarðarár í apríl og maí vorið 1975 (töflur 1 og 2). Mest var af tildru á ósasvæðinu í lok maí (20). Tildran sást eingöngu í grýttum fjörum.

Hrossagaukur *Gallinago gallinago*

Vorið 1975 sáust fyrstu hrossagaukarnir í óshólmum Eyjafjarðarár 22. apríl (töflur 1 og 2). Í apríl og maí sáust að jafnaði 10-20 hrossagaukar. Flestir sáust þeir í lok hretsins 1. maí (46). Í júní sáust 23 hrossagaukar í hólmunum.

Vorið 1974 sáust fyrstu hrossagaukarnir í óshólmum Eyjafjarðarár 29. apríl. Í maí sáust að jafnaði 10 hrossagaukar en í júni sáust 15. Hrossagaukarnir héldu sig mest í mýrum. Í hretinu söfnuðust hrossagaukarnir í mýrarspildu við Kristnes er hélst opin vegna volgs læks er rann úr gróðurhúsum út yfir spilduna. Einnig mátti sjá hrossagauka í hnipri í skurðköntum meðfram vegum.

Í Svarfaðardal sást fyrsti hrossagaukurinn 29. apríl vorið 1975 (tafla 4) 20-30 hrossagaukar sáust í Svarfaðardal 18. apríl. Í maí sáust þar 10-30 hrossagaukar.

Spói *Numenius phaeopus*

Spóinn sást fyrst í óshólmum Eyjafjarðarár 5. maí vorið 1975. Mest sást af spóa 20. maí (15). 26. maí sáust 12 spóar í óshólmum og 8 spóar 8. júní.

Vorið 1974 sáust fyrstu spóarnir (3) í óshólmum Eyjafjarðarár 9. maí. Flestir voru þeir 19. maí, en þá sáust 24 spóar í hólmunum. 10. júní sáust 11 spóar. Spóinn sást eingöngu í mýrum og móum. Hann hélt sig á sömu svæðum í óshólmunum bæði vorin.

Í Svarfaðardal sáust fyrstu spóarnir 9. maí (5) vorið 1975 (tafla 4). 20. maí sáust 11 spóar. Vorið 1974 sáust fyrstu spóarnir þar 16. maí og þá voru þeir jafnframt flestir, eða 20. 22. maí sáust 17 spóar.

Við Hörgárós og Fnjóskárós sást dálitið af spóa (töflur 5 og 6).

Jáðrakan Limosa limosa

Jaðrakan sást fyrst á ósasvæði Eyjafjarðarár 23. apríl vorið 1975 (2). 24. apríl sáust 55 jaðrakanar, 28. apríl sáust 100 jaðrakanar og flestir voru þeir 29. apríl en þá sáust 120 jaðrakanar á ósasvæðinu. Í maí voru að jafnaði 30 jaðrakanar á ósasvæðinu og 8. júní sáust 15 jaðrakanar.

Vorið 1974 sáust fyrstu jaðrkanarnir 29. apríl (4). Í maí sáust að jafnaði um 20 jaðrakanar, en flestir sáust 14. maí (30). 10. júní sáust 8 jaðrakanar.

Jaðrakaninn var í ætisleit á leirum og fjöru en í flæðimýrum um flóð (tafla 3). Hann hélt sig á sömu slóðum á ósasvæðinu bæði vorin. Í hretinu var allur jaðrakaninn í skjóli undir grjótgarði á leirunni (sbr. tjald bls. 11). Jaðrakaninn sást ekki í ætisleit meðan á hretinu stóð eða í 4 sólarhringa. Er hretinu lauk og eyður opnuðust í mýrarnar sótti jaðrakaninn í eyðurnar og leitaði ákaft að fæðu.

Í Svarfaðardal voru 10-20 fuglar bæði vorin 1974 og 1975. Jaðrakaninn var heldur seinna á ferðinni 1975.

Stelkur Tringa totanus

Vorið 1975 sáust fyrstu stelkarnir á ósasvæði Eyjafjarðarár 15. apríl (10, tafla 2). 19. apríl sáust 200 stelkar á ósasvæðinu, en flestir urðu þeir um 900 í byrjun hretsins 28. apríl. Í maí sáust að jafnaði um 300

stelkar á ósasvæðinu en 130 stelkar sáust 8. júní.

Vorið 1974 sáust fyrstu stelkarnir 14. apríl (200) 16. apríl sáust 50 stelkar og 18. apríl 120 stelkar. Stelkarnir virtust vera flestir 1. og 4. maí, þá sáust um 270 stelkar á ósasvæðinu. Í júní sáust 70 stelkar. Fuglar voru ekki taldir á ósasvæði Eyjafjarðarár á tíma-bilinu 18.-29. apríl vorið 1974. A þessu tímabili var mest af stelk á ósasvæðinu 1975. Ekki er ólíklegt að svo hafi einnig verið 1974. Stelkurinn leitaði um fjöru á leirurnar í ætisleit en í flæðimýrar um flóð! Hann hélt sig á sömu svæðum á leirunum og í óshólmunum bæði vorin.

Í hretinu var stelkurinn í skjóli við grjótgarðinn á leirunni (sbr. tjald bls. 11). Stelkurinn sást ekki í ætisleit meðan á hretinu stóð. Er hretinu lauk opnuðuðst fljótlega vakir í mýrum og á flæðiengjum. Í þessar vakir flykktiist stelkurinn í ætisleit. A sandfjörum næst Drottingarbraut opnuðust einnig smávakir í lok hretsins. Þangað safnaðist stelkurinn í ætisleit og virtist einkum tína loðnuhrogn.

Í Svarfaðardal sáust fyrstu stelkarnir 21. apríl (6) vorið 1975. 2. maí sáust þar um 20 stelkar. Mest sást af stelk 9. maí (um 40). Seinni hluta maí sáust um 80 stelkar í Svarfaðardal.

Vorið 1974 sást fyrsti stelkurinn í Svarfaðardal 18. apríl. Flestir voru þeir 16. maí (um 90). Í maí voru að jafnaði um 60 stelkar í Svarfaðardal vorið 1974.

Við Hörgá sáust um 300 stelkar 21. apríl 1975, en aðeins um 60 stelkar 29. apríl. Um 160 stelkar sáust þar 2. maí og um 20-40 stelkar sáust á svæðinu seinni hluta maí.

Rauðbrystingur Calidris canutus

Tveir rauðbrystingar sáust á leirum Eyjafjarðarár 5. og 6. maí. 1975. Þeir voru í fylgd með sendlingum.

Sendlingur Calidris maritima

Vorið 1975 sáust fyrstu sendlingarnir á ósasvæði

Eyjafjarðarár 7. apríl (20). 22. apríl sáust 90 sendlingar á ósasvæðinu. Flestir voru þeir í byrjun hretsins 28. apríl (400), en daginn eftir sást enginn sendlingur á ósasvæðinu. 30. apríl sáust 30 sendlingar á svæðinu. Líklega hafa sendlingarnir leitað í grjótfjörur út með Eyjafirði er leiruna lagði. Fyrri hluta maí sáust 50-160 sendlingar á ósasvæðinu en eftir 10. maí sást enginn sendlingur.

Vorið 1974 sáust fyrstu sendlingarnir á ósasvæði Eyjafjarðarár 14. apríl (80). 1. maí sáust um 160 sendlingar á leirunum, en flestir sáust þeir 4. maí (270). Eftir 14. maí sást enginn sendlingur á ósasvæði Eyjafjarðarár. Fuglar voru ekki taldir á ósasvæði Eyjafjarðarár á tímabilinu 18.-22. apríl 1974. Á þessu tímabili var mest af sendling á ósasvæðinu 1975. Ekki er ólíklegt að svo hafi einnig verið 1974. Sendlingurinn sást eingöngu á leirunum í ætisleit. Þar hefur aðalfæða hans sennilega verið marflær og loðnuhrogn. Þeir sendlingar sem sáust á ósasvæðinu meðan á hretinu stóð héldu sig í skjóli við grjótgarðinn á leirunni.

50 sendlingar sáust við Hörgárós 21. apríl (tafla 5).

Lóupræll Calidris alpina

Lóuprællinn kom á ósasvæði Eyjafjarðarár 1. maí vorið 1975 (töflur 1 og 2). 5. maí sáust um 100 lóuprælar á leirum Eyjafjarðarár, en flestir voru þeir 20. maí (150). Í júní sáust um 120 lóuprælar.

Vorið 1974 sáust fyrstu lóuprælarnir 1. maí á ósasvæði Eyjafjarðarár. 4. maí sáust 10 lóuprælar á leirum Eyjafjarðarár, en flestir voru þeir 9. og 19. maí (um 60). Í júní sáust um 20 lóuprælar.

Lóuprællinn sást nær eingöngu á leirunum og hélt sig á sömu svæðum bæði vorin.

Aðeins einn lóupræll sást í Svarfaðardal 26. maí 1975.

Óðinshani Phalaropus lobatus

Óðinshaninn sást fyrst í óshólmum Eyjafjarðarár 20. maí

vorið 1975 og 19. maí 1974. Fjöldinn virtist vera mjög svipaður bæði vorin (30-50).

Öðinshaninn virtist koma í Svarfaðardal um svipað leyti og í óshólmum Eyjafjarðarár. Fjöldinn var áætlaður um 30-60 fuglar í Svarfaðardal.

Kjói Stercorarius parasiticus

Kjói sást fyrst í óshólmum Eyjafjarðarár 26. apríl vorið 1975 (töflur 1 og 2). Fjórir kjóar voru að staðaldri í hólmunum í maí og júní. Vorið 1974 voru 2 kjóar að staðaldri í hólmunum.

Við Hörgárós sást kjói 9. maí 1975 (tafla 5).

Stórir máfar

Í byrjun apríl 1975 voru um 100 stórir máfar á leirum Eyjafjarðarár. Flestir urðu þeir um miðjan apríl eða um 500, en fór ífækkandi er líða tók á apríl. Í maíbyrjun voru um 250 máfar á leirunum. Langmest sást af svartbak (Larus marinus) á leirunum en einnig var slæðingur af fullorðnum sílamáfum (Larus fuscus), silfurmáfum (Larus argentatus) og ungu hvítmáfum (Larus hyperboreus). Í hretinu sáust um 10 bjartmáfar (Larus glaucopterus) á pollinum.

Í Svarfaðardal, Hörgárós og í Fnjóskárós sáust einnig hópar af stórmáfum, einkum í apríl.

Stormmáfur (Larus canus)

Vorið 1975 sáust um 20-30 stormmáfar á leirum Eyjafjarðarár. Stormmáfurinn sat innanum aðra máfa á leirunni í apríl, en er líða tók á maí sótti stormmáfurinn inn á flugvallarsvæðið.

Vorið 1974 verptu 15 pör af stormmáf innan flugvallar girðingar.

Stormmáfurinn sótti mjög í loðnu er hún gekk inn á pollinn í apríl bæði vorin.

Hettumáfur Larus ridibundus

Í byrjun apríl 1975 voru um 400 hettumáfar í ós Eyja-

fjarðarár. 1. maí voru þeir orðnir um 1700 en hafði fækkað í 800 fugla 20. maí. Vorið 1974 verptu um 400 pör í óshólmunum.

I apríl og fyrri hluta maí lifði hettumáfurinn einkum á loðnu sem gekk inn á pollinn. I maí sótti hettumáfurinn mikið í tún og garða í ætisleit.

9. maí 1975 voru 195 hettumáfar taldir í Svarfaðardal, en 1974 verptu þar um 400 pör.

Við Hörgárós voru um 900 hettumáfar 9. maí 1975 en hafði fækkað í 400 21. maí. Vorið 1974 verptu 300 pör á ósasvæði Hörgár.

Rita Rissa tridactyla

I byrjun apríl 1975 voru um 300 ritur á leirum Eyjafjarðarár. I apríl fjölgæði þeim og 19. apríl voru um 10.000 ritur á leirunum. 1. maí hafði þeim fækkað í um 1400. Ritan hélt sig á leirunum og pollinum fram í byrjun maí en hvarf þá að mestu.

I apríl gekk mikið af loðnu inn á pollinn og virtist ritan nýta sér þessa fæðuuppsprettu meðan hún gafst.

Við Hörgárós og Fnjóskárós var dálítið af ritu í apríl.

Kría Sterna paradisaea

Kríur sáust fyrst í óshólmum Eyjafjarðarár 5. maí 1975. Um 100 kríur voru að staðaldri í hólmunum. Vorið 1974 verptu um 600 pör í óshólmum Eyjafjarðarár.

I Svarfaðardal voru um 300 kríur í maí 1975, en vorið 1974 verptu þar um 300 pör.

Hörgárós var svipað magn af kríu bæði vorin, eða um 300 pör.

Hrafn Corvus corax

I byrjun apríl 1975 voru um 10 hrafnar í óshólmum Eyjafjarðarár. Síðari hluta apríl hafði þeim fjölgæð í 100 en fækkaði fljótlega aftur. Um 10 hrafnar voru að staðaldri í óshólmunum,

4. Alyktanir

Vorin 1974 og 1975 virtist vera lítill munur á fjölda fugla á ósasvæði Eyjafjarðarár, þrátt fyrir mikinn mun á tíðarfari. Umferðarfuglar voru á ferðinni á svipuðum tíma og fuglarnir héldu sig almennt á sömu stöðum á ósasvæðinu bæði vorin.

Vorið 1975 var mesta umferðin af stokkond, jaðrakan, stelk og sendling um ósasvæði Eyjafjarðarár dagana 18.-29. apríl. Ekki er ósennilegt að svo hafi einnig verið vorið 1974 en þá voru fuglar ekki taldir á þessu tímabili.

Ís og snjór í leirum og óshólmum Eyjafjarðarár fyrri hluta apríl 1975 kom lítið að sök fyrir fuglalífið. Hretið í apríllok skipti meira máli, þar sem fuglarnir voru farnir að hópast í ós Eyjafjarðarár. Leirur og óshólmur Eyjafjarðarár lagði í þessu hreti og urðu alger jarðbönn. Strax og fór að hlýna eftir hretið opnuðust vakir í mýrum sem endür og vaðfuglar gátu nýtt sér til fæðuöflunar. Þykk íshella lá yfir leirunum í 4-5 daga eftir að hretinu lauk.

Samkvæmt rannsóknum 1974 á smádýralífi í óshólmum Eyjafjarðarár voru stórir hlutar leirunnar lífvana eða líflitlir, einkum austan flugvallar. Mest var af smádýrum í leirunni að vestanverðu, norður af flugvelli og í krika milli flugvallar og lands. Þessum hluta leirunnar hefur þegar verið raskað með flugvallargerð og vegarlagningu. Magn smádýra í mýrum og óshólmum einkum í gulstararmýrum reyndist vera mun meira en á leirunum.

Sendlingur, lóupræll og tildra eru einu fuglarnir er viðvöl hafa í ós Eyjafjarðarár sem eingöngu leita sér ætis í fjörum. Þessir fuglar hafa skamma viðvöl í Eyjafirði og eru yfirleitt í litlu magni. Aðrir vaðfuglar, svo og gráendur, byggja að lægmestu leyti á ætisleit í mýrum og ferskvatnskerfum að vorinu.

Ofangreindar niðurstöður og samanburður við Svarfaðardal, sem er mjög hliðstætt svæði við óshólma Eyjafjarðarár, en vantar leiru, benda til þess að leiran hafi

lítill áhrif á þéttleika fuglastofna í 6shólmum Eyjafjarðarár og að tilvist leirunnar hafi tæplega afgerandi þýðingú fyrir fuglalíf á svæðinu.

Æskilegt virðist að í kjölfar væntanlegrar vegarlagningars fyrir botn Eyjafjarðar færur fram frekari rannsóknir á fuglalífi 6shólmanna, til þess að kanna hvaða áhrif vegarlagningin hafi á fuglalífið.

Tafla 1

Fjöldi fugla við ós Eyjafjarðar um fjarðar
4 apríl-júní 1975

Tegund / Dags.	2.4.	7.4.	15.4.	19.4.	23.4.	26.4.	28.4.	29.4.
Gráhegri	-	-	-	-	-	-	-	-
Álf	4	-	-	19	11	18	13	13
Grágæs	-	-	-	46	26	57	140	67
Helsingi	-	-	-	-	-	-	-	-
Stokkönd	36	89	176	150	80	119	172	145
Urtönd	-	-	-	8	40	80	30	48
Gangönd	-	-	-	1	1	1	1	1
Rauðhöfðaönd	-	-	-	43	70	184	202	52
Ljóshöfðaönd	-	1	-	-	-	-	-	-
Grafönd	-	-	-	-	-	-	-	-
Skeiðönd	-	-	-	-	3	7	8	6
Duggönd	-	-	-	-	-	-	-	-
Skúfönd	-	-	-	-	-	-	-	-
Háveilla	-	-	-	-	-	-	-	-
Æðarfugl	-	-	-	-	-	-	-	-
Æðarkóngur	-	-	-	-	-	-	-	-
Toppönd	22	110	-	500	130	160	31	40
Gulönd	-	-	-	1	13	-	30	-
Fálki	-	-	8	-	-	17	1	1
Smyrill	-	-	1	-	-	-	-	-
Tjaldur	-	-	10	-	-	-	-	-
Sandlóða	-	-	-	8	6	12	11	15
Heiðlóða	-	-	-	-	-	-	-	-
Tildra	-	-	-	-	6	200	30	30
Hrossagaukur	-	-	-	-	2	-	3	3
Spóli	-	-	-	-	100	-	70	-
Jáðrakan	-	-	-	-	-	-	-	-
Stelkur	-	-	-	-	-	-	-	-
Rauðbrystingur	-	-	-	-	-	-	-	-
Sendlingur	-	-	-	-	-	-	-	-
Lóupræll	-	-	-	-	-	-	-	-
Öðinshani	-	-	-	-	-	-	-	-
Kjófi	-	-	-	-	-	-	-	-
Stórmáfar	57*	30*	-	1000*	2000*	x	x	x
Hettumáfur	400*	400*	-	600*	1200*	x	x	x
Rita	-	44*	-	1700*	10000*	x	x	x
Kría	-	-	-	-	-	-	-	-
Hrafn	x	7*	x	-	60*	20*	x	x
Samtals	113	252	108	1032	1101	2123	1340	920

Fjöldi fugla við ós Eyjafjarðarár um fjöru
í ápríl - júní 1975

प्राचीन ग्रंथ

Tegund /	Dags.	30.4.	1.5.	3.5.	5.5.	10.5.	20.5.	26.5.	8.6.	Samtals
Gráhegri	-	4	5	8	11	12	43	7	19	187
Alft	-	36	96	75	71	44	78	40	94	870
Grágæs	-	-	-	-	10	68	82	-	-	10
Helsingi	-	110	108	54	22	26	66	65	66	1386
Stókkönd	-	60	68	32	-	-	24	26	20	484
Urtönd	-	1	76	80	-	74	94	-	1	1209
Gargönd	-	-	-	-	-	-	146	44	59	-
Rauðhöfðaönd	-	-	-	-	-	-	-	8	-	-
Ljós Höfðaönd	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Grafönd	-	84	7	8	-	6	-	-	-	-
Skeiðönd	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Duggönd	-	-	2	8	-	-	10	18	16	-
Skúfönd	-	34	36	30	15	44	36	11	1	39
Hávella	-	50	34	37	66	15	28	6	8	201
Æðarfugl	-	20	107	76	-	-	-	62	65	291
Æðarkóngur	-	-	-	-	10	5	-	-	-	1482
Toppönd	-	-	9	13	10	-	-	2	-	-
Guilönd	-	-	1	-	-	-	-	-	-	1
Fálki	-	-	1	-	-	-	-	-	-	102
Smyrill	-	-	12	9	6	8	7	6	-	-
Tjalldur	-	-	1	3	1	5	4	17	-	-
Sandlóða	-	94	99	68	-	1	10	-	-	-
Heiðlóða	-	-	-	-	68	-	7	-	-	-
Tildra	-	22	46	-	2	8	4	6	6	-
Hrossagaaukur	-	-	-	-	1	1	7	13	1	123
Spói	-	-	46	-	1	5	23	23	23	60
Jáðrakan	-	-	324	41	33	20	16	9	15	970
Stelkur	-	235	-	375	268	30	24	31	15	151
Rauðbrystingur	-	-	30	4	125	211	285	-	-	4537
Sendlinger	-	-	-	1	1	-	-	-	-	2
Lóupræll	-	-	-	-	-	75	152	20	116	623
Óðinshani	-	-	-	-	-	-	20	23	26	467
Kjói	-	-	-	-	-	4	4	4	3	69
Stórmáfar	x	x	x	x	x	x	x	x	x	18
Hettumáfur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Rita	-	-	-	-	-	-	-	-	-	x
Kría	-	-	3	-	-	-	-	-	-	x
Hrafn	x	1086	882	1019	956	936	889	956	694	14014

Fjöldi fugla við ós Eyjafjarðarár um f16ð
í apríl-júní 1975

Tafla 2

		8.4.	15.4.	19.4.	22.4.	24.4.	28.4.	1.5.	6.5.	10.5.	21.5.	26.5.	8.6.	Samtals
Tegund / Dags.		-	1	1	-	6	9	-	6	14	38	7	12	2
Gráhegri	2.4.	-	3	19	3	6	69	74	52	53	82	72	70	130
Alft	4	-	1	34	47	63	-	-	-	-	-	-	-	617
Grágæs		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Helsingi		-	-	-	130	190	134	80	73	72	73	38	76	1097
Stokkond		-	41	-	14	56	25	41	33	20	40	21	16	322
Urtönd		-	44	-	-	1	1	-	-	-	-	-	-	5
Gargönd		-	-	-	16	48	140	112	99	40	107	121	56	820
Rauðhöfðaönd		-	-	-	-	-	6	6	3	2	-	-	1	1
Ljóshöfðaönd		-	-	-	-	5	-	-	-	-	-	-	-	35
Grafönd		-	-	-	-	3	-	-	-	-	-	-	-	3
Skeiðönd		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	6
Duggönd		-	-	-	-	-	-	1	1	-	-	-	-	173
Skúfönd		-	-	-	-	-	2	11	18	31	39	37	16	211
Háveilla		-	-	-	-	4	20	2	12	59	15	68	4	3
Æðarfugl		-	-	-	-	60	300	250	600	75	80	85	107	90
Æðarkóngur		-	-	-	-	50	-	-	-	-	-	-	-	1923
Toppönd		-	-	-	-	8	20	26	18	8	8	5	3	1
Gullönd		-	-	-	-	2	-	-	3	2	-	-	-	106
Fálki		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	8
Smyrill		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Tjaldur		-	-	-	-	10	10	4	7	11	5	6	1	71
Sandþá		-	-	-	-	-	6	22	21	170	66	9	70	16
Heiðbla		-	-	-	-	2	-	-	-	-	-	-	-	390
Tildra		-	-	-	-	-	-	7	12	10	5	18	11	27
Hrossagaukur		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	101
Spói		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	27
Jaðrakan		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	243
Stelkur		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2908
Rauðbrýstingur		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	106
Sendlingur		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2
Lóupræll		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	672
Óðinshani		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	60
Kjóli		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	150
Stórmáfar		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	18
Hettumáfur		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	X
Rita		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	X
Krífa		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	X
Hrafn		-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	X
Samtals	128	101	130	725	1108	1734	2004	716	854	718	736	540	651	10145

Tafla 3

Ós Eyjafjarðarár, apríl-júní 1975

% af heildarfjölda fugla á talninga-

svæði

	Tegund/Svæði	1	2	3	4	12	13	14	15	16	18	19	20	21	22	23	Önnur svæði	Heildar fjöldi
Alft	1	1	-	-	1	-	-	-	-	-	-	1	1	2	19	74	-	317
Grággas	3	13	2	7	3	0	0	1	-	-	0	8	2	20	40	1	1487	
Stókkökond	2	5	2	2	13	5	8	5	1	6	4	10	3	13	12	9	2480	
Urtönd	2	5	2	2	21	6	1	6	-	0	2	17	5	26	5	-	803	
Rauðhöfðaönd	1	1	1	2	16	11	0	3	-	1	1	4	0	38	20	1	2005	
Skúffönd	5	-	-	-	0	6	14	16	-	42	-	-	-	13	2	2	350	
Toppönd	7	1	0	3	35	20	4	-	-	16	1	1	-	-	4	8	-	208
Tjaldur	1	-	-	6	2	2	39	-	7	31	-	-	-	-	2	9	1	194
Jaðrakan	0	2	1	0	2	-	14	0	4	30	1	2	2	36	6	0	830	
Stelkur	1	5	1	2	4	0	35	2	9	17	2	2	2	11	6	1	7445	
Sendlingur	-	0	-	-	-	26	-	30	72	-	-	-	-	-	-	2	1295	
Lóupræll	-	-	-	1	-	40	5	42	9	-	-	2	-	2	-	1	-	527
Samtals	23	33	9	24	99	50	181	38	63	224	12	45	18	182	183	17	17941	

Ath. 0 táknað minna en 0.5%

Fjöldi fugla í Svarfaðardal í apríl og maí 1975

Tegund/Dags.	16.4	21.4.	29.4.	2.5.	9.5.	20.5.	26.5.	Samtals
Flórgoði	-	-	-	1	9	5	5	20
Alft	-	6	35	35	13	20	28	137
Grágæs	27	64	89	74	83	86	87	510
Heiðagæs	-	-	-	1	12	-	-	13
Helsingi	-	2	-	-	169	88	-	259
Stokkönd	12	8	38	9	27	22	19	135
Urtönd	-	20	22	16	19	15	26	118
Rauðhöfðaönd	2	44	128	83	86	90	47	480
Grafönd	-	-	-	-	4	4	2	10
Skeiðönd	-	-	-	-	-	-	2	2
Duggönd	-	-	-	-	-	6	-	6
Skúfönd	-	-	-	-	18	27	44	89
Hávella	-	-	-	-	-	6	-	6
Toppönd	-	1	-	-	22	19	6	48
Gulönd	-	-	-	-	8	-	-	8
Smyrill	-	-	-	-	-	-	1	1
Tjaldur	-	-	-	-	2	-	1	3
Heiðlöa	-	-	-	5	200	27	46	278
Hrossagaukur	-	-	1	-	33	22	3	59
Spói	-	-	-	-	5	11	5	21
Jaðrakan	-	-	-	-	14	12	11	37
Stelkur	-	6	3	24	144	84	75	336
Lóupræll	-	-	-	-	-	-	1	1
Óðinshani	-	-	-	-	-	7	26	33
Hettumáfur	X	X	X	X	235*	X	X	X
Stormmáfur	X	X	X	X	X	17*	X	X
Kría	-	-	-	-	325*	X	X	X
Samtals	41	151	316	248	868	551	435	2610

- Viðkomandi tegund sást ekki

X Viðkomandi tegund ekki talin

* Ekki reiknað með í heildarfjölda

Fjöldi fugla í Hörgárós í apríl og maí 1975

Tegund/Dags.	21.4.	29.4.	2.5.	9.5.	21.5.	26.5.	Samtals
Álf	-	-	2	-	-	4	6
Grágæs	50	32	6	31	54	20	193
Helsingi	-	-	-	71	17	-	88
Stokkönd	16	-	-	-	2	1	19
Rauðhöfðaönd	40	-	40	7	6	5	98
Grafönd	6	-	-	-	-	-	6
Skeiðönd	-	-	-	-	2	-	2
Skúfönd	4	-	-	-	-	-	4
Hávella	18	-	-	-	-	-	18
Toppönd	11	-	-	2	4	-	17
Tjaldur	5	-	-	-	3	2	10
Sandlóa	-	-	-	-	1	5	6
Heiðlóa	24	-	-	-	10	14	48
Hrossagaukur	-	-	-	-	2	-	2
Spói	-	-	-	-	5	19	24
Jaðrakan	-	-	1	-	3	2	6
Stelkur	320	60	162	40	19	24	625
Sendlingur	50	-	-	1	-	-	51
Stórmáfar	30*	X	X	X	X	X	X
Hettumáfur	280*	X	X	900*	400*	X	X
Kría	-	-	-	600*	600*	X	X
Kjófi	-	-	-	1	-	-	1
Samtals	544	92	211	153	128	96	1224

- Viðkomandi tegund sást ekki

X Viðkomandi tegund ekki talin

* Ekki reiknað með í heildarfjölda.

Fjöldi fugla við Fnjóskárós í apríl og maí 1975

Tegund/Dags.	23.4.	6.5.	21.5.	Samtals
Grágæs	230	190	137	557
Heiðagæs	-	3	-	3
Helsingi	-	17	30	47
Stokkönd	31	6	7	44
Urtönd	-	1	6	7
Rauðhöfðaönd	18	18	24	60
Duggönd	-	-	10	10
Skúfönd	-	2	6	8
Hávella	-	-	2	2
Toppönd	13	-	-	13
Heiðlða	12	-	32	44
Hrossagaukur	5	9	11	25
Spói	-	-	11	11
Stelkur	23	11	40	74
Öðinshani	-	-	2	2
Samtals	332	257	318	907

viðkomandi tegund sást ekki

Viðbætir.

Athuganir Veðurstofu Íslands á veðurfari
á Akureyri í apríl og maí 1974 og 1975.

AKURFVRI

APRIL 1974

DAGS.	MFDALI - HITI	HAT- MARK	TRAC- MARK	HR- KOMMA	URKGMLI- TEGUND	SNJD- DYPT	SNJC- HULA	RAKA- DRYST.	MESTI VINDHR.	SOLSKIN KLST.
1	7.1	10.2	4.5	0.9	RIGNING	0/4	6.5	22	-	-
2	3.3	9.0	2.0	0.2	RIGNING	0/4	5.9	14	-	-
3	0.6	5.5	-	2.0	2.5 RIGNING	0/4	4.6	20	-	-
4	10.5	13.3	-	2.2	C.1 SJOKOMA	0/4	8.5	25	-	-
5	7.6	14.0	0.8	0.1	RIGNING	0/4	7.6	20	-	-
6	10.7	14.8	9.2	-	-	0/4	8.3	23	-	-
7	1.2	13.4	-	1.5	-	0/4	5.7	16	-	-
8	-	3.4	-	4.6	7.7 SILYDDA	4/4	4.5	10	-	-
9	-	0.6	-	3.6	8.0 SNJOKOMA	4/4	5.4	8	-	-
10	0.3	3.2	-	3.1	-	4/4	5.3	10	-	-
11	1.6	3.0	0.5	-	-	4/4	6.3	12	-	-
12	2.6	7.0	0.5	-	-	4/4	6.5	18	-	-
13	7.1	12.0	2.1	-	-	0/4	6.8	35	-	-
14	9.8	12.6	6.6	0.0	-	0/4	8.0	20	-	-
15	9.6	12.5	7.8	-	-	0/4	7.1	20	-	-
16	9.3	12.3	6.0	-	-	0/4	7.7	16	-	-
17	9.0	12.8	4.5	-	-	0/4	7.5	17	-	-
18	9.5	12.0	7.2	-	-	0/4	7.2	24	-	-
19	9.8	13.6	7.0	-	-	0/4	7.3	24	-	-
20	10.0	12.1	6.4	-	-	0/4	7.2	23	-	-
21	8.6	10.7	6.8	-	-	0/4	6.3	16	-	-
22	8.1	12.5	3.8	-	-	0/4	7.1	15	-	-
23	10.1	14.0	6.2	-	-	0/4	7.3	28	-	-
24	11.9	17.2	9.4	-	-	0/4	8.7	25	-	-
25	10.2	14.0	8.2	-	-	0/4	8.8	29	-	-
26	8.8	13.0	5.0	-	-	0/4	7.1	27	-	-
27	8.8	11.5	5.0	-	-	0/4	7.9	22	-	-
28	6.3	13.5	3.4	-	-	0/4	7.0	19	-	-
29	6.1	10.0	0.0	-	-	0/4	6.6	17	-	-
30	3.6	11.7	6.0	-	-	0/4	7.2	20	-	-
	6.8	10.7	3.4	1.5			6.9	0.0		
	240	30	3.0				240			

Stål = 16% vand
Tegn = 16% vand

VIK HITA FRÄ MFDALLAGI FR 5.1 GRÄTUR.
 VIK URKGMLI FRÄ MFDALLAGT FR -12.5 MM.
 URGKOMA FRÄ 6.1 PROSENT AF MFDALLAGT.
 SØVEREDE MÅDELEDE TEGNINGER ER MÅDELIGE.
 MFDALDÅKASTIG MÅDA PARINS FR 69.8 PROSENT.
 CLIMAT 04063 0110 0144 0068 06902 00202

AKUREYRI

MAI 1974

DAGS.	MEDAL- HITT	HAN- MARK	LAG- MARK	UR- KOMMUN-	SHJO- ØYPT	SNU- HILA	RAKA- PRYST.	MESTI	SOLSKIN
1	7.9	11.3	7.4	-	0/4	7.1	24	-	-
2	7.8	12.0	4.3	-	0/4	6.4	17	-	-
3	6.9	12.0	1.7	-	0/4	6.3	12	-	-
4	5.6	12.2	0.0	-	0/4	7.0	14	-	-
5	4.6	7.5	4.0	-	0/4	7.3	16	-	-
6	4.0	6.8	2.2	-	0/4	6.6	17	-	-
7	3.3	6.0	1.5	-	0/4	5.3	22	-	-
8	3.6	6.3	1.2	-	0/4	6.1	17	-	-
9	2.8	5.2	1.6	1.6 SLYDDA	0/4	6.2	18	-	-
10	3.5	5.0	0.8	5.2 SLYDDA	0/4	6.8	24	-	-
11	6.8	9.0	3.5	0.4 RIGNING	0/4	6.3	11	-	-
12	9.7	13.0	6.6	1.4 RIGNING	0/4	8.7	30 <i>16 m/s</i>	-	-
13	9.7	17.5	4.8	-	0/4	8.7	14	-	-
14	10.5	17.0	6.8	-	0/4	9.2	14	-	-
15	5.1	12.3	2.8	-	0/4	8.5	13	-	-
16	9.6	14.5	5.3	1.9 RIGNING	0/4	9.7	22	-	-
17	11.3	14.9	8.0	0.6 RIGNING	0/4	8.8	19	-	-
18	11.9	15.2	8.5	-	0/4	9.1	20	-	-
19	10.7	14.6	9.2	0.7 RIGNING	0/4	9.0	14	-	-
20	10.5	14.2	5.4	-	0/4	8.1	21	-	-
21	9.2	14.0	6.4	-	0/4	8.4	15	-	-
22	5.5	11.8	4.5	0.2 RIGNING	0/4	8.3	12	-	-
23	6.0	8.0	3.5	1.5 RIGNING	0/4	7.9	13	-	-
24	12.8	16.8	4.0	6.0 RIGNING	0/4	8.3	22	-	-
25	10.7	16.4	9.0	-	0/4	7.6	25	-	-
26	4.4	13.4	2.2	-	0/4	6.5	19	-	-
27	2.5	5.5	1.6	0.8 SLYDDA	0/4	5.0	20	-	-
28	3.0	6.6	3.2	-	0/4	5.2	18	-	-
29	5.1	9.0	0.2	-	0/4	5.8	15	-	-
30	9.7	13.7	3.0	-	0/4	6.8	17	-	-
31	12.4	15.4	9.1	-	0/4	8.4	24	-	-
	7.3	11.5	3.9	14.3		7.4		0.0	
	248A	31	31			248			

VIK HITA FRA MEDALLAGI ER 1.0 GRADUR.

VIK URKOMU FRA MEDALLAGI ER - 0.7 MM.

URKOMAN ER 95 PROSENT AF MEDALLAGI.

SKJELVÆR KISTE MEDALLAGI.

MEDALRÅSTIG, NANARINS ER 72.4 PROSENT.

CLIMAT 04063 6098 0132 0073 07405 00144

AKUREYRI

APRIL 1975

DAGS.	MEDAL-HITI	HÅ-MARK	LAG-MARK	UR-KEMU-KOMA	UR-KEMU-TEGUND	SNJØ-DYPT	SNJØ-HULA	RAKA-BRYST.	MESTI-VINDHR.	SOLSKIN-KLST.
1	0.6	1.8	-	0.9	0.0	-	2/4	5.9	8	-
2	2.1	4.5	-	0.2	0.0	-	2/4	6.9	8	-
3	8.7	11.5	1.6	0.6	0.0	-	2/4	8.7	17	-
4	5.6	10.5	2.8	-	-	-	2/4	7.7	12	-
5	4.4	10.0	2.0	-	-	-	2/4	6.8	18	-
6	-	1.6	2.5	-	2.9	1.0 SLYDE	2/4	4.8	28	-
7	-	6.7	-	2.6	-	0.1 SNJOKOMA	3/4	2.8	26	-
8	-	6.3	-	4.6	-	0.1 SNJOKOMA	3/4	3.1	22	-
9	-	7.3	-	3.3	-	-	3/4	3.1	10	-
10	-	6.3	-	3.5	-	4.2 SNJOKOMA	10	4.4	20	-
11	-	10.0	-	5.4	-	0.0 SNJOKOMA	13	4/4	12	-
12	-	10.2	-	6.5	-	0.2 SNJOKOMA	8	4/4	13	-
13	-	6.1	-	1.6	-	-	3/4	3.6	7	-
14	-	0.0	-	3.5	-	0.3 SNJOKOMA	3	4/4	5.9	5
15	-	1.9	-	5.7	0.0	0.7 SNJOKOMA	1/4	6.4	6	-
16	-	3.4	-	7.5	-	-	2/4	6.1	7	-
17	-	4.4	-	7.3	1.0	-	1/4	6.7	16	-
18	-	3.5	-	8.3	-	0.0	1/4	6.8	8	-
19	-	3.4	-	11.5	-	2.3	1/4	6.3	11	-
20	-	2.0	-	6.5	-	2.5	1/4	6.8	17	-
21	-	3.3	-	6.6	-	1.0	-	7.8	17	-
22	-	8.0	-	11.0	-	2.6	1/4	7.4	28	-
23	-	6.3	-	9.2	-	4.7	0/4	7.0	26	-
24	-	8.9	-	13.6	4.5	1.3 RIGNING	0/4	5.3	32	-
25	-	6.0	-	14.4	5.0	0.1 ØPEKKET	0/4	6.6	25	-
26	-	2.9	-	6.7	2.0	0.0 SNJOKOMA	2/4	5.0	16	-
27	-	0.1	-	3.5	-	0.3 SNJOKOMA	4/4	3.4	26	-
28	-	5.6	-	5.6	-	0.5 SNJOKOMA	4	3.0	30	-
29	-	7.3	-	6.1	-	0.1 SNJOKOMA	2/4	6.1	40	-
30	-	1.3	-	3.1	-	5.7 SLYDE	3/4	0.0	-	-
	0.3	4.2	-	2.8	14.6		5.5			
	24.0	30	3.6				23.9			

VIK HITA FRA MEDALLACI FR -1.4 GRADUR.

VIK URKOMU FRA MEDALLACI ER -17.4 MM.

URKOMA ER 46 PROSENT AF MEDALLACI.

SØTSKIN 104.7 KEST MANADARIKS FR. BR.1 PROSENT.

MEDALLRAKASTIG MANADARIKS FR. BR.1 PROSENT.

CLIMAT 04975 04063 0103 0138 0003 05504 00151 00000

AKUREYRI

MAI 1975

DAGS.	MEDAL- HITI	HA- MARK	LAG- MARK	UR- KOMA	URKOMU- TEGUND	SNJD- DVT	SNJD- HULA	RAKA- PRYST.	MESTI	SOLSKIN
1	- 0.8	2.4	0.0	4.6	SLYDDA	-	4/4	6.3	18	-
2	- 0.1	1.5	- 1.3	1.0	SIYDDA	1/4	6.0	13	-	-
3	7.6	14.6	- 3.0	-	-	0/4	9.3	25	-	-
4	12.3	15.0	9.9	0.0	-	0/4	11.6	22	-	-
5	9.7	13.6	7.6	0.0	-	0/4	8.7	38	-	-
6	8.2	10.6	4.9	0.0	-	0/4	8.6	34	-	-
7	7.4	11.0	5.0	-	-	0/4	8.2	18	-	-
8	5.1	8.6	3.6	0.0	-	0/4	7.2	13	-	-
9	2.3	6.5	0.5	1.9 RIGNING	-	0/4	6.4	38	-	-
10	- 3.2	1.8	- 4.0	0.2 SNJOKOMA	1/4	4.5	40	-	-	-
11	- 3.6	- 2.4	- 5.2	0.1 SNJOKOMA	1/4	4.3	19	-	-	-
12	- 2.5	4.0	- 6.6	0.0	-	0/4	3.8	10	-	-
13	1.7	4.7	- 2.9	-	-	0/4	5.0	13	-	-
14	6.8	9.4	2.4	-	-	0/4	6.7	15	-	-
15	9.4	12.5	5.7	0.0	-	0/4	7.2	24	-	-
16	8.1	11.5	5.5	-	-	0/4	7.2	24	-	-
17	5.4	9.6	3.0	-	-	0/4	6.9	13	-	-
18	3.5	7.0	1.8	0.0	-	0/4	7.0	16	-	-
19	3.1	5.5	1.7	-	-	0/4	6.4	16	-	-
20	4.6	8.4	1.0	-	-	0/4	6.8	12	-	-
21	6.4	11.2	0.5	-	-	0/4	7.2	14	-	-
22	8.7	21.6	0.9	-	-	0/4	7.7	15	-	-
23	9.3	13.8	3.0	-	-	0/4	9.0	15	-	-
24	13.7	19.0	11.0	-	-	0/4	9.5	16	-	-
25	16.0	21.0	10.0	-	-	0/4	8.5	18	-	-
26	13.5	19.5	7.6	-	-	0/4	9.3	19	-	-
27	11.9	16.5	7.6	-	-	0/4	9.5	15	-	-
28	7.2	15.5	4.0	-	-	0/4	9.0	20	-	-
29	8.0	14.5	5.4	-	-	0/4	8.8	19	-	-
30	5.8	10.5	2.5	0.0	-	0/4	7.4	18	-	-
31	5.4	9.3	1.4	-	-	0/4	7.3	22	-	-
	6.2	10.6	2.7	7.8			7.5	0.0		
	248A	31	31				248	257.4		

VIK HITA FRA MEDALLAGI ER -0.1 GRADUR.
 VIK URKOMU FRA MEDALLAGIER - 7.2 MM.
 URKOMAN FR 52 PROSENT AF MEDALLAGI.
 SÖTSKIN 171.5-KLST-MINNA EN MEDALLAG.
 MEDALRAKASTIG MANADARINS ER 79.1 PROSENT.
 CLIMAT 05975 04063 0169 0203 0062 07503 00081 00000